

Rannsóknarrit nr. 5:

Áfangaskýrsla II

Stöðulýsing í árslok 2007



Maí 2008

Ritstjóri
Hjalti Jóhannesson



BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN
ÍSLANDS



Þróunarfélag Austurlands



Byggðastofnun



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hjalti Jóhannesson (ritstjóri)

Auður Magnús Leiknisdóttir

Enok Jóhannsson

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Kjartan Ólafsson

Tryggvi Hallgrímsson

Valtýr Sigurbjarnarson

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi

Áfangaskýrsla II – Stöðulýsing í árslok 2007

Eftirtaldir aðilar standa að verkefninu:

Byggðarannsóknastofnun Íslands

Þróunarfélag Austurlands

Byggðastofnun

Iðnaðarráðuneytið

Áfangaskýrsla II – Stöðulýsing í árslok 2007

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 5

Allur réttur áskilinn ©2008

Byggðarannsóknastofnun Íslands
Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri,
Sími 460-8900, Fax 460-8919
Netfang: rha@unak.is
Veffang: <http://www.rha.is>

Áður hafa komið út:

1. Jón Þorvaldur Heiðarsson (2005). *Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008*. Akureyri: BRSÍ
2. Kjartan Ólafsson (2005). *Könnun meðal fólks á Austur- og Norðausturlandi haustið 2004*. Akureyri: BRSÍ
3. Kjartan Ólafsson (ritstjóri), Enok Jóhannsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Valtýr Sigurbjarnarson (2006). *Áfangaskýrsla II – Stöðulýsing og upphaf framkvæmda á Austurlandi*. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun Íslands, Próunarfélag Austurlands, Byggðastofnun og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.
4. Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason (2007). *Úrtakskönnun meðal almennings vorið 2007*. Akureyri: BRSÍ

EFNISYFIRLIT:

-	ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR	3
-	FORMÁLI.....	11
1.	INNGANGUR	13
3.	UM RANNSÓKNINA OG MÖRK HENNAR	19
4.	GÖGN OG AÐFERÐIR.....	27
5.	ÍBÚAFJÖLDI.....	33
6.	EFNAHAGUR.....	61
7.	VINNUMARKAÐUR	71
8.	HLUTARANNSÓKN Á MISMUNANDI ÁHRIFUM FRAMKVÆMDANNA Á KYNIN	107
9.	HÚSNÆÐISMARKAÐUR	119
10.	OPINBER GRUNNGERÐ	131
11.	SVEITARFÉLÖG.....	139
12.	ÞJÓNUSTA	147
13.	SAMFÉLAG OG LÍFSSTÍLL	161
14.	ATVINNUHÁTTABREYTINGAR.....	179
15.	NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA	185
	HEIMILDIR	187
	VIÐAUKI 1	195

ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Við upphaf framkvæmdanna var íbúasamsetning á áhrifasvæðinu, sem nær frá Þingeyjarsveit í norðri til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, keimlók því sem sjá má annarsstaðar á landsbyggðinni. Karlar voru heldur fleiri en konur, ungt fullorðið fólk og yngstu börnin voru hlutfallslega færri en á landinu í heild. Íbúafjöldinn fór 1. desember 2006 eftir mikinn aðflutning erlends vinnuafls upp í tæplega 20.500 manns en síðan fækkaði aftur og voru tæplega 18.900 manns búsettir á svæðinu 1. desember 2007. Fjölgun þessi átti sér stað á miðsvæðinu en á suðursvæði fækkaði hins vegar um 10% á tímabilinu 2002-2007 og um 8% á norðursvæðinu. Einnig er mikill munur á þróun einstakra þéttbýlisstaða. Egilsstaðir-Fellabær vaxa samfelt á tímabilinu eða um hátt í 700 manns sem er 34% fjölgun. Reyðarfjörður vex einnig mikið en í allt öðrum takti þar sem gríðarleg fjölgun tengdist starfsmannaþorpinu. Íbúar Reyðarfjarðar voru 623 árið 2002 en 2.250 1. desember 2006 sem er fjölgun um 260% en um 1.300 íbúar voru búsettir í starfsmannaþorpinu um mitt ár 2006. Það var síðan yfirgefið fyrir júl 2007. Tölur um búferlaflutninga sýna að það er fyrst og fremst á miðsvæðinu sem breytingar verða. Búferlaflutningar erlendra verkamanna til og frá miðsvæðinu yfirskyggja aðra strauma. Hefðbundnir búferlaflutningar frá norður- og suðursvæðinu halda hins vegar áfram. Greining á búferlaflutningum innanlands leiðir í ljós að Austurland sem heild var að tapa fólki með búferlaflutningum innanlands öll ár nema 2003. Hjá sveitarfélögum á suður- og norðursvæðum innan gamla Austurlandskjördæmis yfirskyggja hefðbundnir búferlaflutningar til annarra landshluta búferlaflutninga innan landshluta. Því má álykta sem svo að aðdráttarafli vegna framkvæmdanna á miðsvæðinu nái ekki að yfirstíga aðdráttarafli suðvesturhornsins. Umfang búferlaflutninga milli landa er eitt þeirra atriða sem mest komu á óvart í framkvæmdunum. Frá 1. desember 2002 til mars 2007 voru aðfluttir frá útlöndum umfram brottflutta orðnir rúmlega 4.100 samtals, þar af um 3.900 á miðsvæðinu. En eftir það verða brottfluttir milli landa fleiri en aðfluttir. Í árslok 2006 voru um 4.150 erlendir ríkisborgarar búsettir á áhrifasvæðinu, flestir á miðsvæði eða rúmlega 3.800 sem jafngildir um þriðjungi mannfjöldans á því svæði. Lægra hlutfall erlendra ríkisborgara var þá á norður- og

suðursvæðum en á landinu í heild. Þjóðerni þeirra sem þátt tóku í framkvæmdunum virðist mjög hafa ráðist af því hverjir urðu megin verktakarnir við framkvæmdirnar. Rútuslys sem starfsmenn á framkvæmdasvæði Kárahnjúka-virkjunar lentu í sumarið 2007 og fleiri atvik leiddu til mikillar opinberrar umræðu um utanumhald um erlenda borgara hér á landi, aðbúnað erlendra verkamanna og fleira. Margt benti til að samfélagið væri ekki fyllilega undirbúið til að taka á móti þessum mikla fjölda. Sá mikli aðflutningur erlendra verkamanna sem átti sér stað leiddi til ákaflega sérkennilegrar samsetningar mannfjöldans á miðsvæðinu. Í árslok 2006 voru karlar 64% mannfjöldans, flestir á virkasta vinnualdrinum 25-59 ára. Fæðingum fjölgaði mjög á miðsvæðinu árið 2006 en 2007 dró aftur úr og voru fæðingar þá álíka margar og 2004 og 2005.

- Atvinnuleysi á Austurlandi hefur þróast á svipaðan hátt og á landinu öllu og ber vitni um mikla eftirspurn eftir vinnuaflí. Atvinnuleysið var allt tímabilið 2002-2007 minna á Austurlandi en á landinu öllu. Þannig var atvinnuleysi meðal karla á Austurlandi fyrstu 11 mánuðina 2007 innan við þriðjungur atvinnuleysis karla á landinu öllu. Fjölgun fólks á aldrinum 16-74 ára er bundin við miðsvæðið en fólki á þessum aldri fækkar á norður- og suðursvæði. Könnun meðal íbúa vorið 2007 bendir til þess að íbúar á miðsvæði séu ánægðir með fjölbreytni starfa, hefur ánægjan aukist frá könnun 2004. Í samanburði á landsvísi er ánægja með þennan þátt næstmest á miðsvæðinu, næst á eftir áhrifasvæði Reykjavíkur. Ekki kemur á óvart að þátttaka í framkvæmdunum er langmest meðal íbúa á miðsvæðinu skv. könnun vorið 2007. Sama gildir um önnur tengsl við framkvæmdirnar, s.s. gegnum fjölskyldutengsl svarenda og fyrirtæki sem viðkomandi vinna hjá. Þátttaka svarenda á norðursvæði í framkvæmdunum var talsvert meiri en á suðursvæði þar sem hún var almennt lítil, jafnvel minni en í landshlutum sem fjær liggja. Samkvæmt könnun vorið 2007 voru hlutfallslega fleiri í fullu starfi á miðsvæðinu sem launþegar en á flestum öðrum landsvæðum. Nokkur breyting hefur orðið á menntunarstigi á áhrifasvæðinu milli kannana 2004 og 2007. Einkum má merkja fjölgun þeirra sem hafa fyrstu háskólagráðu og fækkun meðal þeirra sem hafa aðeins grunnnám. Hafa ber þó í huga að á sama tíma er menntunarstig þjóðarinnar sem heildar að hækka ört. Samkvæmt könnun vorið 2007 var áhugi á að sækja um vinnu við álverið langmestur á miðsvæðinu en næstmesti áhuginn var á suðursvæði. Um áramótin 2007-2008 var verið að ráða í flest þeirra um 400 starfa við álver Alcoa Fjarðaáls og voru konur um 28% starfsmanna í upphafi árs 2008 sem er það hæsta sem um

getur í álverum Alcoa. 54% starfsmanna voru af Austurlandi af þeim voru flestir búsettir í Fjarðabyggð (um 70%) en afgangurinn að mestu leyti á Egilsstöðum. Launagreiðslur fyrir þriggja mánaða tímabil júlí-september 2007 voru orðnar að meðaltali um 176 milljónir kr. á mánuði. Í tengslum við rannsókn þessa fór fram hlutarannsókn meðal starfsmanna í vinnubúðum. Fram kom að meiri hluti erlendra starfsmanna hafði unnið við samskonar framkvæmdir áður en minni hluti þeirra íslensku. Athygli vekur að pólskir starfsmenn sýna því minnstan áhuga að vinna og búa á Íslandi í framtíðinni. Mestan áhuga á því að vinna og búa á Íslandi hafa Portúgalar. Flestir starfsmenn sem vinna við stóriðjuframkvæmdirnar eru á aldursbilinu 30-39 ára og 40-49 ára. Aðspurðir að því hvort góður andi ríki á vinnustaðnum kom í ljós að ekki var mikill munur á milli virkjunarframkvæmdanna og álversbyggingarinnar. Þegar erlendir starfsmenn eru spurðir að því hvort það að vinna með Íslendingum hafi verðið þeim jákvæð reynsla kemur í ljós nokkuð eindregið samþykki þess.

- Samkvæmt könnunum sem gerðar voru á framkvæmdatímanum 2004 og 2007 fjölgaði þeim mjög á miðsvæðinu sem eru ánægðir með atvinnutekjur sínar. Litlar breytingar verða hins vegar á norður- og suðursvæðum milli þessara kannana. Þegar spurt var um ánægju með atvinnutekjur vorið 2007 kom fram að þeir sem eru mjög eða frekar ánægðir voru fleiri á miðsvæðinu en í höfuðborginni og áhrifasvæði hennar. Þá kemur einnig fram að á norðursvæðinu mælist minnsta ánægja með atvinnutekjur af öllum landsvæðum. Þetta bendir til þess að fólk á norðursvæðinu upplifi sig búa á lágtekjusvæði. Svipaðar niðurstöður koma fram hvað varðar efnahag fjölskyldunnar en þar er athyglisvert að svarendur á suðursvæði meta hann lakari 2007 en þeir gerðu 2004. Aðspurðir um trú á því hvort svarendur telji að stóriðjuframkvæmdirnar hafi bætt fjárhagslega afkomu sína voru rúm 50% á miðsvæði mjög eða frekar sammála þessu samanborið við 20% á norðursvæði og 12% á suðursvæði. Trú á bættri fjárhagslegri afkomu í tengslum við rekstur álversins er enn takmarkaðri við miðsvæðið. Vísbindingar eru um að gjaldþrotum fyrirtækja hafi farið fjölgandi á tímabilinu en sveiflur eru þó talsverðar milli ára þannig að erfitt er að ráða í þróunina.
- Aðkoma kvenna að framkvæmdunum er á flestan hátt minni en karla og væntingar þeirra um samfélagsleg áhrif sömuleiðis. Þessi viðhorf endurspeglast í niðurstöðum úr ýmsum spurningum kannana í verkefninu sem greindar voru eftir kynferði. Þannig reyndist ánægja með atvinnutekjur vera mun minni meðal karla en kvenna,

gildir það sama um Austurland og landið allt. Hlutfallslega færri konur en karlar töldu líklegt þær myndu sækja um vinnu í álverinu. Þátttaka kvenna hefur enn fremur verið minni í framkvæmdunum og í tengslum við þær heldur en þátttaka karla og gildir svipað um konur á áhrifasvæðinu og utan þess. Trú á bætta fjárhagslega afkomu vegna framkvæmdanna er minni meðal kvenna en karla. Það sem mest hefur verið deilt um vegna framkvæmdanna eru umhverfisáhrif, svör við opinni spurningu um hvað sé helst neikvætt við framkvæmdirnar benda til þess að konur nefni umhverfisþáttinn mun frekar en karlar. Þetta á einkum við um konur utan áhrifasvæðisins.

- Mikið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi á síðustu árum. Frá 2002 til 2007 stækkaði íbúðarhúsnæði um 114.000 m² á svæðinu en RHA taldi að íbúðarhúsnæði þyrfti að stækka um 75.000 m² til 2008 og var þá gert ráð fyrir heldur meiri mannfjölgun en orðið hefur á Mið-Austurlandi. Raunverð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi hefur heldur gefið eftir á síðustu mánuðum eða eftir áramótin 2006/2007. Á sama tíma hélt raunverð íbúðarhúsnæðis áfram að hækka í Reykjavík. Í könnun vorið 2007 höfðu íbúar Mið-Austurlands minni væntingar um hækkun húsnæðisverðs en aðrir landsmenn. Líklegt er því að eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hafi verið svarað að mestu þegar árið 2007. Það er því ekki líklegt að byrjað verði að byggja mörg íbúðarhús á Mið-Austurlandi á næstu árum. Verð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi virðist vera að fara í þann farveg að vera svipað eða heldur lægra en á Akureyri. Ekki hefur verið byggt áberandi mikið af atvinnuhúsnæði á Mið-Austurlandi nema eitt ár, árið 2006. Ýmislegt bendir til að enn eigi eftir að svara eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði, það eigi eftir að byggja töluvert af slíku húsnæði á næstu árum. Mikil eftirspurn hefur verið eftir leiguhúsnæði á Mið-Austurlandi en oft á tíðum minni áhugi á því að kaupa. Ekki er annað að sjá en rekja megi þær miklu breytingar í húsnæðismagni sem orðið hafa á Mið-Austurlandi beint til tilkomu álversins. Orsakir verðhækkana á íbúðarhúsnæði eru ekki eins augljósar. Líklegt er að húsnæðisverð hefði hækkað hvort sem er þó ekkert álver hefði komið til þar sem húsnæðisverð hækkaði á öllu landinu. Spurningin er einungis hversu mikil sú hækkun hefði orðið og má fullyrða að hún hefði ekki orðið jafn mikil og raun ber vitni í Fjarðabyggð án tilkomu álversins.
- Ný grunngerð sem sett er upp í tengslum við framkvæmdirnar nýtist samfélaginu að öðru leyti misvel. Ný hafnarmannvirki ásamt reglubundnum inn- og útflutningi

frá svæðinu er meðal þess mikilvægasta sem við bætist. Mörg störf skapast við þessa flutningastarfsemi. Annað sem greinilega hefur fengið meira vægi vegna framkvæmdanna er vegagerð. Fáskrúðsfjarðargöng hafa stækkað atvinnusvæði álvers og afleiddra starfa og eru afar mikilvæg fyrir byggðina, sérstaklega á mið- og suðursvæðinu. Þá hafa verið gerðir nýir vegir á virkjanasvæðinu sem munu m.a. nýtast ferðaþjónustunni. Endurbættur vegur um Hólmaháls bætir umferð innan Fjarðabyggðar mjög mikið og senn hyllir undir ný jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Flugumferð jókst mjög mikið á framkvæmdatíma álvers og virkjunar en framkvæmdir við flugstöðina á Egilsstöðum komu of seint til að þær nýttust meðan mesta umferðin var um völlinn. Almenningsamgöngum hefur verið komið á í Fjarðabyggð og á Héraði. Í Fjarðabyggð er um áhrif af álverinu að ræða þar sem ferðir eru í tengslum við vinnustaðaferðir í álverinu. Símafyrirtækin beindu sjónum sínum í auknum mæli að svæðinu um uppbyggingu sinna fjarskiptakerfa s.s. farsímakerfisins á hálendinu kringum virkjunina og nýtist það jafnt almenningi og ferðaþjónustu á svæðinu.

- Þau miklu umsvif sem hafa átt sér stað á svæðinu hafa skilað miklum tekjum til sveitarfélaganna. Aukning í útsvari var á árunum 2001-2006 hlutfallslega mest á landinu í þremur sveitarfélögum á miðsvæðinu, þ.e. Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi. Aðeins í þessum sömu sveitarfélögum á áhrifasvæðinu jukust heildartekjur yfir landsmeðaltali. Þannig eru mestu áhrifin að þessu leyti aðeins bundin við hluta miðsvæðisins. Framkvæmdirnar virðast litlu sem engu breyta um afkomu flestra sveitarfélaga á áhrifasvæðinu, jafnvel sveitarfélaga sem þó voru skilgreind sem hluti af miðsvæðinu eins og Seyðisfjarðarkaupstaður og Borgarfjarðarhreppur. Miklar fjárfestingar hafa farið fram á vegum tveggja stærstu sveitarfélaganna, Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs. Skilin á milli framkvæmda- og rekstrartíma verða afar hagstæð í tilviki Fjarðabyggðar þar sem varanlegu störf in í álverinu verða til þar auk verulegs hluta annarra afleiddra starfa. Meiri óvissa er um skiptin úr framkvæmdatíma yfir í rekstrartíma á Fljótsdalshéraði. Ljóst er þó að á Egilsstöðum-Fellabæ mun byggjast upp mikil þjónusta í tengslum við rekstur álversins, auknar ráðstöfunartekjur almennings og þá íbúaaukningu sem verður á miðsvæðinu. Mikið álag hefur verið á ýmsa þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélaganna á framkvæmdatíma. Má þar sérstaklega benda á skipulags- og byggingarmál vegna sprengingar á byggingarmarkaði með tilheyrandi þörf fyrir skipulagningu íbúðar- og atvinnusvæða auk byggingareftirlits. Fjölgun hefur orðið í

nánast öllum tegundum framkvæmda. Það eina sem virðist dragast saman eru leyfi til þess að rífa hús og önnur mannvirki. Þetta leiddi af sér gífurlegt álag á starfsfólk vegna framkvæmda á þenslutímanum, ekki síst í Fjarðabyggð og erfitt að manna stjórnsýsluna.

- Á sumum sviðum er og hefur verið unnið mikið að því að bæta þjónustu s.s. á sviði skólamála. Svo virðist sem uppbygging flestra þjónustupátta taki mið af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað á svæðinu, þ.e. auknum mannfjölda og efnahagslegum umsvifum. Þjónusta sem miðar að aðlögun aðfluttra íbúa er meðal nýs þjónustuframboðs á miðsvæðinu. Þegar spurt var um ýmsa búsetuþætti í könnun í þessari rannsókn vorið 2007 kom fram að afar misjafnt er milli einstakra þjónustupátta hver staða þeirra er og ánægja með þróun mála. Áberandi var óánægja með framboð á heilbrigðisþjónustu, aðgengi að háskólamenntun og félagslíf fékk lága einkunn. Þessi viðhorf eiga sér mismunandi skýringar en e.t.v. eiga þau það sammerkt að íbúar hafa gert sér væntingar um meiri breytingar á samfélaginu en raun ber vitni, sérstaklega hvað varðar heilbrigðisþjónustuna þar sem aukinn tímabundinn íbúafjöldi á framkvæmdatíma jók þrýsting á heilbrigðiskerfið. Krafa um aðgengi að háskólamenntun er líklega mjög almenn í samfélaginu. Ánægja reyndist vera með aðgengi að almennri verslun og þjónustu á miðsvæðinu en umsvifin aukast í takt við íbúafjölgun og aukin efnahagsumsvif. Lítil ánægja var hins vegar með þennan þátt á suðursvæði þar sem illa gekk í smásöluverslun á þeim tíma sem könnunin var gerð.
- Af viðtölum við fólk á miðsvæði Austurlands má glögglega ráða hversu mikil áhrif framkvæmdirnar hafa haft á allt mannlíf á þeim svæðum sem næst eru framkvæmdunum. Mikilvægt leiðarstef í ummælum nær allra viðmælenda er sú tilfinning að framkvæmdirnar hafi markað nýtt upphaf fyrir samfélagið. Íbúarnir hafi öðlast trú á eigin framtíð á Austurlandi og kjark til að búa áfram á svæðinu. Þess ber þó að gæta að þessi áhrif eru að mestu bundin við Hérað og Fjarðabyggð. Jafnvel á Stöðvarfirði finnst fólki sem það sé utan þess svæðis þar sem allt er að gerast ef svo má segja. Trúin á bætta afkomu og bjartari framtíð kom fram með sýnilegum hætti nánast um leið og ljóst var að verkefnið var að hefjast. Það komst hreyfing á samfélagið í orðsins fyllstu merkingu. Einhverjir fóru til útlanda, aðrir byggðu sér sólpall eða skjólvegg og enn aðrir hófu (að því er ýmsum fannst) tímabærar endurbætur á húsum sínum. Almennt á hið sama við hvað þetta varðar bæði á Héraði og í Fjarðabyggð að fólk á báðum stöðum ræðir um þá öldu

bjartsýni sem fór um samfélagið við upphaf framkvæmdanna og glæddi þá trú að samfélag á Austurlandi ætti framtíð fyrir sér. Þessi áhrif hafa hins vegar ekki sama tilfinningalega vægi ef svo má segja á þessum tveimur meginsvæðum. Þannig skiptir máli að á Héraði hefur verið hægfara fólksfjölgun síðustu áratugi og tilfinningin sem fylgdi upphafi framkvæmdanna því ekki eins sterk um að vörn hafi verið snúid í sókn eins og greina má hjá íbúum í Fjarðabyggð. Þetta kann að skýra að einhverju leyti þann mismun sem er á hugmyndum fólks á þessum tveimur svæðum um þýðingu framkvæmdanna fyrir framtíðar íbúaþróun á Austurlandi. Íbúar á Héraði virðast þannig ekki trúaðir á að tilkoma álvers í Reyðarfirði muni verða þess valdandi að Egilsstaðir muni glata stöðu sinni sem miðstöð verslunar og þjónustu fyrir allt Austurland. Íbúar í Fjarðabyggð sjá það hins vegar fyrir sér að þessi þróun gæti allt eins orðið. Þessu tengd er umræða um áhrif framkvæmdanna á verslun og þjónustu. Almennt má segja að verslun á mið Austurlandi hafi styrkst verulega á framkvæmdatímanum. Hins vegar má ekki gleyma því að sú þróun var að hluta til hafin fyrir upphaf framkvæmdanna þegar Bónus opnaði verslun á Egilsstöðum árið 2002. Framkvæmdirnar hafa hins vegar einnig styrkt til muna forsendur verslunar á Reyðarfirði.

- Aukin umsvif í atvinnulífinu og almennt hækkandi tekjur hafa aukið möguleika íbúa á Mið-Austurlandi á ýmsum sviðum, bæði hvað varðar möguleika til tekjuöflunar og svo til að sækja þjónustu eða afþreyingu. Þróunin hefur hins vegar samhlíða orðið í átt til aukinnar miðlægni, það er að segja að til að nýta sér þessa auknu möguleika þurfa íbúar í útjaðri miðsvæðisins (svo sem á Stöðvarfirði) að aka í meira mæli vegna þessara hluta en þeir þurftu áður. Þetta er svipuð þróun og átt hefur sér stað annarsstaðar á landinu, til dæmis á Eyjafjarðarsvæðinu og á höfuðborgarsvæðinu.
- Hvað varðar bakgrunn og fyrri störf þeirra sem starfa í álverinu er ekki um óáþekka skiptingu að ræða og skiptingu í atvinnugreinar á landinu í heild. Má túlka þetta sem svo að ekki hafi legið straumur fólks úr tilteknum atvinnugreinum inn í álverið. Óhætt er að segja að mikil áföll hafi ridið yfir sjávarútveginn á sama tíma og álverið var að bætast við efnahagskerfið á Austurlandi. Líklega mun neikvæð staða í sjávarútvegi og vinnslu auka aðdráttarafl álversins og afleiddra starfa. Lítil sókn virðist vera í álverið meðal fólks í landbúnaði. Að teknu tilliti til þeirrar neikvæðu stöðu sem sjávarútvegurinn hefur verið í, hefði jafnvel mátt búast við meiri tilflutningi fólks úr atvinnugreininni. Einnig má benda á að eitt helsta

umkvörtunarefni fólks á fámennari stöðum landsins hefur verið fábreytni í atvinnulífi, að fleiri stöðum þurfi að renna undir atvinnulífið og auka jafnframt forsendur fyrir afleiddum störfum. Í ljósi slíkrar upplifunar á atvinnulífinu má líta jákvæðum augum á þessar atvinnuháttabreytingar frá frumvinnslunni í átt til iðnaðar- og þjónustusamfélags.

FORMÁLI

Þann 11. mars 2003 var samþykkt samhljóða á Alþingi eftirfarandi þingsályktun um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi:

Alþingi samþykkir að fela Bygðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verkefninu verði ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004. Bygðarannsóknastofnun skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2005 og 2007 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði stofnunin stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað.

Í kjölfarið óskaði Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eftir því við Bygðarannsóknastofnun að hafinn yrði undirbúningur slíkrar rannsóknar. Stofnunin skilaði verkáætlun fyrir rannsóknina haustið 2003 og var þá hafist handa við fjármögnun verksins. Það var þó ekki fyrr en í apríl 2004 að samningur var undirritaður og vinna gat hafist. Fjórir aðilar koma að verkefninu, Bygðarannsóknastofnun, Þróunarfélag Austurlands, Bygðastofnun og Iðnaðarráðuneytið. Rannsóknarverkefnið mun standa í sex ár eða frá árinu 2004 til loka ársins 2009.

Rannsókn á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi er mikilvæg fyrir margra hluta sakir, en þrennt skiptir þó mestu.

- Í fyrsta lagi gefst með henni einstakt tækifæri til að safna gögnum sem geta orðið grundvöllur að mati sambærilegra (eða áþekkra) stórverkefna í framtíðinni.
- Í öðru lagi gefast stjórnvöldum með slíkri rannsókn, bætta forsendur til að lágmarka neikvæðar afleiðingar sem kunna að hljóta af verkefnum en hámarka hinar jákvæðu.
- Í þriðja lagi hefur rannsókn af þessu tagi mikilvægt vísindalegt gildi í alþjóðlegu samhengi og rennir stöðum undir íslenskt rannsóknasamfélag um byggðatengd málefni.

Í þeirri verkáætlun sem lögð er til grundvallar er miðað við að gagnaöflun standi til loka ársins 2008 en rannsókninni sé að fullu lokið árið 2009. Rannsóknin tekur í

meginatriðum mið af þeim skýrslum sem ritaðar hafa verið í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna hvað varðar efnistöð. Sjónum er beint að þróun mannfjölda, efnahag, vinnumarkaði, sveitarfélögum, húsnæðismálum, margvíslegri þjónustu, opinberri grunngerð, nýtingu lands og auðlinda og anda samfélagsins almennt. Notast er við ýmsar rannsóknaraðferðir með það að markmiði að afla fjölpættra gagna. Gögnum er safnað frá opinberum aðilum og framkvæmdaaðilum, gerðar eru úrtaksrannsóknir og tekin viðtöl við einstaklinga jafnt sem forsvarsmenn fyrirtækja og sveitarfélaga. Á árinu 2007 var gert átak í söfnun gagna frá framkvæmdaaðilum og gekk sú áætlun eftir að takmörkuðu leyti m.a. vegna skorts á aðgengi að slíkum gögnum, verður lögð áhersla á að safna slíkum gögnum áfram.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er önnur megin áfangaskýrsla verkefnisins. Áður hafa komið út fjórar skýrslur á vegum verkefnisins:

- Skýrsla um könnun meðal fólks á Austur- og Norðausturlandi 2004 (Kjartan Ólafsson, 2005).
- Skýrsla um íbúafjölda og þörf á íbúðarhúsnæði árið 2008 (Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2005).
- Fyrsta áfangaskýrsla verkefnisins, um stöðulýsingu og upphaf framkvæmda á Austurlandi (Kjartan Ólafsson, ritstjóri, 2006).
- Skýrsla um póstkönnun meðal almennings vorið 2007. (Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason, 2007).

Hluti þess efnis sem birt var í síðustu skýrslunni sem talin er upp að ofan er endurtekið í þeirri áfangaskýrslu sem hér liggur fyrir.

Í verkefnistjórn sitja nú Svanfríður Inga Jónasdóttir af hálfu Bygðarannsóknastofnunar, formaður, Andrés Svanbergsson fyrir Iðnaðarráðuneytið, Snorri Björn Sigurðsson fyrir Bygðastofnun og Stefán Stefánsson fyrir Þróunarfélag Austurlands¹. Hjalti Jóhannesson sérfræðingur hjá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri er verkefnisstjóri.

¹ Nokkrar breytingar hafa orðið á verkefnisstjórn og var gerð grein fyrir þeim breytingum í áfangaskýrslu I.

1. INNGANGUR

1.1. Framkvæmdin

Árið 2007 markaði mikil tímamót í framkvæmdum við álver og virkjun á Austurlandi. Hver lokaáfanginn tók við af öðrum á árinu. Í lok mars var byrjað að veita raforku af landsnetinu til álversins um búnað Kárahnjúkavirkjunar og tilheyrandi rafmagnslínur. Framleiðsla í álverinu hófst í apríl og formleg vígsla þess fór fram 9. júní 2007 með miklum hátíðahöldum á Reyðarfirði. Nokkrar tafir urðu við gerð virkjunarinnar, fyrst og fremst vegna jarðgangagerðar þar sem erfið jarðlög mættu gangagerðarmönnum. Hinn 5. nóvember hófst síðan raforkuframleiðsla í Kárahnjúkavirkjun með því að gangsettur var fyrsti hverfillinn með vatni úr Háslóni. Formleg gangsetning virkjunarinnar fór síðan fram hinn 30. nóvember. Lokaáfangi í byggingu álversins náðist hinn 13. nóvember þar sem verktakinn Bechtel afhenti Alcoa Fjarðaáli formlega þessa stærstu einkaframkvæmd á Íslandi (Steinunn Ásmundsdóttir, 2007, 8. október). Eftir því sem leið á árið fækkaði starfsmönnum við framkvæmdirnar og hurfu síðustu íbúar eins stærsta „bæjar“ á Austurlandi af landi brott þann 19. desember en hér var um að ræða íbúa starfsmannaþorps Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð.

Í fyrri áfangaskýrslu þessarar rannsóknar (Kjartan Ólafsson ritstj, 2006) kom fram allitarleg lýsing á stórfamkvæmdunum á Austurlandi og stöðu samfélagsins við upphaf framkvæmdanna. Hér er því aðeins að takmörkuðu leyti endurtekin sú lýsing, en rétt er þó að nefna helstu drætti til upprifjunar.

Þann 15. mars 2003 voru undirritaðir á Reyðarfirði samningar um einhverjar mestu framkvæmdir í Íslandssögunni. Kjarninn í þessum framkvæmdum var álver Alcoa Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjun en heildarfjárfesting þessara tveggja framkvæmda var áætluð um 195 milljarðar króna. Á undirbúningstíma bar nokkuð á því að upplýsingar skorti um samfélags- og efnahagslega þætti, en mikilvæg forsenda þess að ráðist var í framkvæmdir við álver og virkjun á Austurlandi voru hins vegar einmitt þau áhrif sem vænta mátti af þessum framkvæmdum, bæði á þjóðarhag og eins samfélagið á Austurlandi. Í fréttatilkynningu frá Alcoa (www.alcoa.com, 2003) var enda lögð sérstök áhersla á einmitt þetta atriði en þar sagði:

Alls skapast 750 ný störf á Austurlandi með tilkomu álversins, þar af um 450 í álverinu sjálfu og um 300 í tengdum iðnaði, þjónustu og verslun. Þessi nýju störf munu renna styrkum stoðum undir atvinnulíf á Austurlandi en á undanförunum árum hefur störfum fækkað þar samhliða breytingum í sjávarútvegi og landbúnaði. Bygging og starfsemi álversins mun snúa við neikvæðri byggðapróun á Austurlandi.

Gangi þetta eftir er ljóst að í þessum framkvæmdum er fólgið tækifæri fyrir stjórnvöld til að efla þróun byggðar á Austurlandi sem hafði átt í vök að verjast á undanförunum árum líkt og flest önnur svæði utan helsta áhrifasvæðis Reykjavíkur. Á fyrstu árum þessarar aldar, þegar teknar voru ákvarðanir um upphaf framkvæmda, voru um 11.800 íbúar skráðir til heimilis á Austurlandi öllu og hafði þá aðeins fjölgað um 3.300 alla 20. öldina en umtalsverð fækkun varð reyndar seinnihluta 20. aldarinnar. Á sama tíma þrefaldaðist hins vegar íbúafjöldi á landinu öllu!

1.2. Aðdragandi rannsóknarinnar og tilgangur

Alþingi samþykkti 11. mars 2003 ályktun um að fela Bygðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarfélag Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Rannsóknin hófst rúmu ári síðar þegar undirritaður var samningur milli Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Bygðastofnunar, Bygðarannsóknastofnunar og Þróunarstofu Austurlands um framkvæmd og fjármögnun verkefnisins.

Fulltrúar samningsaðila mynda verkefnistjórn sem hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins eins og fram kemur í formála. Vinna við rannsóknina fer að mestu eftir verkáætlun sem unnin var af Bygðarannsóknastofnun árið 2003 (Bygðarannsóknastofnun, 2003). Helstu kennileiti rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

Rannsóknartími: Vinna hófst á árinu 2004 og lýkur síðla árs 2009 og niðurstöðum komið reglulega á framfæri með ráðstefnum, skýrslum og á netinu.

Rannsóknarsvæði: Áhersla á Austur- og Norðausturland en einnig litið til nokkurra lykilþátta, svo sem þróunar búsetu- og atvinnuhátta á landsvísu.

Gagnaöflun: Miðast við að tryggja fjölbreytilega úrvinnslumöguleika og skiptist í eftirfarandi undirþætti:

- **Opinber gögn.** Söfnun margvíslegra tölulegra upplýsinga frá opinberum aðilum; til dæmis Hagstofu Íslands og sveitarfélögum.

- **Gögn framkvæmdaaðila.** Söfnun margvíslegra lykilupplýsinga frá framkvæmdaaðilum, einkum er varða umsvif starfseminnar og atriði er lúta að starfsmönnum þeirra s.s. lögheimili þeirra, menntun o.þ.h.
- **Úrtaksrannsóknir meðal fólks á Austurlandi og landinu öllu.** Spurningalistakannanir þar sem leitast verður við að afla upplýsinga um breytingar á högum fólks og viðhorf þess.
- **Viðtalsrannsóknir meðal almennings og forsvarsmanna fyrirtækja.** Samtöl þar sem leitast er við að fá fram ýmsar upplýsingar sem ekki er unnt að nálgast eftir öðrum leiðum, til dæmis frá forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana en einnig að rannsaka þá merkingu sem fólk leggur í ýmis grundvallarhugtök.
- **Kannanir meðal fyrirtækja.** Sendir spurningalistar til fyrirtækja þar sem aflað verður margvíslegra grunnupplýsinga um rekstur og afkomu.

Eins og segir í rannsóknaráætlun gefst með rannsókninni einstakt tækifæri til að safna gögnum sem geta orðið grundvöllur að mati annarra stórverkefna í framtíðinni. Í öðru lagi gefur rannsóknin stjórnvöldum bætтар forsendur til að lágmarka neikvæð áhrif sem kunna að hljóttast af verkefnum og hámarka þau jákvæðu. Í þriðja lagi hefur rannsókn sem þessi mikilvægt vísindalegt gildi í alþjóðlegu samhengi og rennir stoðum undir íslenskt rannsóknasamfélag um byggðatengd málefni.

1.2. Rannsóknarvinnan

Vinna við rannsóknina hófst vorið 2004 þegar eftir undirritun samnings milli þeirra aðila er standa að verkefnum. Sérfræðingar við Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri og starfsmenn Þróunarfélags Austurlands hafa unnið að rannsókninni. Fagleg verkefnisstjórn var í upphafi í höndum Kjartans Ólafssonar félagsfræðings hjá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) en Hjalti Jóhannesson, landfræðingur við RHA tók síðan við verkefnisstjórninni um áramótin 2006-2007. Ýmsir sérfræðingar RHA hafa komið að rannsókninni, s.s. Hjördís Sigursteinsdóttir rekstrarfræðingur, Jón Þorvaldur Heiðarsson hagfræðingur, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir nútímafræðingur, Tryggvi Hallgrímsson, félagsfræðingur og Valtýr Sigurbjarnarson landfræðingur. Einnig hefur Auður Magndís Leiknisdóttir, félagsfræðingur komið að rannsókninni. Af hálfu Þróunarfélags Austurlands starfaði Halldór Eiríksson, verkefnastjóri upphaflega að rannsókninni og síðar Enok Jóhannesson, verkefnastjóri viðskiptasviðs.

Á árinu 2007 var unnið í stórum dráttum samkvæmt verkefnisáætlun og aflað gagna samkvæmt henni. Gerð var póstkönnun meðal landsmanna allra í febrúar og unnið úr henni um sumarið og haustið. Var skýrslu um hana lokið í október. Í apríl var farið í ferð

um Austurland og tekin viðtöl við fasteignasala, fulltrúa sveitarfélaga, fyrirtækja, Alcoa og Bechtel. Í október og desember voru tekin eigindleg viðtöl við einstaklinga á Austurlandi. Á árinu var lögð áhersla á að safna saman gögnum meðal framkvæmdaraðila, einkum um mannaráðningar og fjárfestingar. Í ljós kom að aðgengi að þessum gögnum er ekki auðvelt og hefur söfnun þeirra reynst tímafrek. Á það ber að líta að miklar annir voru meðal framkvæmdaaðila þetta ár við skil á mannvirkjum.

Frá síðustu áfangaskýrslu hafa fjögur nemendaverkefni verið unnin að hluta til upp úr gögnum sem safnað hefur verið í þessu rannsóknarverkefni. Fyrst skal nefna meistaraverkefni Auðar Magndísar Leiknisdóttur í stjórn málafræði frá London School of Economics en hún útskrifaðist þaðan 2007. Lokaritgerð hennar bar heitið „Women and nature on the margin: an ecofeminist view on a heavy industrial project in Eastern-Iceland“. Í ritgerðinni voru gögn úr viðhorfakönnun RHA kyngreind og notaðar fémínískar og „ecofémínískar kenningar“ til að skýra þann mun sem fannst á viðhorfum kynjanna. Kafli Auðar í þessari skýrslu (8. kafli) er einkum byggður á niðurstöðukafla ritgerðarinnar. Þá skal einnig nefna sumarverkefni Tryggva Hallgrímssonar, meistaránema við University of Tromsø (einnig styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna) sem fólst í könnun meðal farandverkamanna. Niðurstöður úr rannsókn Tryggva er að finna í kafla 7.6. Þá hefur Sigmar Arnarsson, nemi við samfélags- og hagpróunarfræði unnið tvö minni rannsóknarverkefni sem tengjast fréttáflutningi af Kárahnjúkavirkjun og notið leiðsagnar starfsmanna RHA og HA. Ánægjulegt er að fylgjast með vinnu þessara nemenda og sjá að með henni er verið að vinna samkvæmt einu þeirra markmiða sem lagt var til grundvallar með þessari rannsókn, þ.e. að efla íslenskt vísindasamfélag.

1.3. Kynningar frá síðustu áfangaskýrslu

Þann 14. desember 2006 var fyrri áfangaskýrslu verkefnisins skilað til Iðnaðar- og viðskiptaráðherra og haldin kynning á fundi í ráðuneytinu.

Á árinu 2007 hafa farið fram sjö formlegar kynningar á verkefninu. Í mars 2007 fór verkefnisstjóri í boði Alcoa Fjarðaáls til Sao Paulo í Brasilíu og kynnti verkefnið á vinnufundi 8.-9. þ.m. um samfélagsrannsóknir sem Alcoa áformar að láta stunda á tveimur stöðum sem fyrirtækið er með rekstur. Annars vegar hjá Alcoa Fjarðaáli og hins vegar í Brasilíu. Þann 13. júní kynnti verkefnisstjóri verkefnið á vinnufundi á bæjarskrifstofunni á Reyðarfirði í NPP-verkefninu Spatial Planning in Northern Peripheral Regions sem að stóðu af Íslands hálfu Bygðastofnun, Skipulagsstofnun og Þróunarfélag Austurlands. Þá hélt verkefnisstjóri fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu á

Hjaltlandseyjum um orkumál á jaðarsvæðum (Energy from the Edge). Þann 23. október kynntu formaður verkefnisstjórnar og verkefnisstjóri verkefnið á fundi alþingismanna norðausturkjördæmis á Akureyri. Í byrjun nóvember kynnti rektor Háskólans á Akureyri verkefnið á fundi með fulltrúum Alcoa Fjarðaáls. Frjálslýndi flokkurinn kom á fund í Háskólanum á Akureyri 16. nóvember og fékk kynningu á verkefninu. Þann 3. desember fór fram opinber kynning á verkefninu á Egilsstöðum og haldinn var blaðamannafundur. Var nokkuð fjallað um verkefnið í fjölmiðlum í framhaldi af þeim fundi. Nokkrar smærri kynningar og viðtöl áttu sér einnig stað á árinu 2007. Þá var nokkuð um að leitað væri eftir upplýsingum úr verkefninu, s.s. frá fjölmiðlum, Alcoa Fjarðaáli og Heilbrigðisstofnun Austurlands. Skýrslur verkefnisins eru allar aðgengilegar á vef Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri, www.rha.is.

3. UM RANNSÓKNINA OG MÖRK HENNAR

3.1. Afmörkun rannsóknarinnar

Efnislega afmarkast viðfangsefni rannsóknarinnar við athugun á samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Eðli málsins samkvæmt er rannsóknarsviðið nokkuð víðfeðmt en í verkefninu hafa verið dregnar þrennskonar megin markalínur. Í fyrsta lagi í tíma. Rannsóknin tekur fyrst og fremst til framkvæmdatímans en ekki nema að litlu leyti til rekstartíma álvers eða virkjunar (til áhrifa á framkvæmdatíma teljast hins vegar einnig væntingar um rekstartímann). Í öðru lagi er rannsóknin landfræðilega afmörkuð og þannig gert ráð fyrir að möguleg áhrif séu ólík á mismunandi landssvæðum. Í þriðja lagi er rannsóknin afmörkuð við tiltekin svið samfélagsins. Hér að neðan gerð grein fyrir þessari afmörkun í stórum dráttum en í áfangskýrslu I var þessu líst með nákvæmari hætti.

3.1.1. Afmörkun í tíma

Þegar litið er til stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi er ljóst að þar er um að ræða tvennskonar tímabil sem í eðli sínu eru mjög ólík. Annars vegar er um að ræða tímabil framkvæmda sem stendur fram til 2008, það er að segja þegar verið er að reisa mannvirki (hér kallað framkvæmdatími). Hins vegar er svo um að ræða það tímabil þegar framkvæmdum er lokið (frá árinu 2009 eða svo) og Kárahnjúkavirkjun og álver Alcoa eru komin í fullan rekstur (hér kallað rekstartími). Þessi tímabil skarast að einhverju leyti því unnt er að hefja rafmagns- og álframleiðslu áður en byggingaframkvæmdum er að fullu lokið. Þegar hér er rætt um rekstartíma er hins vegar fyrst og fremst átt við það þegar framkvæmdir standa ekki yfir eða þeim er að mestu lokið.

Frá upphafi var gert ráð fyrir að starfsemi hæfist í álveri Alcoa Fjarðaáls um mitt ár 2007 og áætlaði Landsvirkjunar að afhending raforku gæti hafist 1. apríl það ár. Byggingaframkvæmdum verður hins vegar ekki að fullu lokið fyrr en árið 2008. Þegar byggingaframkvæmdum er að ljúka tekur við tímabil þar sem til verða ný störf við álver Alcoa Fjarðaáls og ýmis afleidd störf. Hvað virkjunina varðar mun eftir framkvæmdirnar taka við langt tímabil lítilla umsvifa. Umsvif framkvæmdaáðila geta vitaskuld haft bæði skammtíma- og langtímaáhrif, en miðað við tímaáætlun þessa rannsóknarverkefnis er

ljóst að einkum verður unnt að rannsaka skammtímaáhrifin auk þess hvaða hugmyndir (væntingar) fólk hefur um hvað framtíðin ber í skauti sér.

3.1.2. Um landfræðilega afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdanna

Ljóst er að áhrifasvæði framkvæmda við álver Alcoa Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjun nær langt út fyrir austurhluta Íslands hvað varðar samfélags- og efnahagslega þætti. Þessi áhrif virða ekki nema að litlu leyti mörk sveitarfélaga, sýslna, kjördæma eða landamæri Íslands. Staðsetning mannvirkjana hefur þó augljóslega áhrif á hvar og með hvaða hætti áhrifa gætir af framkvæmdum og miklu skiptir hvaðan framkvæmdaaðilar sem annast tiltekna verkþætti koma og hvar starfsmenn við framkvæmdirnar eru búsettir. Líklega er mikil þátttaka erlendra starfsmanna og fyrirtækja í þessari miklu framkvæmd frábrugðnust fyrri sambærilegum framkvæmdum. Þar sem hefð er fyrir því að telja Hornafjörð til Austurlands var ákveðið, þegar í upphafi rannsóknarinnar, að telja sveitarfélagið til skilgreinds áhrifasvæðis framkvæmdanna. Til að gæta fyllsta samræmis var því fundin samsvarandi fjarlægð stóriðjuframkvæmdanna til norðurs. Við ákvörðun þeirrar vegalengdar þurfti einkum að gæta að eftirfarandi:

- Framkvæmdasvæðin eru þrjú, þ.e. stíflumannvirki Kárahnjúkavirkjunar, stöðvarhús í Fljótsdal og álver í Reyðarfirði.
- Vegalengdir eru breytilegar milli sumars og vetrar og eins verða breytingar á veglengdum innan framkvæmdatímans vegna samgöngubóta.

Tekin var sú ákvörðun að miða áhrifasvæði framkvæmdarinnar við öll sveitarfélög sem féllu innan jafngildisfjarlægðar frá öllum þremur framkvæmdasvæðunum við upphaf framkvæmda. Til að fá niðurstöðu um hvaða sveitarfélög þar væri um að ræða var metin meðalfjarlægð frá framkvæmdasvæðunum til allra þéttbýliskjarna á rannsóknarsvæðinu með 200 íbúa eða fleiri, reiknuð þannig:

- Mæld stysta vegalengd frá hverjum þéttbýliskjarna að hverju þriggja megin framkvæmdasvæðanna (bæði sumarleið og vetrarleið).
- Fundið vegið meðaltal fjarlægðar eftir sumar- og vetrarleiðum (í þeim tilvikum sem þær eru mismunandi) eftir hlutfalli þess tímabils sem telja má hæpið eða útilokað að notast við sumarleið².
- Meðalfjarlægð frá þéttbýliskjarna með 200 íbúa eða fleiri metin sem meðaltal fjarlægða (sem vegið meðaltal sumar- og vetrarfjarlægða) til allra þriggja framkvæmdasvæða.

² Þessi hlutföll voru áætluð í samráði við staðkunnuga starfsmenn Vegagerðarinnar.

- Aksturstími áætlaður miðað við 80 km/klst meðalhraða.

Miðað við þessar forsendur nær rannsóknarsvæðið frá Höfn í suðri og til Húsavíkur í norðri. Nyrsti hluti Norður-Þingeyjarsýslu ætti að falla utan rannsóknasvæðisins en vegna hagræðis við gagnaöflun var ákveðið að undanskilja svæðið ekki og verður því litið svo á að íbúar í öllum sveitarfélögum, samfelld frá Þingeyjarsveit og suður til Hafnar séu á landfræðilega nálægum svæðum stóriðjuframkvæmdanna, þ.e. áhrifasvæði þeirra.

Tafla 1. Meðalfjarlægð og áætlaður aksturstími frá framkvæmdasvæðum á Austurlandi og til þéttbýliskjarna með 200 íbúa eða fleiri

	Álver (km)	Stöðvarhús (km)	Stífla (km)	Meðaltal	Aksturs- tími (mín)
Húsavík	257	263	277	266	3:19
Reykjahlíð	202	208	222	211	2:38
Raufarhöfn	274	280	327	293	3:40
Þórshöfn	217	223	300	247	3:05
Vopnafjörður	139	145	192	158	1:59
Egilsstaðir	37	45	102	61	46
Seyðisfjörður	65	73	130	89	1:07
Neskaupstaður	28	116	173	108	1:21
Eskifjörður	9	93	150	85	1:04
Reyðarfjörður	6	79	136	73	55
Fáskrúðsfjörður	18	126	183	109	1:22
Stöðvarfjörður	46	134	194	125	1:34
Djúpivogur	128	131	191	150	1:52
Höfn	227	234	294	251	3:09

Árið 2002 voru sveitarfélögin á rannsóknarsvæðinu alls 26 en 16 árið 2007 og mun þeim að líkindum fækka enn frekar. Við gagnagreiningu þurfti að taka mið af þessu og leitast við að skilgreina viðmiðunarsvæði eða „tölfræðilegar einingar“ sem raunhæft var að ætla að mundu haldast í það minnsta til loka rannsóknarinnar.

Tafla 2. Sveitarfélög á rannsóknarsvæðinu í árslok 2007

Norðurþing	Borgarfjarðarhreppur
Skútustaðahreppur	Seyðisfjarðarkaupstaður
Aðaldælahreppur	Fljótsdalshérað
Tjörneshreppur	Fljótsdalshreppur
Þingeyjarsveit	Fjarðabyggð
Svalbarðshreppur	Breiðdalshreppur
Langanesbyggð	Djúpavogshreppur
Vopnafjarðarhreppur	Sveitarfélagið Hornafjörður

Ákveðinn vandi skapast vegna þess að ákveðið var að láta áhrifasvæðið skarast á við hefðbundna landshlutaskiptingu en Hagstofa Íslands notar þá landshlutaskiptingu sem fylgir í stórum dráttum kjördæmaskiptingunni 1999-2003. Þetta gerir m.a. túlkun á tölum um búferlaflutninga innan og milli landsvæða erfiðari en ella í þessu verkefni.

3.1.3. Um afmörkun áhrifapátta

Þrátt fyrir að unnt verði að greina áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum víða í samfélaginu er þó ljóst að tiltekin svið þess muni verða fyrir áhrifum umfram önnur. Þessi áhrif eru háð nálægð við framkvæmdirnar í tvennum skilningi. Annars vegar eru áhrifin merkjanleg vegna landfræðilegrar nálægðar. Þessi áhrif skapast til dæmis vegna umsvifa framkvæmdaaðilanna á virkjanasvæðum og lóð álversins, vegna flutnings á varningi og ferða starfsfólks til og frá vinnu. Hins vegar er um að ræða félagslega nálægð þar sem tilteknir aðilar eru í miklum samskiptum við framkvæmdaaðilana eða jafnvel beinir þátttakendur í verkefninu. Erfitt er að afmarka fyrirfram á hvaða sviðum áhrif muni einkum koma fram. Einkum er miðað við það að eftirtalin svið verði fyrir áhrifum:

- 1) Efnahagur og möguleiki fólks til að afla sér tekna
- 2) Vinnumarkaður
- 3) Mannfjöldi og búsetuþróun
- 4) Starfsemi sveitarfélaga og þjónusta þeirra
- 5) Húsnæðismál
- 6) Þjónusta almennt
- 7) Opnber þjónusta
- 8) Nýting lands og auðlinda
- 9) Ferðaþjónusta
- 10) Lífsstíll fólks

Þetta eru þeir þættir sem til athugunar voru við mat á umhverfisáhrifum umræddra framkvæmda og eðlilegt er að rannsókn sem ætlað er að fylgjast með samfélagsþróun samhliða stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi taki mið af þeim einnig.

3.2. Rannsóknarsvæði/áhrifasvæði

Ein veigamesta markalínan sem dregin er í rannsókninni er afmörkun rannsóknarsvæðisins eða áhrifasvæðisins. Við greiningu og framsetningu gagna í þessu verkefni er í meginatriðum notast við þrennskonar svæðisskiptingu.

- Í fyrsta lagi er talað um rannsóknarsvæði eða áhrifasvæði og er þá um að ræða greiningu eftir yfirsvæðunum þremur, auk rannsóknarsvæðisins í heild (þegar rætt

er um rannsóknarsvæðið í heild eða áhrifasvæði hafa gögnin verið greind án þess hóps sem flutt hefur burtu frá árinu 2002).


- Í öðru lagi hefur rannsóknarsvæðinu verið skipt í 14 undirsvæði sem fengið hafa nafn þess þéttbýliskjarna sem þar er að finna. Áætluð akstursfjarlægð í mínútum frá viðkomandi mælipunkti er síðan yfirfærð á viðkomandi svæði og ætlað að gefa mynd af landfræðilegri nálægð viðkomandi svæðis gagnvart framkvæmdunum. Greining eftir þessum svæðum hefur einkum farið fram vegna úrtakskönnunar meðal íbúa á Austurlandi.

Tafla 3 sýnir að landssvæðin eru minni næst framkvæmdasvæðunum en stækka eftir því sem fjær dregur. Þannig hefur þessi svæðaskipting verið notuð til að meta fjarlægðarfall tiltekinna áhrifa af stóriðjuframkvæmdunum. Miðað er við tvennskona metna fjarlægð, eftir því hvort það sem verið er að mæla vísar til framkvæmdatímans (Mynd 1) eða væntinga um rekstrartímann (Mynd 2). Varðandi framkvæmdatímann eru fjarlægðir áætlaðar miðað við vegakerfið eins og það var haustið 2004.


Tafla 3. Flokkun í undirsvæði eftir póstnúmerum og sveitarfélögum³

nr.	Fjarlægðar- viðmiðun	Undirsvæði (sveitarfélög 2004)	Póst- númer	Sveitar- félags- númer
1	Húsavík	Húsavíkurbær - Þéttbýli	640	6100
		Húsavíkurbær - Dreifbýli	641	6100
		Aðaldælahreppur	641	6609
		Þingeyjarsveit	641	6612
		Tjörneshreppur	671	6611
2	Reykjahlíð	Skútustaðahreppur	660	6607
3	Raufarhöfn	Kelduneshreppur	671	6701
		Öxarfjarðarhreppur	671	6702
		Raufarhafnarhreppur	675	6705
4	Þórshöfn	Þórshafnarhreppur	680	6707
		Svalbarðshreppur	681	6706
5	Vopnafjörður	Skeggjastaðahreppur	685	7501
		Vopnafjarðarhreppur	690	7502
6	Egilsstaðir	Fellahreppur - Þéttbýli	700	7506
		Fellahreppur - Dreifbýli	701	7506
		Austur-Hérað - Þéttbýli	700	7618
7	Hérað	Austur-Hérað - Dreifbýli	701	7618
		Fljótsdalshreppur	701	7505
		Norður-Hérað	701	7512
		Mjóafjarðarhreppur	715	7605
		Borgarfjarðarhreppur	720	7509
8	Seyðisfjörður	Seyðisfjörður	710	7000
9	Reyðarfjörður	Fjarðabyggð - Reyðarfjörður	730	7300
10	Eskifjörður	Fjarðabyggð - Eskifjörður	735	7300
11	Neskaupstaður	Fjarðabyggð - Neskaupstaður	740	7300
12	Fáskrúðsfjörður	Fáskrúðsfjarðarhreppur	750	7610
		Búðahreppur	750	7611
		Stöðvarhreppur	755	7612
13	Djúpivogur	Breiðdalshreppur	760	7613
		Djúpavogshreppur	765	7617
14	Höfn	Sveitarf. Hornafjörður - Þéttbýli	780	7708
		Sveitarf. Hornafjörður - Dreifbýli	781	7708


³ Miðað er við sveitarfélögin eins og þau voru árið 2002 og 2003



Mynd 1. Áætlaður meðalakstur tími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að öllum þremur framkvæmdasvæðum



Mynd 2. Áætlaður meðalakstur tími frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að álverslóð í Reyðarfirði



Mynd 3. Svæðaskipting og viðmiðunarpunktur undirsvæða

4. GÖGN OG AÐFERÐIR

4.1. Almennt um gagnaöflun í verkefninu

Í rannsóknaráætlun var lögð áhersla á að safna gögnum *sem ekki yrði unnt að afla eftir að framkvæmdum væri lokið*. Þetta á einkanlega við um úrtakskannanir og viðtöl.

Við hönnun rannsóknarinnar var byggt á hugmyndum um samþættingu rannsóknaraðferða⁴ þar sem félagsleg fyrirbæri eru skoðuð út frá ólíkum aðferðafræðilegum sjónarhóli (Denzin, 1970; Silverman, 1997). Með slíkri samþættingu er fyrst og fremst átt við að notast er samhliða við bæði eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir með það að leiðarljósi að öðlast dýpri skilning á þeim félagslegu fyrirbærum sem til skoðunar eru.

Í þessari rannsókn er einnig notast við bæði fyrirbyggjandi gögn sem og frumgögn og þannig má nálgast eitt og sama fyrirbærið úr nokkrum ólíkum áttum. Í áfangaskýrslu I (Kjartan Ólafsson, ritstjóri, 2006) kemur fram ítarlegri lýsing á aðferðafræði rannsóknarinnar og er ekki ástæða til að endurtaka hana hér.

4.2. Fyrirbyggjandi gögn

Í rannsókninni er nokkuð byggt á notkun fyrirbyggjandi gagna. Í flestum tilvikum er þar um að ræða tölulegar upplýsingar sem eru aðgengilegar á opinberum vefsíðum eða í útgefnum skýrslum. Í einstaka tilvikum hefur þó verið aflað gagna sem krefjast sérstakrar úrvinnslu úr gagnagrunnum; það á til dæmis við um gögn sem liggja til grundvallar við skoðun á húsnæðismarkaði og við nánari greiningu á íbúapróun. Einnig hefur verið leitað til framkvæmdaaðila (Landsvirkjunar og Alcoa Fjarðaáls) auk verkalýðsfélaga og verktaka við framkvæmdirnar sem veitt hafa ýmsar upplýsingar. Í þessari rannsókn hefur almennt verið lögð minni áhersla á söfnun og úrvinnslu upplýsinga af þessu tagi en söfnun frumgagna og stundum látið nægja að sinni að staðfesta að upplýsingarnar séu til. Þessum gögnum hefur þó verði safnað þegar talin hefur verið hætta á að þeim verði ekki haldið til haga eftir að framkvæmdatíma lýkur og

⁴ Stundum nefnt *Methodological Triangulation*.

hefur verkefnisstjórnin lagt áherslu á þetta atriði. Á árinu 2007 var lögð áhersla á að ná ákveðnum gögnum frá Alcoa Fjarðaáli, Landsvirkjun og verktökum þeirra s.s. um fjölda, uppruna og einkenni starfsmanna og um umfang fjárfestinga þessara aðila. Ástæðan fyrir áherslu rannsóknarinnar á að afla frumgagna er sú að þau eru tímaháð⁵; það er að segja þeirra verður ekki aflað eftir á meðan flest fyrirliggjandi gögn verða aðgengileg áfram og á það sérstaklega við um gögn sem opinberar stofnanir s.s. Hagstofa Íslands safnar.

4.3. Úrtaksrannsókn meðal almennings vorið 2007

Í rannsókninni verða alls gerðar þrjár almennar úrtakskannanir, 2004, 2007 og 2008. Könnunum 2004 og 2008 er ætlað að mæla margvíslega þætti á áhrifasvæði framkvæmdanna við upphaf og lok framkvæmda. Könnun um miðbik rannsóknartímans er á landsvísu og hún fór fram í mars og apríl 2007. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu forsendum sem lagðar voru til grundvallar við framkvæmd þessarar könnunar.

4.3.1. Þýði

Aldursmörk þýðisins í könnun 2007 voru miðuð við 18-65 ára aldur, þ.e. fólk á virkum vinnualdri. Í lengd og bráð verður hægt að bera niðurstöður þessarar könnunar við vinnumarkaðskannanir.

4.3.2. Úrtak

Við drátt úrtaks var ákveðið að lagskipta því eftir þeim landsvæðum sem gerð er grein fyrir hér að neðan. Upphaflegt úrtak rannsóknarinnar var slembiúrtak fólks á aldrinum 18–65 ára sem búsett var á þessum svæðum 1. janúar árið 2007, samtals 3.202 einstaklingar. Af þeim reyndist 1 vera látinn, 2 of veikir til að geta tekið þátt og 65 einstaklinga tókst ekki að staðsetja. Endanlegt úrtak varð því 3.134 einstaklingar.

4.3.3. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var pósthögð 26. febrúar 2007 og bárust fyrstu svör 1. mars. Ítrekunarbréf var sent 12. mars og önnur ítrekun með nýjum spurningalista 30. mars. Þannig fengust 1.219 svör eða 38,9% endanlegs úrtaks sem var heldur lægra svarhlutfall en að var stefnt. Meginþorri (90%) þeirra spurningalista sem bárust til baka skiluðu sér fyrir 11. apríl en svör bárust þó allt til 14. maí.

⁵ Þetta á sérstaklega við um viðhorf og væntingar en nær ómögulegt er að mæla slíkt eftir á þar sem einstaklingar túlka viðhorf sín á hverjum tíma í ljósi reynslunnar.


4.3.4. Svæðaskipting

Ákveðið var að skipta landinu í tiltekin svæði auk þeirrar svæðisskiptingar sem ákveðin var fyrir áhrifasvæðið á Austurlandi í fyrstu úrtakskönnun sem fram fór 2004. Svæðin eru eftirfarandi:

- **Norðursvæði.** Sveitarfélög á norðurhluta áhrifasvæðisins á Austurlandi utan tveggja tíma meðalaksturstíma frá framkvæmdasvæðunum.
- **Miðsvæði.** Megin áhrifasvæðið á Austurlandi með sveitarfélög innan tveggja tíma meðalaksturstíma frá framkvæmdasvæðunum.
- **Suðursvæði.** Sveitarfélög á suðurhluta áhrifasvæðisins á Austurlandi utan tveggja tíma meðalaksturstíma frá framkvæmdasvæðunum.
- **Áhrifasvæði Reykjavíkur.** Hér átt við Reykjavík og öll þau sveitarfélög sem eru innan u.þ.b. 45 mínútna akstursfjarlægðar frá borginni. Þetta er í raun einskonar útvíkkað höfuðborgarsvæði, um Reykjanes, norður að Borgarfjarðarbrú og austur til og með Árborg enda fylgir svæðið allt í stórum dráttum sömu íbúa- og efnahagsþróun. Þá er algengt að miða við um 45 mínútna akstur til vinnu í fjölþjóðlegum rannsóknum. Sjá t.d. rannsókn sem gerð var undir merkjum ESPON⁶ Dubois, Alexandre, Gløersen, Erik, Stead, Dominic og Zonneveld, Wil (2006).
- **Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra.** Hér er um að ræða svæði þar sem sveitarfélög fylgja svipaðri þróun innbyrðis ef undan er skilinn syðsti hluti þess þar sem áhrifa af nálægð höfuðborgarsvæðisins gætir í ríkari mæli.
- **Eyjafjarðarsvæðið.** Svæðið með Akureyri sem miðpunkt er nokkuð vel afmarkað landfræðilega og fylgir að verulegu leyti svipaðri þróun innbyrðis og er talsvert ólíkt öðrum svæðum á landsbyggðinni enda samgöngur innan þess góðar og vegalengdir stuttar.
- **Suðurland að Árborg.** Hér er um að ræða svæði þar sem sveitarfélög fylgja svipaðri þróun innbyrðis en vestan þess, á Árborgarsvæðinu, gætir áhrifa af nálægð höfuðborgarsvæðisins í ríkari mæli.

Mynd 4 sýnir þessa svæðisskiptingu könnunarinnar 2007.

⁶ European Spatial Planning Observation Network



Mynd 4. Svæðaskipting í Austurlandskönnun II, vorið 2007.

4.4. Viðtöl við einstaklinga

Það sem kalla mátti samfélagsanda er meðal þess mikilvægasta sem verður fyrir áhrifum af stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi. Tekin hafa verið viðtöl við einstaklinga á miðsvæði Austurlands til að kanna þessi áhrif og jafnframt til að dýpka skilning á ýmsum öðrum þáttum rannsóknarinnar. Í þessari viðtalsrannsókn var fylgt aðferðafræði eigindlegra rannsókna.

Í ágangaskýrslu I var greint frá niðurstöðum viðtala sem tekin voru árin 2002 og 2004. Við val á viðmælendum var miðað við að ná til einstaklinga sem búsettir væru í:

- 1) Sveit.
- 2) Þéttbýli þar sem atvinnulíf er blanda af frumvinnslu, úrvinnslu og þjónustu.
- 3) Þéttbýli þar sem atvinnulíf einkennist af frumvinnslu og úrvinnslu.

Í viðtölum við 20 viðmælendur árið 2002 var spurt almennt um búsetuskilyrði og lífsaðstæður viðkomandi og í ljósi áforma um virkjun og álver sem þá voru uppi ræddu margir viðmælendur væntingar sínar um mögulegar breytingar á samfélaginu ef þær yrðu að veruleika. Vegna þessa var ákveðið að byggja viðtalshluta rannsóknarinnar á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi á grunni þessara viðtala.

Tekin voru viðtöl í október og desember 2007 og fóru þau yfirleitt fram á heimili eða vinnustað viðmælandans og var lögð áhersla á að þau gætu farið fram í næði. Öll viðtölin voru hljóðrituð og þvínæst afrituð frá orði til orðs. Algengt var að viðtölin stæðu í 1-1½ klukkustund og töldu afrituðu viðtalsgögnin um 270 blaðsíður.

Við endurtekningu viðtala 2007 var m.a. leitað aftur til viðmælanda frá 2004⁷ en rætt var við 12 manns í þessari lotu. Í viðtölum sem fóru fram í október og desember 2007 voru tekin viðtöl við 11 viðmælendur frá 2004 og tvo sem ekki hafði verið rætt við áður eða samtals 13 manns.

Mikilvægt er að hafa í huga að niðurstöðum eiginlegra rannsókna sem byggðar eru á viðtölum sem þessum er ekki ætlað að endurspegla skoðanir almennings eða til að álykta um stöðu mála meðal almennings. Viðtölin veita aðeins sýn á upplifun og túlkun viðkomandi einstaklinga og eru þetta því eins konar dæmi eða svipmyndir sem brugðið er upp. Leggja ber áherslu á að þessir einstaklingar eru ekki fulltrúar einstakra hópa eða hagsmuna. Þeirra er því ekki getið með nafni né geta þeir borið ábyrgð á þeim ályktunum sem dregnar eru af orðum þeirra. Við val á tilvitnunum í þessi viðtöl er leitast við að birta tilvitnanir sem innihalda svör viðmælanda við ákveðnum megin þemum sem viðtölin byggðust á.

⁷ Hluta af þeim sem rætt var við 2004, hafði einnig verið rætt við 2002 í tengslum við rannsóknina „Fólk og fyrirtæki“ sem Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun framkvæmdu í sameiningu.


5. ÍBÚAFJÖLDI

5.1. Þróun mannfjölda á Austurlandi fyrir framkvæmdir

Í áfangaskýrslu I var fjallað nokkuð ítarlega um mannfjöldaþróun á Austurlandi á tímabilinu fyrir framkvæmdir. Hér verður litlu bætt við það en rétt er þó að rifja aðeins upp það sem þar kom fram. Á Austurlandi, þ.e. sama svæði og gamla Austurlandskjördæmi, frá Bakkafirði í norðri til Hornafjarðar í suðri, fjölgaði íbúum lítið fram yfir miðja 20. öldina og voru um 10.000 talsins síðla á 6. áratug aldarinnar er þeim fór að fjölga nokkuð. Var hægfara vöxtur allt til upphafs 9. áratugarins en þá tók við annað skeið lítilla breytinga og voru íbúar um 13.200 1989. Á 10. áratugnum hallaði mjög undan fæti á Austurlandi eins og víða á landsbyggðinni. Hafði íbúum fækkað niður í um 11.700 árið 2001. Þróunin var að mörgu leyti áþekk og á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Í þessum kafla verður greint frá þróuninni frá árinu 2002 og hér verður miðað við áhrifasvæði framkvæmdanna og þrjú megin undirsvæði þess eins og þetta hefur verið skilgreint í rannsókninni. Sum gögn eins og fyrir búferlaflutninga eru birt fyrir landshluta eins og gamla Austurlandskjördæmi og veldur það samanburðarvanda þar eð áhrifasvæðið er öðruvísi skilgreint. Allar tölur um íbúafjölda og búferlaflutninga eru fengnar af vef Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is nema annað sé tekið fram sérstaklega.


5.2. Samsetning mannfjölda við upphaf framkvæmda

Við upphaf framkvæmda var skipting mannfjöldans eftir kyni og aldri áþekk því sem gjarnan má sjá á landsbyggðarsvæðum, sbr. mannfjöldapýramíðana hér að neðan. Vegna brottflutnings ungra fullorðinna til náms og starfa annarsstaðar mátti sjá skörð í pýramíðana meðal ungra fullorðinna, á aldursbilinu 20-35 ára eða svo. Þetta einkenni á samsetningu mannfjöldans er áþekkt því sem víða má sjá á landsbyggð Íslands og jaðarsvæðum annarra landa. Þannig var Austurland ekkert sér á báti hvað þetta varðar.




Mynd 5. Áhrifasvæðið, samsetning mannföldans eftir kyni og aldri 2002


Öll þrjú undirsvæði áhrifasvæðisins, þ.e. norðursvæði, miðsvæði og suðursvæði sýna áþekka mynd á þessum tíma og ekki er að sjá neinn augljósan mun á milli þeirra hvað samsetningu mannföldans varðar. Hlutföll kynjanna voru um 52% karlar á móti 48% konum sem einnig er algengt á svæðum þar sem um brottflutning íbúa hefur verið að ræða. Ýmsar rannsóknir sýna að búferlaflutningur kvenna til borga og stærri bæja séu meiri en karla. Þetta stafir af atriðum s.s. samfélagsgerð þéttbýlisins og efnahagslegum þáttum, m.a. fjölbreytileika og framboði starfa í margvíslegum þjónustugreinum.



Mynd 6. Norðursvæði, samsetning mannföldans eftir kyni og aldri 2002



Mynd 7. Miðsvæði, samsetning mannfjöldans eftir kyni og aldri 2002




Mynd 8. Suðursvæði, samsetning mannfjöldans eftir kyni og aldri 2002

Áberandi er þegar mannfjöldapýramíðarnir eru skoðaðir að á áhrifasvæðinu eru yngstu börnin hlutfallslega færri, enda fylgja þau þeim hópi ungra fullorðinna sem eru áberandi í hópi brottfluttra frá svæðinu. Þetta eru einnig dæmigerð einkenni fyrir svæði sem hafa búið við brottflutning íbúa og sýnir m.a. hve hér er um alvarlega þróun að ræða sem í raun getur smám saman grafið undan viðkomandi samfélögum. Á hinn bóginn myndast

ákveðinn vaxtarþyrill⁸ á öðrum svæðum sem eru í vexti og ná til sín þessum mikilvæga hluta íbúanna.

5.3. Þróun mannfjölda frá upphafi framkvæmda


Frá upphafi stórframkvæmdanna á Austurlandi árið 2003 hefur orðið gríðarleg breyting á íbúafjöldanum á miðsvæðinu en líttla breytinga verður hins vegar vart á suðursvæðinu og norðursvæðinu. Með öðrum orðum, áhrif framkvæmdanna eru staðbundin þegar þessi mælikvarði er notaður. Vöxtur mannfjöldans á miðsvæðinu varð tæplega 1.400 manns milli árána 2004 og 2005 og milli árána 2005 og 2006 fjölgaði íbúum þar um tæplega 1.800 manns. Milli 2006 og 2007 þegar fór að draga úr umsvifum við framkvæmdirnar fækkaði íbúum miðsvæðisins um rúmlega 1.100 manns eða rúm 11%. Snögg fækkun varð að vísu undir lok ársins en mannfjöldatölur eru birtar fyrir 1. desember. Seinni hluta ársins 2007 náði íbúafjöldinn hámarki. Þannig voru tæplega 11.800 manns skráðir með búsetu á miðsvæðinu og er óvíst að sú tala náist á næstunni á svæðinu. Alls fjölgaði íbúum miðsvæðisins um 34% á tímabilinu 2002-2007. Mynd 9 sýnir þessa þróun og þar má jafnframt sjá að umtalsverð fækkun íbúa varð á suðursvæðinu (10%) og á norðursvæðinu (8%) á tímabilinu 2002-2007.



Mynd 9. Þróun mannfjölda eftir svæðum 1. desember 2002-2007

⁸ E. Virtuous circle.

Ef grennslast er nánar fyrir um dreifingu mannfjöldans innan miðsvæðisins s.s. með því að greina þróun mannfjöldans eftir helstu þéttbýlisstöðum kemur fram að það eru einkum tveir bæir þar umtalsverð fjölgun íbúa á sér stað. Þetta eru Egilsstaðir-Fellabær og Reyðarfjörður. Egilsstaðir-Fellabær vaxa jafnt og þétt allt tímabilið 2002-2007 úr 2001 íbúa í 2.674 sem er fjölgun um 34%. Vöxtur Reyðarfjarðar hefst ekki fyrir en milli árunna 2004 og 2005 og alls fjölgar á staðnum um rúmlega 1.600 manns til 2006 eða 261%, fyrst og fremst vegna aðflutnings erlendra starfsmanna. Síðan flytja starfsmenn á brott undir lok ársins 2007 og þann 19. desember var starfsmannaþorpið yfirgefið. Þann 1. desember 2007 töldust íbúar Reyðarfjarðar 1.529. Í íbúafjölda á Reyðarfirði gætir mjög áhrifa starfsmannaþorpsins sem komið var fyrir rétt austan bæjarins en þessir íbúar teljast í tölum Hagstofunnar með þéttbýlinu á Reyðarfirði. Þarna er þó að verulegu leyti um tímabundna búsetu að ræða. Í gögnum frá Fjarðabyggð kemur hins vegar fram að um mitt ár 2006 hafi um 1.300 íbúar verið í starfsmannaþorpinu en 720 manns í sjálfu þorpinu á Reyðarfirði (Fjarðabyggð, án ártals). Samkvæmt því hafi öðrum íbúum Reyðarfjarðar aðeins fjölgað um 97 frá árinu 2002.




Mynd 10. Þróun mannfjölda þéttbýlisstaða á miðsvæðinu 2002-2007 (1. desember).

Samkvæmt óbirtum gögnum frá Fljótsdalshéraði (2007) kemur fram að íbúar á svokallaðri „utangarðsskrá“ voru á árinu 2007 frá rúmlega 1.500 til rúmlega 1.800. Þeir

voru langflestir í vinnubúðunum að Laugarási og Tungu eða um og rúmlega 1.700 frá marsmánuði og út október þetta ár.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Fjarðabyggðar voru íbúar á Reyðarfirði um 1.050 þann 1. desember 2007 fyrir utan farandverkamenn. Sambærilegar tölur fyrir Fljótshérað er á bilinu 3.700-3.800 íbúar fyrir utan farandverkamenn sem töldust vera um 310.

Mynd 11 sýnir fjölda lifandi fæddra á svæðinu á árunum 2002-2006. Litlar breytingar eiga sér stað fram til ársins 2006 en þá má segja að sprenging hafi orðið í barneignum á miðsvæðinu. Á árinu 2007 virðist þetta hafa gengið til baka að verulegi leyti og staðan orðin svipuð og árin 2004 og 2005. Þegar greint er frá fjölda lifandi fæddra barna er venjan sú að setja fjöldann í samhengi við þann íbúafjölda sem býr á viðkomandi svæði, venjulega fæðingar á hverja 1000 íbúa. Í tilviki miðsvæðisins er það ekki auðvelt á þessu tímabili vegna mikils fjölda tímabundinna íbúa á svæðinu sem eru staðsettir þar vegna vinnu við framkvæmdirnar. Þegar rekstartíminn hefst fyrir alvöru árið 2008 og flestir farandverkamennirnir verða farnir af svæðinu verður áhugavert að bera tíðni fæðinga saman við þróun annarsstaðar á landinu. Hafa fæðingar verið hlutfallslega álíka margar og annarsstaðar á landinu allt tímabilið eða frestaði fólk barneignum í annríkinu á framkvæmdatímanum? Tilgáta um það síðarnefnda hefur komið fram hjá viðmælendum á miðsvæðinu. Þegar tölur um fæðingar árið 2006 birtust gaf það væntingar um að upphaf tímabils mikilla barneigna á svæðinu væri að renna upp í lok framkvæmdanna en tölurnar fyrir 2007 benda hinsvegar til þess að svo sé ekki.




Mynd 11. Fjöldi lifandi fæddra á áhrifasvæðinu á tímabilinu 2002-2007

5.3.1. Búferlaflutningar 2002-2007


Tímabilið frá upphafi framkvæmdanna á Austurlandi hefur verið sérstaklega áhugavert með tilliti til búferlaflutninga. Tímabundnir búferlaflutningar þúsunda verkamanna, einkum karla, hafa yfirskyggt alla aðra búferlaflutningastrauma til og frá svæðinu. Þó eru aðrir straumar fólks inn og út af svæðinu miklir miðað við það sem tíðkast hefur. Nokkuð jákvæðari mynd blasir við landsvæðinu hvað búferlaflutninga varðar á þessu tímabili en áður. Þannig var flutningsjöfnuður í stærstu þéttbýlisstöðunum á Austurlandi jákvæður árið 2006. Einkum á þetta við um Egilsstaði þar sem flutningsjöfnuðurinn var jákvæðari en annarsstaðar á landinu eða 94 á hverja 1000 íbúa miðað við miðársmannfjölda (Hagstofa Íslands, 2008). Því er spáð að flestir verkamenn sem hingað hafa flutt vegna stórframkvæmdanna á Austurlandi og annarra framkvæmda af svipuðum toga muni flytjast af landi brott að þeim loknum. Fróðlegt verður að sjá hvernig þetta muni ganga eftir eða hvort þessar miklu framkvæmdir (og aðrar framkvæmdir á landinu) hvetji til varanlegra búferlaflutninga hingað til lands. Rannsókn Tryggva Hallgrímssonar (2006) meðal starfsmanna í vinnubúðum varpar ljósi á hvers er að vænta í þessum efnum (sjá kafla 7.7).

Búferlaflutningar alls. Þegar skoðaðar eru tölur Hagstofu Íslands um búferlaflutninga kemur í ljós að á miðsvæðinu verður viðsnúningur við upphaf framkvæmda og eru aðfluttir fleiri en brottfluttir frá árinu 2003 til ársins 2006. Á árinu 2007 verður viðsnúningur vegna brottflutnings starfsmanna við framkvæmdirnar. Á norður- og suðursvæðinu hafa brottfluttir hins vegar verið fleiri en aðfluttir allt tímabilið frá því fyrir upphaf framkvæmda. Reyndar hraðaði aðeins á brottflutningi frá þeim svæðum árin 2004 og 2005 þegar framkvæmdir komust á fullt skrið á miðsvæðinu.



Mynd 12. Aðfluttir umfram brottflutta eftir svæðum 2002-2007 (á hverja 1.000 íbúa).


Búferlaflutningar innanlands. Gögn um búferlaflutninga til og frá einstökum sveitarfélögum sýna að sveitarfélögin á suðursvæði og norðursvæði hafa sem heild verið að missa fólk í flutningum innan landsvæðis samfellt frá 2002. Er tíðni flutninga á norðursvæði meiri en á hinum tveimur svæðunum. Hafa ber í huga að norðursvæðið er að hluta til í Norðurlandi eystra í gögnum Hagstofunnar. Sveitarfélög á miðsvæði sem heild hafa verið að fá til sín fólk með búferlaflutningum innan landshlutans allt tímabilið að undanskildu árinu 2003.



Mynd 13. Samanlagður fjöldi aðfluttra umfram brottflutta milli landsvæða í sveitarfélögum á miðsvæði og suðursvæði 2002-2007 (á hverja 1.000 íbúa).

Búferlaflutningar gagnvart öðrum landshlutum, sbr. myndina að ofan, sýna að suðursvæðið er með neikvæðan flutningsjöfnuð allt tímabilið sem er hér til skoðunar. Meira jafnvægi er á miðsvæði, sérstaklega eftir 2003. Hér er norðursvæði ekki sýnt þar sem það er að hluta til í Norðurlandi eystra í gögnum Hagstofunnar.

Búferlaflutningamynstur þetta var þegar til fyrir upphaf framkvæmdanna. Sveitarfélög á suðursvæði hafa samtals misst 408 íbúa með búferlaflutningum til annarra landshluta á tímabilinu 2002 til 2007, væntanlega mest til höfuðborgarsvæðisins og áhrifasvæðis þess, en í þeim gögnum Hagstofunnar sem notuð voru hér kemur ekki fram hvert íbúar einstakra sveitarfélaga flytja.




Mynd 14. Nokkur sveitarfélög á Austurlandi, aðfluttir umfram brottflutta milli sveitarfélaga innan landssvæðis og milli landsvæða, meðaltal árána 2004-2007.

Myndin hér að ofan sýnir fjölda aðfluttra umfram brottflutta í nokkrum sveitarfélögum á Austurlandi⁹ bæði innan landsvæðisins, svo og gagnvart öðrum landshlutum á árunum 2004-2007 þ.e. eftir að framkvæmdirnar voru komnar á fullt skrið og rekstrartíminn nýhafinn. Þessar tölur Hagstofunnar sýna m.a. að þrátt fyrir að fram hafi komið áhyggjur á suðursvæði um ruðningsáhrif vegna framkvæmdanna á Austurlandi, en í því felast m.a. búferlaflutningar til miðsvæðisins, þá eru það samt sem áður búferlaflutningar milli landshluta sem eru mun umfangsmeiri. Aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins er eftir sem áður oftast meira en annarra sveitarfélaga innan landshlutans. Fljótsdalshérað sker sig alveg úr en þar eru aðfluttir fleiri en brottfluttir bæði gagnvart öðrum sveitarfélögum innan landshlutans og öðrum landshlutum. Það kemur á óvart að brottfluttir eru fleiri en aðfluttir í tilviki Fjarðabyggðar en hafa verður í huga að rekstrartími álversins er rétt hafinn í lok þess tímabils sem hér er til skoðunar. Reikna má með að jákvæðari tölur birtist fyrir Fjarðabyggð þegar rekstrartíminn er hafinn og má reyndar þegar sjá þess merki þar sem aðfluttir í innanlandsflutningum voru 30 fleiri en brottfluttir árið 2007.

Mynd 15 sýnir tíðni aðfluttra umfram brottflutta eftir landsvæðum á tímabilinu 2002-2007. Athyglisvert er að brottfluttir til annarra landshluta eru fleiri en aðfluttir flest árin.

⁹ Þ.e. sama svæði og gamla Austurlandskjördæmi.

Það er að sjálfsögðu höfuðborgarsvæðið sem flestir flytja til en einnig virðast Suðurnes vera að ná til sín íbúum í nokkrum mæli. Miklir búferlaflutningar eru við nágrennalandshlutana Norðurland eystra og Suðurland. Er það m.a. í samræmi við niðurstöður rannsóknar Stefáns Ólafssonar (1997) um orsakir búferlaflutninga.




Mynd 15. Austurland, aðfluttir umfram brottflutta gagnvart öðrum landsvæðum 2002-2007.

Tímabilið sem hér er valið að skoða, þ.e. 2002-2007 er merkilegt hvað varðar einkenni á meginstraumum búferlaflutninga á landinu. Þetta varðar einkum flutninga í kringum höfuðborgarsvæðið en árið 2004 markar mikil tímamót þar sem brottfluttir verða fleiri frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja og Suðurlands en aðfluttir frá þessum landshlutum. Þessir flutningar ágerast síðan, sér í lagi hvað Suðurnesin varðar og árið 2007 voru brottfluttir frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja 681 fleiri en aðfluttir! Frá árinu 2004 hafa fleiri flutt frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurlands en hina leiðina hvert ár. Árið 2007 eru brottfluttir frá höfuðborgarsvæðinu til Vesturlands einnig orðnir fleiri en aðfluttir þaðan. Þetta eru einkum flutningar til sveitarfélaga innan viðráðanlegs aksturstíma frá höfuðborginni. Ekki liggja fyrir rannsóknir á ástæðum þessara flutninga en á árinu 2004 byrjuðu bankarnir að bjóða húsnæðislán á lægri vöxtum en áður hafði þekkt ásamt herra lánsflutfalli bæði hjá þeim og Íbúðalánasjóði. Þetta þrýsti upp


húsnæðisverði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og hefur það sennilega fælt marga frá því að fjárfesta í húsnæði þar og þeir valið í staðinn að fjárfesta í ódýrara húsnæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Þá hafa samgöngur batnað kringum höfuðborgina og betri þjónusta á vegum sem hvetur til atvinnusóknar um lengri veg en áður. Einnig hefur veðurfar að jafnaði verið hlýrra á undanförunum árum og ófærð fatíðari en segja má að veturinn 2007-2008 hafi þó verið ákveðin undantekning frá þessu. Á móti þessu vegur aukin umferð, umferðarhraði og meðfylgjandi slyshætta. Flutningar sem þessir, einkum til minni bæja í grennd borga eru þekkir víða um heim og kallast fyrirbærið counterurbanization á ensku, sem e.t.v. mætti þýða sem „þéttbýlisvæðingu borgarupplandsins“, sjá t.d. Champion (1989).

Búferlaflutningar innan sveitarfélaga hljóta einnig að tengjast mjög hreyfingum á fasteignamarkaði. Merkja má nokkra aukningu frá árinu 2002 til 2003, sérstaklega á mið- og suðursvæðum. Norðursvæðið virðist fylgja öðrum takti og verður tíðni flutninga þar mest árið 2005. Það sem gerir erfiðara að túlka þessar breytingar eru hræringar á húsnæðislánamarkaði á því tímabili sem hér er til skoðunar (frá 2002) vegna þess að um mitt ár 2004 hófu bankarnir að bjóða hagstæð húsnæðislán í samkeppni við Íbúðalánasjóð. Þessar breytingar gerðu það að verkum að meiri velta varð á húsnæðismarkaði en áður. Búferlaflutningar innan sveitarfélaga á landinu náðu hámarki á árinu 2004 og urðu þá 9% fleiri en meðaltal áranna 2000-2006 (Hagstofa Íslands, 2007). Hafa má í huga að á árunum 2005-2006 var farið að ræða um hugsanlegt álver við Húsavík sem kann að hafa haft áhrif á aukna hreyfingu á fasteignamarkaði á norðursvæðinu á þessum tíma.




Mynd 16. Búferlaflutningar innan sveitarfélaga eftir svæðum 2002-2007 (á hverja 1000 íbúa)

Í póstkönnun vorið 2007 var spurt *Hefur þú (eða fjölskylda þín) íhugað alvarlega að flytja milli byggðarlaga á síðustu 5 árum en ákveðið að gera það ekki?* Þetta var gert til þess að athuga hvort stóriðjuframkvæmdirnar hefðu haldið aftur af e.k. biðhópi. Könnun sem gerð var haustið 2004 benti ekki til þess að svo væri. Ekki er heldur að sjá mikinn mun milli landshluta í könnuninni 2007 og í raun er athyglisvert hve lítill munur er sjáanlegur milli landsvæða hvað áformaða búferlaflutninga varðar. Hvað varðar áhrifasvæðið á Austurlandi hafa einnig orðið litlar breytingar á væntum búferlaflutningum frá könnuninni haustið 2004. Nánast sama hlutfall svarenda taldi flutninga mjög eða frekar líklega þá. Innbyrðis mismunur undirsvæðanna þriggja heldur sér á milli kannana. Miðað við spár um tilflutning fólks í tengslum við framkvæmdirnar virðast þessar niðurstöður ekki benda til stórra breytinga á áformum fólks hvað búferlaflutninga varðar.



Mynd 17. Könnun vorið 2007 - Hefur þú (eða fjölskylda þín) íhugað alvarlega að flytja milli byggðarlaga á síðustu 5 árum en ákveðið að gera það ekki?

Til að meta hvort stóriðjuframkvæmdirnar gætu valdið nokkurskonar innri byggðaröskun á rannsóknarsvæðinu með búferlaflutningum innan áhrifasvæðisins, þ.e. til miðsvæðisins voru þátttakendur í könnuninni spurðir að eftirfarandi: *Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú innan þriggja ára?*



Mynd 18. Könnun vorið 2007 - Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú innan þriggja ára?


Þriggja ára viðmiðunartíminn var ekki síst valin með tilliti til þess að RHA hefur notað þessa sömu spurningu í könnunum víða annarsstaðar á landinu sem gefur möguleika á

samanburði við niðurstöður þeirra. Mynd 18 sýnir niðurstöðuna úr þeirri spurningu eftir landsvæðum.

Ekki er að sjá mikinn mun á milli svæða hvað þessa spurningu varðar og t.d. er ekki hægt að álykta út frá henni að um byggðaröskun verði að ræða innan áhrifasvæðisins, þ.e. frá norður- og suðursvæði inn á miðsvæðið.

Búferlaflutningar milli landa

Á Austurlandi í heild voru aðfluttir erlendir karlar á árinu 2006 9,4 sinnum fleiri en aðfluttar erlendar konur. Að meðaltali voru karlarnir 2,7 sinnum fjölmennari en aðfluttu konurnar þetta tímabil (frá 2002). Flest ár frá 1971 hafa aðfluttar, erlendar konur hins vegar verið fleiri en karlarnir (Hagstofa Íslands, 2007). Stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafa þannig átt þátt í umfangsmikilli breytingu á þessu hefðbundna mynstri búferlaflutninga milli landa.




Mynd 19. Aðfluttir umfram brottflutta milli landa eftir svæðum 2002-2007 (á hverja 1000 íbúa).

Mynd 19 sýnir tíðni í aðflutningi umfram brottflutning eftir svæðum gagnvart útlöndum árin 2002-2006 og einnig fyrstu þrjá mánuðina 2007. Hér kveður við annan tón en í innanlandsflutningunum. Aðflutningur til miðsvæðisins byrjar árið 2003. Gríðarlegur aðflutningur á sér stað til miðsvæðisins árið 2004 og nær hámarki 2005. Á tímabilinu 2002 til mars 2007 voru aðfluttir frá útlöndum umfram brottflutta samtals orðnir 4.130, þar af 3.903 á miðsvæðinu. Eftir það verða brottfluttir milli landa fleiri en aðfluttir.

Mikið ójafnvægi milli kynja kemur fram í búferlaflutningum milli landa sem kemur auðvitað ekki á óvart þar sem um er að ræða búferlaflutninga vinnuafls í framkvæmdum sem hefðbundið höfða mjög til karla. Fyrir upphaf framkvæmda, þegar þessir búferlaflutningar voru í meira jafnvægi, örlaði nokkuð á brottflutningi karla til útlanda. Frá árinu 2003 til mars 2007 voru aðfluttir karlar umfram þá brottfluttu orðnir 3.540 eða tífalt fleiri en konurnar sem voru aðeins 360. Þetta eru þeir búferlaflutningar sem leiða til þeirrar einkennilegu samsetningu mannfjöldans á miðsvæðinu sem sjá má á mannfjöldapíramídum (Mynd 25).


Mikil þátttaka erlendra ríkisborgara í framkvæmdunum var líklega það sem kom hvað mest á óvart eftir að þær voru hafnar. Þetta er þó í samræmi við þróun sem hefur verið að eiga sér stað á Íslandi á undanförunum árum, þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði hefur aukist jafnt og þétt í samræmi við gott langvarandi atvinnuástand á Íslandi, lítið atvinnuleysi samanborið við flest lönd í Evrópu og hátt gengi krónunnar um nokkurra ára skeið. Samhliða framkvæmdunum á Austurlandi voru og miklar framkvæmdir í öðrum landshlutum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og helsta áhrifasvæði þess og var samkeppni um vinnuafl því mikil. Í árslok 2006 voru um 4.150 erlendir ríkisborgarar á áhrifasvæðinu, flestir á miðsvæði eða rúmlega 3.800. Mynd 20 sýnir hvernig fjöldi erlendra ríkisborgara hefur þróast á árunum 2002-2007. Í stórum dráttum má segja að óbreytt staða haldist allt tímabilið á norður- og suðursvæði meðan gríðarleg breyting á sér stað á miðsvæðinu og erlendir ríkisborgarar verða hvorki meira né minna en 32% mannfjöldans á því svæði í árslok 2006! Samsvarandi hlutfall var þá 3,4% fyrir norðursvæðið, 4,6% fyrir suðursvæðið og á landinu í heild 6%.



Mynd 20. Erlendir ríkisborgarar eftir svæðum 2002-2007.

Alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur sett sín greinilegu mörk á það með hvaða hætti þessar framkvæmdir fóru fram, svo og ýmsar aðrar stórar framkvæmdir á Íslandi á svipuðum tíma. Hið svokallaða fjórfrelsi sem fékkst með EES-samningnum er t.d. stór áhrifavaldur þarna líkt og á mörgum öðrum sviðum samfélagsins.

Greinilegt er að það hverjir urðu stærstu verktakar framkvæmdanna hefur haft gífurleg áhrif á samsetningu og fjölda erlendra ríkisborgara meðal starfsmanna í framkvæmdunum. Menningar- og viðskiptatengsl ásamt reynsla verktaka af fyrri framkvæmdum annarsstaðar í heiminum skipta miklu máli. Þannig urðu Portúgalar skyndilega fjölmennustu erlendu ríkisborgararnir á miðsvæðinu eða 251 í árslok 2004. Á þessum tíma átti ítalski verktakinn Impregilo mikil viðskipti við starfsmannaleigur í Portúgal. Milli árána 2004 og 2005 verður svo gríðarleg fjölgun í hópi Pólverja, sem þó voru fjölmennir fyrir, í takti við aukin umsvif við byggingu álversins. Bandaríska byggingafyrirtækið Bechtel, aðalverktakinn við byggingu álvers Alcoa Fjarðaáls hafði þá yfirlýstu stefnu að takmarka ráðningar sínar við starfsmenn frá Íslandi, Póllandi og enskumælandi fólki. Milli árána 2004 og 2005 verður einnig gífurleg fjölgun Kínverja sem Impregilo réði til starfa við gerð Kárahnjúkastíflu.



Mynd 21. Helstu þjóðerni útlendinga 2002-2006 á miðsvæði, raðað eftir fjölda ársins 2006.

Athyglisvert er að bera saman fjölda Pólverja annars vegar og Portúgala og Kínverja hins vegar á árunum fyrir framkvæmdirnar (Tafla 4). Enginn einstaklingur með portúgalskt ríkisfang var skráður til heimilis á öllu rannsóknarsvæðinu þegar framkvæmdir hófust og einstaklingar með kínverskt ríkisfang voru teljandi á fingrum annarrar handar. Impregilo tekur hins vegar ákvörðun um að ráða til sín starfsmenn frá þessum löndum í stórum stíl. Pólverjar hafa aftur á móti verið tiltölulega fjölmennir í hópi erlendra ríkisborgara á Íslandi á undanförunum árum.

Árið 2000 voru 247 einstaklingar með erlent ríkisfang skráðir til heimilis á miðsvæðinu, þar af 93 Pólverjar eða nærri tveir af hverjum fimm útlendingum. Frá árinu 2002 hafa Pólverjar einnig verið fjölmennastir meðal útlendinga á áhrifasvæðinu öll árin að undanskyldu 2004 þegar Portúgalar voru skyndilega orðnir fjölmennastir og þá Ítalir. Taflan hér að neðan sýnir röð fjölmennustu þjóðerna og fjölda einstaklinga hvert ár frá 2002 til 2006.

Tafla 4. Röð og fjöldi fjölmennustu erlendu þjóðerna á miðsvæðinu 2002-2006 (miðað er við fjölmennustu þjóðerni 2006).

2002	N	2003	N	2004	N	2005	N	2006	N	2007	N
Pólland	97	Pólland	102	Portúgal	251	Pólland	834	Pólland	1551	Pólland	845
Evrópa annað	56	Önnur þj.erni	59	Ítalía	139	Kína	405	Kína	554	Portúgal	433
Norðurlönd	41	Evrópa annað	52	Pólland	128	Portúgal	271	Portúgal	442	Önnur þj.erni	224
Önnur þj.erni	24	Norðurlönd	52	Evrópa annað	118	Önnur þj.erni	269	Önnur þj.erni	391	Evrópa annað	204
Ríki fyrr. Júg.	6	Ríki fyrr. Júg.	15	Önnur þj.erni	88	Ítalía	185	Evrópa annað	307	N-Ameríka	201
N-Ameríka	5	Kína	10	Kína	56	Evrópa annað	180	Ítalía	193	Kína	157
Kína	4	N-Ameríka	8	Norðurlönd	53	N-Ameríka	63	N-Ameríka	163	Ítalía	111
Portúgal	0	Ítalía	8	Ríki fyrr. Júg.	19	Norðurlönd	57	Ríki í fyrr. Júg.	147	Norðurlönd	61
Ítalía	0	Portúgal	0	N-Ameríka	13	Ríki í fyrr. Júg.	22	Norðurlönd	66	Ríki í fyrr. Júg.	42

Athyglisvert er að litlar breytingar verða á fjölda Norðurlandabúa á þessum tíma. Ríkisborgurum ríkja fyrrum Júgóslavíu fjölgar mjög milli árána 2005 og 2006 en framkvæmdir við línulögnina frá Kárahnjúkavirkjun að álverinu voru einkum í höndum fyrirtækja þaðan. Samið var við fyrirtækin Dalekovod frá Króatíu og Elektrovod frá Slóvakíu um að setja saman og reisa turna Fljótsdalslína 3 og 4 og strengja leiðara. Skýrir það líklega fjölgun starfsmanna frá þessum ríkjum. Strax og framkvæmdirnar hófust varð ljóst að erlendir starfsmenn myndu vinna við þær í meira mæli en áður hafði þekkt í samskonar framkvæmdum hérlendis. Þannig sagði Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar á ársfundi fyrirtækisins 2003:

„Það er að sjálfsögðu ekki hægt á þessari stundu að fullyrða um hvernig verktakar munu haga mannahaldi sínu en líklegt er að þeir leitist við að finna jafnvægi í ráðningum erlends og innlends vinnuafls. Sem dæmi um þetta má nefna að ítalska verktakafyrirtækið Impregilo, sem mun byggja fyrir um 50% af framkvæmdakostnaði Kárahnjúkavirkjunar, gerir ráð fyrir að um 60-70% af sínu vinnuafli komi erlendis frá. Með hliðsjón af þessu tel ég líklegt að hlutur erlends vinnuafls við þessar miklu framkvæmdir verði nokkru meiri en áætlað hefur verið.“

Innlendir verktakar hafa sjálfsagt í upphafi framkvæmda flestir gert ráð fyrir að manna störf almennt með Íslendingum en reyndin hefur orðið önnur. Þannig má nefna sem dæmi að Suðurverk hf. auglýsti vikum saman árangurslaust eftir mannskap á árinu 2005 og réð í framhaldi af því Pólverja til starfa. Haft var eftirfarandi eftir staðarstjóra fyrirtækisins: „Við sögðum reyndar á sínum tíma að fyrirtækið myndi einungis hafa Íslendinga í vinnu við Kárahnjúka en ástandið á vinnumarkaðinum hér leyfir víst ekki

slíka bjartsýni...Pólverjana réðum við til þess að geta staðið við að skila verkinu á tilsettum tíma.“ (www.karahnjukar.is, heimsótt 4. október 2007)



Heimild: Heimasíða Kárahnjúkavirkjunar, www.karahnjukar.is

Mynd 22. Fjölbjóðleg stemning þegar Kínverjar og Ítalir fagna ákaft einum stærsta áfanga framkvæmdanna þann 5. desember 2006, þ.e. opnun frárennslisganga Kárahnjúkavirkjunar um 40 kílómetra leið úr Háslóni niður á Teigsbjarg.

Á kynningarfundi sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið efndi til á Akureyri 16. apríl 2003 til að kynna niðurstöður starfshóps um „mannaflapörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda fyrir árin 2003-2008 kom eftirfarandi fram hjá iðnaðarráðherra:

„Það er ekki daglegt brauð að erlendir aðilar fjárfesti hér á landi í atvinnulífi fyrir tugi milljarða, eins og fyrirhugað er vegna byggingar álvers á Austurlandi og Vesturlandi. Þegar erlendir aðilar fjárfesta hér á landi, er mikilvægt að sem mest af þeirri fjárfestingu skili sér sem aukin umsvif innlendra aðila, bæði hvað varðar byggingar og rekstur. Aukin alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að fjarlægðir og landfræðileg staðsetning skipta sífellt minna máli í efnahagslegum, pólitískum og menningarlegum samskiptum svæða sem þjóða. Þetta á einnig við um fjárfestingu, þar sem einstök ríki og svæði, keppa í mun ríkara mæli en áður um fjármagn, fólk og fyrirtæki – ekki síst á sviði erlendrar fjárfestingar.“
(Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2003, 16. mars)

Í gagnaöflun fyrir þetta rannsóknarverkefni hefur komið í ljós að erfitt er að leita gagna um fjölda og uppruna starfsmanna sem eru á framkvæmdasvæðum á hverjum tíma þrátt fyrir mikinn eftirrekstur. Í upphafi árs 2008 fengust þó gögn sem yfirtrúnaðarmaður

Landsvirkjunar við Kárahnjúka tók saman og gefa þær allgóða mynd af þróun í fjölda og þjóðernum starfsmanna við virkjunina. Í viðauka eru birtar myndir sem sýna þá þróun.

Á árinu 2007 kom berlega í ljós að opinberir aðilar áttu fullt í fangi með að halda utanum gögn um erlenda starfsmenn á Íslandi á þeim þenslutíma sem verið hafði. Kann þetta að útskýra hversu illa rannsakendum hefur gengið að fá góð gögn um þennan þátt. Þetta kristallaðist í rútuslysi sem varð í Bessastaðabrekkum 26. ágúst 2007 (Gunnar Páll Baldvinsson, 2007, 27. ágúst). Um var að ræða rútu með starfsmönnum verktakafyrirtækis við Kárahnjúkavirkjun sem voru í bærjarferð til Egilsstaða. Við þetta kom í ljós að verulegur hluti starfsmanna á svæðinu var ekki á skrá Vinnumálastofnunar (Gunnar Páll Baldvinsson, 2007, 29. ágúst). Grunur lék á að hluti þeirra hefði ekki haft tilskilin leyfi til að starfa á Íslandi eða 20 af 29 manns sem voru í rútnni (Fréttablaðið, 2007, 26. ágúst). Hlaust af þessu allmikið fjölmiðlafár og umræður í þjóðfélaginu. Greip Vinnumálastofnun m.a. til aðgerða gagnvart fyrirtækjum á svæðinu í kjölfarið. Þá var upplýst í tengslum við þessa upptöku að kjör sumra erlendu starfsmannanna væru e.t.v. ekki í samræmi við kjarasamninga og hafði yfirtrúnaðarmaður Landsvirkjunar bent Vinnumálastofnun á það áður en umrætt slys átti sér stað. Bent var á að misbrestur á skráningu hefði m.a. áhrif á lögformleg réttindi s.s. almanna-, sjúkra- og slysatryggingar (Gunnar Páll Baldvinsson, 2007, 28. ágúst).

Starfsemi Impregilo, aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar, var einnig talsvert undir smásjóni, m.a. vegna aðbúnaðar starfsmanna fyrirtækisins. Um þetta var fjallað í forystugrein Morgunblaðsins 31. maí 2007, bls. 26 og kristallast þar þessi nýi veruleiki sem við blasir þar sem alþjóðlegir verktakar taka að sér verkefni við stórfamkvæmdir. Íslenskt samfélag var líklega ekki nógu vel búið undir þennan nýja veruleika:


„En getur það verið að ekki hafi verið nógu vel að undirbúningi, skipulagningu og eftirliti staðið? Hafa hinir erlendu verkamenn verið nægilega vel upplýstir um hver réttur þeirra er? Hafa þeir haft um það nákvæmar upplýsingar hvert þeir geta snúið sér ef þeir telja að á þeim hafi verið brotið, t.d. hvað varðar aðbúnað, laun, vinnutíma, vinnuslys og kynferðislega áreitni yfirmanna í garð undirmanna? ... Með því að nýta okkur þann lærdóm, sem draga má af veru Impregilo hér á landi, er hægt að leggja grunninn að því að betur verði gert, næst þegar ráðist verður í alþjóðlega verktöku á Íslandi.“

Greinilegt er að þau áform opinberra aðila um að láta fjárfestinguna skila sér til innlendra aðila gengu minna eftir en vænst hafði verið, sérstaklega hvað varðar vinnulaun starfsmanna við framkvæmdirnar og kom þar margt til eins og að ofan er rakið. Hið sama gildi reyndar um margar aðrar framkvæmdir víða um land á sama tíma, þensla mikil

og eftirspurn eftir vinnuafli. Samkvæmt handbók Halstead, Chase, Murdock og Leistriz um stjórnun á samfélagslegum áhrifum (1988), er byggð á reynslu Bandaríkjamanna af margvíslegum stórfamkvæmdum, geta slíkar framkvæmdir valdið fjölgun íbúa vegna búferlaflutninga vinnuafli inn á svæðið sem síðan aftur eykur þrýsting á þjónustu og fjárhag sveitarfélaga auk vandamála við félagslega aðlögun. Að loknum framkvæmdum nokkrum árum síðar gætu viðkomandi sveitarfélög t.d. staðið uppi með offramboð í þjónustu. Ein þeirra leiða sem fara megi til þess að minnka þetta tímabundna álag á nærsamfélagið sé að draga úr búferlaflutningum starfsmanna við framkvæmdir, ásamt fjölskyldum sínum, inn á svæðið. Starfsmenn flytji þess í stað aðeins tímabundið. Þetta er í raun það sem gerðist á Austurlandi. Þeir sem unnu við framkvæmdirnar voru að mestu leyti í eigin samfélögum á Kárahnjúkasvæðinu og í starfsmannaþorpi við Reyðarfjörð. Engu að síður komu þessir starfsmenn fram í þeim búferlaflutningum milli landa sem hefur verið gerð grein fyrir í þessum kafla og þar af leiðandi í íbúatölu sveitarfélaganna. Nánar verður komið inn á þennan þátt í tengslum við umfjöllun um efnahagsleg áhrif framkvæmdanna (bls. 61).


5.4. Samsetning mannfjöldans árið 2007

Þeir miklu búferlaflutningar erlendis frá sem lýst var í kaflanum hér að framan valda því að samsetning mannfjöldans eftir kyni og aldri verður afar sérkennileg á miðsvæðinu. Myndin hér að neðan er mannfjöldapýramídi fyrir áhrifasvæðið sem heild árið 2007 og er hlutur karla á vinnualdri afar mikill svo ekki sé meira sagt. Sá tímamunktur sem þessi áfangaskýrsla miðar við, þ.e. árslok 2007 veldur því að sú mynd sem dregin er af samsetningu mannfjöldans á svæðinu einkennist af því bráðabirgðaástandi sem ríkir á svæðinu að þessu leyti. Erfitt er að átta sig á „raunverulegri“ mannfjölgun á svæðinu en þess má vænta að í mannfjöldatölum fyrir 2008 sjáist að mestu í hvað stefnir í þeim efnunum.




Mynd 23. Áhrifasvæðið, samsetning mannfjöldans eftir kyni og aldri 1. desember 2007

Mannfjöldapýramídi fyrir norðursvæðið ber engan veginn með sér miklar breytingar á samsetningu mannfjöldans, sú mynd sem þar sést er bara nokkuð dægigerð fyrir íslenska landsbyggð. Eldri íbúar eru þannig hlutfallslega fleiri en á landinu í heild, sérstaklega eldri karlar. Það vantar hlutfallslega í árgangana 20-39 ára og eins eru börn hlutfallslega færri en á landinu í heild. Þetta stafar af því að fólk á aldursbilinu 20-35 ára er jafnan virkast í búferlaflutningum. Þegar fleiri flytja frá tilteknum svæðum en til þeirra um lengri tíma vantar gjarnan inn í þennan aldurshóp. Þetta er sá hluti mannfjöldans sem er hvað virkastur, er að stofna fjölskyldu, mennta sig og fjárfesta í húsnæði og öðru sem á að nota á lífsleiðinni. Allt kostar þetta sitt og veldur umsvifum á viðkomandi stað og einskonar vaxtarþyrli. Á Íslandi verða þessi umsvif einkum til í höfuðborginni og áhrifasvæði hennar. Tækifæri til að snúa aftur til heimahaganna og fá þar atvinnu við hæfi eru oft takmörkuð fyrir það unga fólk sem hefur flutt burt til að afla sér menntunar og reynslu.




Mynd 24. Norðursvæði, samsetning mannföldans eftir kyni og aldri 1. desember 2007

Á miðsvæðinu kveður við annan tón þar sem karlar á vinnualdri yfirskyggja alla aðra aldurshópa. Karlar voru í árslok 2006 hvorki meira né minna en 64,1% íbúanna á svæðinu eða um 7.500 á móti um 4.200 konum. 1. desember 2007 voru karlar 59% íbúa eða 10.484 á móti 8.381 konu sem er mismunur upp á um 2100 manns. Því er þó spáð að mestur hluti þeirra karla sem flutt hafa inn á svæðið vegna þátttöku í framkvæmdunum muni flytja burt aftur að þeim loknum, flestir á árinu 2007. Hvort þetta gengur að öllu leyti eftir verður þó fróðlegt að fylgjast með. Tölur um búferlaflutninga 2007 benda til þess að þetta gerist allhratt.




Mynd 25. Miðsvæði, samsetning mannföldans eftir kyni og aldri 1. október 2007

Mikil breyting sést á mannfjöldapyramíðunum tveimur sem sýna samsetningu mannfjöldans á síðustu mánuðum ársins 2007. Brottflutningur vinnuaflsins stendur yfir.



Mynd 26. Miðsvæði, samsetning mannfjöldans eftir kyni og aldri 1. desember 2007

Sú mynd sem sjá má fyrir suðursvæðið er mjög áþekkt þeirri sem sjá má á norðursvæðinu, þ.e. nokkuð hefðbundin fyrir íslenska landsbyggð. Þó má sjá að svæðið er minna frábrugðið þeirri mynd sem sjá má á Íslandi í heild. Það er þannig ívið skárri staða sem sjá má hvað varðar hlutfall 20-39 ára íbúa en á norðursvæðinu. Athyglisverður er hlutfallslegur fjöldi unglinga á svæðinu.



Mynd 27. Suðursvæði, samsetning mannfjöldans eftir kyni og aldri 1. október 2007

Á árinu 2007 var unnið að því að ráða síðustu starfsmenn álversins í Reyðarfirði og í upphafi október það ár átti aðeins eftir að ráða þangað 30 manns en alls var áætlað að í boði yrðu um 400 störf í álverinu sjálfu þegar það væri komið í fullan rekstur¹⁰.

Hafa ber í huga að Alcoa Fjarðaál tók ákvörðun um að útvista stórum hluta af þjónustu við starfsemina. Þannig verða svokölluð margfeldisáhrif meiri en ella en jafnframt meiri óvissa um hvar viðkomandi starfsemi verður, svo og búseta starfsmannanna. Alcoa Fjarðaál hefur flokkað þessa þjónustu niður eftir því hversu fljótt þarf að bregðast við.

Samkvæmt upplýsingum frá Alcoa Fjarðaáli í upphafi október 2007 bjuggu um 29% starfsmanna álversins á Reyðarfirði, 21% á Egilsstöðum, 16% á Norðfirði, 14% á Eskifirði, tæplega 10% á Fáskrúðsfirði og rúmlega 5% búa á Stöðvarfirði (Steinunn Ásmundsdóttir 2007, 8. október).

5.5. Samantekt um íbúafjölda

Við upphaf framkvæmdanna var íbúasamsetning á áhrifasvæðinu keimlík því sem sjá má annarsstaðar á landsbyggðinni. Karlar voru heldur fleiri en konur, ungt fullorðið fólk og yngstu börnin voru hlutfallslega færri en á landinu í heild. 1. desember 2006 fór íbúafjöldinn upp í tæplega 20.500 manns, eftir mikinn aðflutning erlends vinnuafls, en síðan fækkaði aftur og 1. desember 2007 voru tæplega 18.900 manns búsettir á svæðinu. Þessi fjölgun átti sér stað á miðsvæðinu en á suðursvæði fækkaði hins vegar um 10% á tímabilinu 2002-2007 og um 8% á norðursvæðinu. Einnig er mikill munur á þróun einstakra þéttbýlisstaða. Egilsstaðir-Fellabær vaxa samfellt á tímabilinu eða um hátt í 700 manns sem er 34% fjölgun. Reyðarfjörður vex einnig mikið en í allt öðrum takti þar sem gríðarleg fjölgun tengdist starfsmannaþorpinu sem reist var í tengslum við byggingu álversins. Íbúar Reyðarfjarðar voru 623 árið 2002 en 2.250 þann 1. desember 2006 sem er fjölgun um 260% en um 1.300 íbúar voru búsettir í starfsmannaþorpinu um mitt ár 2006. Það var síðan yfirgefið fyrir júl 2007. Tölur um búferlaflutninga sýna að það er fyrst og fremst á miðsvæðinu sem breytingar verða. Búferlaflutningar erlendra verkamanna til og frá miðsvæðinu yfirskyggja aðra strauma. Hefðbundnir búferlaflutningar frá norður- og suðursvæðinu halda hins vegar áfram. Greining á búferlaflutningum innanlands leiðir í ljós að Austurland sem heild var að tapa fólki með búferlaflutningum innanlands öll ár nema 2003. Hjá sveitarfélögum á suður- og

¹⁰ Þetta breyttist vorið 2008 og farið var að ræða um, í tengslum við umfangsmiklar atvinnuauglýsingar Alcoa Fjarðaáls, að alls yrðu starfsmenn fyrirtækisins um 450 talsins í stað 400. Í frétt í Morgunblaðinu 9. mars 2008 kom fram að fjölgun starfsmanna umfram fyrri áætlanir stafaði m.a. af fullvinnslu áls hjá fyrirtækinu.

norðursvæðum innan gamla Austurlandskjördæmis yfirskyggja hefðbundnir búferlaflutningar til annarra landshluta búferlaflutninga innan landshluta. Því má álykta sem svo að aðdráttarafl vegna framkvæmdanna á miðsvæðinu hafi ekki náð að yfirstíga aðdráttarafl suðvesturhorninsins.

Umfang búferlaflutninga milli landa er eitt þeirra atriða sem mest komu á óvart í framkvæmdunum. Frá 1. desember 2002 til mars 2007 voru aðfluttir frá útlöndum umfram brottflutta orðnir rúmlega 4.100 samtals, þar af um 3.900 á miðsvæðinu. En eftir það verða brottfluttir milli landa fleiri en aðfluttir. Í árslok 2006 voru um 4.150 erlendir ríkisborgarar búsettir á áhrifasvæðinu, flestir á miðsvæði eða rúmlega 3.800 sem jafngildir um þriðjungum mannfjöldans á því svæði. Lægra hlutfall erlendra ríkisborgara var þá á norður- og suðursvæðum en á landinu í heild. Þjóðerni þeirra sem þátt tóku í framkvæmdunum virðist mjög hafa ráðist af því hverjir urðu megin verktakarnir við framkvæmdirnar. Atvik sem áttu sér stað á framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar árið 2007 leiddu til mikillar opinberrar umræðu um utanumhald um erlenda borgara hér á landi, aðbúnað erlendra verkamanna og fleira. Margt benti til að samfélagið væri ekki fyllilega undirbúið til að taka á móti þessum mikla fjölda. Sá mikli aðflutningur erlendra verkamanna sem átti sér stað leiddi til ákaflega sérkennilegrar samsetningar mannfjöldans á miðsvæðinu. Í árslok 2006 voru karlar hvorki meira né minna en 64% mannfjöldans, flestir á virkasta vinnualdrinum 25-59 ára.

6 EFNAHAGUR

Stærð framkvæmdanna er slík að áhrifa þeirra gætir víða, jafnt hérlendis sem erlendis. Samkvæmt yfirliti sem gefið var um stöðu framkvæmdanna hjá Alcoa Fjarðaáli í árslok 2006 kom fram að þá hafi tæpum 74 milljörðum verið varið til verkefnisins. Þar af hafi um 17 milljörðum verið varið hérlendis. Af þessum 17 milljörðum hafi um 42% eða rúmum 7 milljörðum verið varið á Austurlandi. Á þessum tíma voru 71% starfsmanna við álversbygginguna Pólverjar og 11% Íslendingar (Steinunn Ásmundsdóttir 2006, 23. nóvember). Þessar tölur sýna glögglega hversu víða áhrifin dreifast annarsstaðar en um íslenska eða austfirsku samfélagið.

Í árslok 2007 var búið að vinna í rúm fjögur og hálf ár við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun var framkvæmdakostnaður nokkurn veginn innan kostnaðaráætlunar þrátt fyrir miklar tafir á verkefninu (Steinunn Ásmundsdóttir 2007, 8. október). Samkvæmt skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis (Alþingi, 2008) kom fram að áætlaður heildarkostnaður Landsvirkjunar við Kárahnjúkavirkjun væri 133,3 milljarðar að meðtöldum fjármagnskostnaði á verðlagi septembermánaðar 2007. Ekki kom fram í skýrslunni hvernig útgjöld dreifast landfræðilega.

6.1. Efnahagur við upphaf framkvæmda

Í áfangaskýrslu I kom fram að áhrif framkvæmdanna séu greinileg á efnahag íbúanna á Austurlandi. Atvinnutekjur hafi hækkað mikið og meira en á landinu í heild. Meginbreytingin var mikil hækkun atvinnutekna í úrvinnslugreinum en lækkandi í frumvinnslugreinum. Flest benti þannig til þess að samfélagið væri að færast hraðbyri í átt til iðnaðar- og þjónustusamfélagsins, eða fyrst og fremst miðsvæðið.

6.2. Breytingar á tekjum á framkvæmdatíma


Hagstofan tekur saman upplýsingar um atvinnutekjur á landinu. Í því sambandi eru það einkum tvenns konar upplýsingar sem fróðlegt er að skoða. Annars vegar heildaratvinnutekjur eftir atvinnugreinum og hins vegar meðalatvinnutekjur í aðalstarfi.

Í áfangaskýrslu I var gerð grein fyrir opinberri tölfræði yfir þróun efnahags eftir landsvæðum við upphaf framkvæmda og allt til ársins 2005. Þegar verið er að taka þessa skýrslu saman í árslok 2007 hefur Hagstofan enn ekki birt nýrri tölur um þennan þátt og verður því gerð betri grein fyrir honum þegar nauðsynleg opinber gögn liggja fyrir. Þetta er til marks um það að ýmis opinber gögn um þessar framkvæmdir batna í raun þegar frá líður.

Sterkar vísbendingar eru um að hinn mikli innflutningur erlends vinnuafls, sem fjallað er í 5. kafla um þróun mannfjölda hér að framan, hafi í raun valdið því að þenslan á framkvæmdatíma hafi orðið minni en ella. „Þenslan á vinnumarkaðinum hérna er náttúrulega ótrúlega lítil, í raun og veru, miðað við það...og auðvitað hefði þetta aldrei verið hægt nema með frjálsu flæði [vinnuafls innan evrópska efnahagsvæðisins]“ (Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar í viðtali 26. apríl 2007). Með þessu móti verður sveigjanleiki ýmissa fyrirtækja, s.s. í byggingariðnaði einnig meiri til að mæta niðursveiflunni sem búast má við í lok framkvæmdatímans.

6.2. Könnun meðal almennings


Í spurningakönnun vorið 2007 voru lagðar fyrir nokkrar spurningar sem lutu að efnahag íbúanna. Þessi könnun varpar ljósi á þróun mála á Austurlandi frá því að fyrsta könnunin var gerð haustið 2004. Þar sem könnunin fór fram á landsvísu má sjá hvernig íbúar á áhrifasvæðinu líta á stöðu ýmissa mála er varða framkvæmdirnar í samanburði við aðra landshluta. Í báðum könnunum var spurt um hversu ánægðir íbúar væru með atvinnutekjur sínar. Niðurstöðuna má sjá á næstu mynd.



Mynd 28. Spurt haustið 2004 og vorið 2007: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar?

Þeim sem eru mjög eða frekar ánægðir með atvinnutekjur sínar hefur greinilega fjölgað mjög á miðsvæðinu milli kannana haustið 2004 og vorið 2007. Nokkur breyting til hins betra á sér einnig stað á norðursvæðinu en á suðursvæðinu stendur hlutfall þeirra svarenda sem eru þessa sinnis nokkurn veginn í stað.


Næsta mynd sýnir niðurstöðu úr sömu spurningu í samanburði á landsvísu.



Mynd 29. Spurt vorið 2007, samanburður á landsvísu: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar?

Þarna má sjá að þrjú svæði skera sig úr, þ.e. áhrifasvæði Reykjavíkur, áhrifasvæðið á Austurlandi í heild og miðsvæði Austurlands. Það er mjög athyglisvert að ánægjan með þennan þátt er heldur meiri á miðsvæðinu en á áhrifasvæði Reykjavíkur og að þetta nægi til þess að áhrifasvæðið í heild sinni mælist með jafn mikla ánægju með þennan þátt sem raun ber vitni. Það er einnig áhugavert að norðursvæðið mælist með minnsta ánægju með þennan þátt af öllum svæðum í þessari könnun en samt hafði þar orðið talsverð hækkun milli áráanna 2004 og 2007. Þetta bendir til þess að fólk á norðursvæðinu upplifi sig búa á nokkru lágtekjussvæði.

Einnig var spurt um efnahag fjölskyldunnar. Niðurstöðuna má sjá á næstu mynd.




Mynd 30. Spurt haustið 2004 og vorið 2007: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahag fjölskyldunnar?

Á myndinni hér að ofan má almennt sjá talsverða ánægjuaukningu með efnahag fjölskyldunnar milli áráanna 2004 og 2007. Ánægja eykst með þennan þátt á áhrifasvæðinu í heild en mjög misjafnt hversu mikið milli svæða. Sérstaklega er athyglisvert að það er á norðursvæðinu sem ánægjan eykst mest sem er ekki í samræmi við niðurstöður úr spurningunni um persónulegar atvinnutekjur. Þarna þarf auðvitað ekki að vera fullt samhengi á milli. Íbúar norðursvæðisins meta hugsanlega á móti önnur búsetuskilyrði sem hafa áhrif á efnahag fjölskyldunnar. Annað sem stingur í augu er að þátttakendur á suðursvæðinu telja efnahag fjölskyldunnar hafa versnað milli kannana 2004 og 2007. Aftur er það ljóst að horft er til fleiri þátta en tekna þegar fólk metur efnahags fjölskyldunnar, þátttakendur í könnuninni virðast að þessu leyti líta svo á að suðursvæðið standi höllum fæti. Ekki er gott að átta sig á hvað veldur helst en leiða má að því líkur að

miklar fjarlægðir frá þeim svæðum sem njóta mests vaxtar skipti þar miklu og að fólki á suðursvæðinu finnst það liggja þar óbætt hjá garði.


Í könnunni var spurt um trú á að framkvæmdirnar hefðu áhrif á fjárhagslega afkomu svarenda. Niðurstöðurnar má sjá á tveimur næstu myndum.



Mynd 31. Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi? Breyting milli febrúar 2003, nóvember 2004 og febrúar 2007.

Í febrúar árið 2003 höfðu um 44% íbúa á rannsóknarsvæðinu mjög mikla eða fremur mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdirnar en haustið 2004 var þetta hlutfall komið niður í um 29%. Hins vegar jukust væntingar um bætta fjárhagslega afkomu aftur upp í um 36% árið 2007 þó þær hafi ekki enn náð þeim hæðum sem voru í könnuninni vorið 2003.


Munur milli undirsvæða innan rannsóknarsvæðisins er hér með svipuðum hætti og áður. Þannig telja íbúar á miðsvæðinu sig að jafnaði mun líklegri til að öðlast fjárhagslegan ábata af framkvæmdunum en þeir sem búa á norður- og suðursvæðunum.



Mynd 32: Spurt vorið 2007: Hefur þú mikla eða litla trú á að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi bætt fjárhagslega afkomu þína?

Frá 2004 hefur þeim fjölgað um 10 prósentustig á miðsvæðinu (úr 15% í 25%) sem hafa mjög mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni vegna framkvæmdanna. Um helmingur svarendanna á miðsvæðinu hefur mjög eða frekar mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni í tengslum við stóriðjuframkvæmdir, sem er um 6 prósentustiga aukning frá 2004. Á norðursvæðinu hefur mjög mikil eða frekar mikil trú á bætta fjárhagslega afkomu aukist úr 11% í 22%. Á suðursvæðinu hefur bjartsýnin hins vegar heldur minnkað þar sem þeim sem hafa mjög eða frekar mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni, hefur fækkað úr 17% í 11%. Þetta bendir til þess að suðursvæðið hafi ekki mikil tengsl við framkvæmdirnar. Megin niðurstaðan, hvað þessa spurningu varðar, er sú að áhrifin eru fremur staðbundin við svæðið innan tveggja stunda akstursvegalengdar hvað það varðar að fólk eigi von á betri fjárhagslegri afkomu af framkvæmdunum.


Á sama hátt var spurt um trú á því að rekstur álvers í Reyðarfirði myndi bæta fjárhagslega afkomu svarenda. Niðurstöðuna má sjá á eftirfarandi mynd



Mynd 33. Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði? Breyting milli feb. 2003, nóv. 2004 og feb. 2007.

Þegar fólk var spurt hvort það hefði mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði kemur fram svipuð breyting milli ára 2003, 2004 og 2007 og sást í spurningunni hér að framan. Þannig höfðu 37% svarenda á Austurlandi mjög mikla eða fremur mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu í tengslum við starfrækslu álversins. Þetta hlutfall lækkaði mjög árið 2004 eða niður í 22%. Núna hefur þetta hækkað aftur upp í 37%. Þetta bendir til þess að væntingarnar hafi að þessu leyti verið afar miklar fyrir framkvæmdirnar en séu að komast í meira jafnvægi eftir því sem fólk er upplýstara um hvert verður líklegt atvinnusóknarsvæði álversins og hvernig önnur afleidd störf muni byggjast upp í kringum það.

Mynd 34 sýnir þessa spurningu greinda eftir svæðum. Líkt og áður eru það íbúar á miðsvæðinu sem vænta áhrifa í mun ríkari mæli en íbúar á norður- og suðursvæðum. Munurinn á milli svæðanna er afgerandi. Utan áhrifasvæðisins á Austurlandi er afar lágt hlutfall svarenda sem trúir að fjárhagsleg afkoma þeirra muni batna vegna rekstrar álversins. Sínu lægst er þetta hlutfall á þeim svæðum sem fjarlægast eru, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.




Mynd 34. Spurt vorið 2007: Hefur þú mikla eða litla trú á bættri fjárhagslegri afkomu þinni í tengslum við starfrækslu álvers í Reyðarfirði?

Á miðsvæðinu eru heldur fleiri samanlagt sem hafa mjög mikla eða fremur mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni vegna reksturs álversins, eða um 40% vorið 2007 í stað 35% haustið 2004. Helsta breytingin frá 2004 er líklega sú að þeim sem hafa mjög mikla trú á bættri afkomu hefur fjölgað á miðsvæðinu um 7 prósentustig og þetta gefur vísbendingar um að sú trú fólks sé að styrkjast að þar muni þessi áhrif þjappast saman og fólk farið að gera sér betur grein fyrir því en áður í hverju áhrif af rekstri álversins verða einkum fólgin.

Ekki er allt jákvætt í þeirri þenslu sem ríkt hefur á aðal áhrifasvæðinu. Þannig eru til tölur yfir fjölda gjaldþrota fyrirtækja eftir sveitarfélögum (Hagstofa Íslands, 2008 og Creditinfo Ísland, 2008). Þær tölur sýna að gjaldþrotum fór fjölgaði á Austurlandi, þ.e. gamla Austurlandskjördæmi á árabílinu 2002-2007. Hámarki náðu þessi gjaldþrot á árinu 2006 og urðu þá alls 34, þar af flest í byggingariðnaði og mannvirkjagerð eða 10 og 6 í hótél- og veitingahúsarekstri. Fæst voru gjaldþrotin 2004 eða 13 talsins. Samkvæmt viðtölum við heimamenn munu hafa verið dæmi um að smærri verktaktar, einkum í byggingariðnaði, hafi reist sér burðarás um öxl.

Rétt er einnig að halda því til haga að stórir verktakar við framkvæmdirnar við virkjunina fóru einnig í þrot og aðrir tóku yfir verk þeirra. Dæmi um þetta var Slippstöðin á Akureyri sem vann við fóðrun fallganga virkjunarinnar (Morgunblaðið 2006, 11 janúar). Þá var ljóst undir lok ársins 2007 að Arnarfell, einnig frá Akureyri sem sá um stóra

verkþætti við virkjunina var komið í greiðsluferfiðleika og í upphafi árs 2008 tók Landsvirkjun síðan yfir verk fyrirtækisins (Morgunblaðið 2008, 24. janúar).



Hagstofa Íslands og Creditinfo Ísland (2008)

Mynd 35. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2002-2007 og fjöldi gjaldþrota fyrirtækja á sama tímabili, Austurland

Myndin hér að ofan sýnir einnig fjölda nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga á Austurlandi tímabilið 2002-2007. Þarna má sjá að fjöldi nýskráðra fyrirtækja var mestur árið áður en framkvæmdirnar hófust sem er athyglisvert en skýrist helst af því að á árinu 2002 skráðu margir Íslendingar einkarekstur sinn sem einkahlutafélag af skattalegum ástæðum (Morgunblaðið, 2003, 4. janúar). Síðan verður lítil breyting milli ára en heldur má sjá stíganda í þessari þróun þegar líður á tímabilið. Mögulegt er að lítil fjölgun fyrirtækja, þrátt fyrir þessi miklu umsvif á svæðinu frá og með árinu 2003, skýrist að verulegu leyti af því að stór fyrirtæki á landsvísu settu upp starfsemi á svæðinu, þ.e. útibú í stað þess að ný hafi verið stofnuð þar. Þetta fyrirbæri, sem stundum hefur verið kallað útibúavæðing, er þróun sem hefur átt sér stað um land allt og er því alls ekki bundin við Austurland.

6.4. Samantekt um efnahag

Samkvæmt könnunum sem gerðar voru á framkvæmdatímanum 2004 og 2007 fjölgaði þeim mjög á miðsvæðinu sem eru ánægðir með atvinnutekjur sínar. Litlar breytingar

verða hins vegar á norður- og suðursvæðum milli þessara kannana. Þegar spurt var um ánægju með atvinnutekjur vorið 2007 kom fram að þeir sem eru mjög eða frekar ánægðir voru fleiri á miðsvæðinu en í höfuðborginni og áhrifasvæði hennar. Þá kemur einnig fram að á norðursvæðinu mælist minnsta ánægja með atvinnutekjur af öllum landsvæðum. Þetta bendir til þess að fólk á norðursvæðinu upplifi sig búa á lágtekjusvæði. Svipaðar niðurstöður koma fram hvað varðar efnahag fjölskyldunnar en þar er athyglisvert að svarendur á suðursvæði meta hann lakari 2007 en þeir gerðu 2004. Aðspurðir um trú á því hvort svarendur telji að stóriðjuframkvæmdirnar hafi bætt fjárhagslega afkomu sína voru rúm 50% á miðsvæði mjög eða frekar sammála þessu samanborið við 20% á norðursvæði og 12% á suðursvæði. Trú á bættri fjárhagslegri afkomu í tengslum við rekstur álversins er enn takmarkaðri við miðsvæðið. Vísbindingar eru um að gjaldþrotum fyrirtækja hafi farið fjölgandi á tímabilinu en sveiflur eru þó talsverðar milli ára þannig að erfitt er að ráða í þróunina.


7. VINNUMARKAÐUR

7.1. Staða atvinnumála við upphaf framkvæmda

Í áfangaskýrslu I var greint frá stöðu atvinnumála við upphaf framkvæmda. Meðal þess helsta sem þar kom fram er að fyrir daga stóriðjuframkvæmdanna hafi ekki verið meira atvinnuleysi á Austurlandi en annarsstaðar á landinu. Atvinnulíf var einhæft og hafði svipuð einkenni og víða á landsbyggðinni. Miklar breytingar urðu á vinnumarkaðinum við upphaf framkvæmda. Stærsta breytingin var erlenda vinnuaflíð, en tilkoma þess gerði það að verkum að ýmsar stærðir eru ekki samanburðarhæfar við fyrri gögn. Atvinnuleysi minnkaði og varð mun minna en annarsstaðar á landinu. Atvinnuþátttaka varð mun meiri en áður en óljóst var hvernig hún hafði þróast hjá þeim íbúum sem ekki eru tímabundið á vinnumarkaðnum á Austurlandi vegna framkvæmdanna. Atvinnusókn á milli bæja á Austurlandi hafði verið lítil fyrir daga framkvæmdanna þrátt fyrir litla fjarlægð milli þeirra og koma þar ekki síst til landfræðilegar aðstæður og gæði samgangna. Þetta er einn þeirra þátta sem stóriðjuframkvæmdirnar og rekstur álversins mun líklega breyta varanlega. Töluverður áhugi kom fram hjá íbúum Austurlands að starfa í álverinu en mestur hjá körlum búsettum í nágrenni við það.

7.2. Atvinnuleysi


Tvönn konar tölur eru til á Íslandi um atvinnuleysi, annars vegar skráð atvinnuleysi sem byggir á fjölda þeirra sem skráðir eru atvinnulausir og hins vegar eru niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofunnar. Niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsóknnum eru ekki settar fram eftir landshlutum, þar sem úrtakið þar er ekki nægilega stórt til að það gefi nægilega áreiðanlegar upplýsingar um atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og fleira eftir landshlutum. Tölur Vinnuálagstofnunar um skráð atvinnuleysi eru hins vegar áreiðanlegar fyrir hvern landshluta ekki síður en fyrir landið allt. Á næstu mynd má sjá skráð atvinnuleysi á Austurlandi og á landinu í heild frá upphafi framkvæmda.



Heimild: Vinnumálastofnun

Mynd 36. Skráð atvinnuleysi á Austurlandi og landinu öllu 2002-2007.

Atvinnuleysi á Austurlandi hefur þróast á svipaðan hátt og á landinu öllu og ber vitni um mikla eftirspurn eftir vinnuafli. Atvinnuleysið er allan tímann minna á Austurlandi og hlutfall milli karla og kvenna er svipað og á landinu í heild. Í áfangaskýrslu I kom fram að öll ár frá 1994 að undanskyldu 2001 hafi atvinnuleysið verið minna á Austurlandi en á landinu í heild.



Heimild: byggt á gögnum Vinnumálastofnunar


Mynd 37. Atvinnuleysi á Austurlandi sem hlutfall af atvinnuleysi á landsvísi 2002-2007.

Atvinnuleysi á Austurlandi sem hlutfall af landsmeðaltalinu lækkar hraðast í upphafi framkvæmdanna og er meðal karla orðið aðeins 30% af landsmeðaltali kynbræðra fyrstu 11 mánuði ársins 2007. Sambærileg tala fyrir konur er 53% en í stórum dráttum er um svipaða þróun að ræða.

7.3. Fjöldi á vinnualdri og fjöldi á vinnumarkaði

Í kafla 5 um íbúafjölda á bls. 33 er fjallað allitarlega um samsetningu mannfjöldans eftir kyni og aldri og til að forðast endurtekningar er einnig vísað til þeirra tölulegu gagna sem þar koma fram.

Eins og áður var dregið á eru ekki tiltækar upplýsingar um atvinnuþátttöku eftir landshlutum úr vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar. Það er hins vegar hægt að skoða íbúafjölda á vinnualdri (15-74 ára) og skráðan fjölda á vinnumarkaði. Skráður fjöldi á vinnumarkaði er þá fjöldi starfandi samkvæmt staðgreiðsluskrá og skráðir atvinnulausir. Með því að bera þessar tölur saman ætti að fást einhver hugmynd um þróun atvinnuþátttöku þó gera verði greinarmun á slíkum tölum og þeim sem koma út úr vinnumarkaðsrannsóknum. Á næstu mynd má sjá þróun mannfjöldna á aldrinum 15-74 á Austurlandi sem og á rannsóknarsvæðinu þrískiptu (norður-, mið- og suður-).



Mynd 38. Mannfjöldi á aldrinum 15-74 ára eftir svæðum á rannsóknarsvæðinu.

Gögn um íbúafjölda í 5. kafla sýna að miðsvæði fær til sín gífurlega viðbót karla á vinnualdri. Mannfjöldapýramíðarnir í þeim kafla sýna þetta glögglega en hér að ofan er til

áréttingar sýnd mynd um þróun íbúafjölda á aldrinum 15-74 ára¹¹. Upp úr stendur að fjölgunin er bundin við miðsvæðið og hana má einkum rekja til mikil innflutnings erlends vinnuafls. Fækkun verður meðal fólks á þessum aldri á suður- og norðursvæðum og þetta enn ein vísbendingin um hve landfræðilega afmörkuð áhrif framkvæmdanna eru.


Hagstofan birtir ennfremur gögn um fjölda starfandi skv. staðgreiðsluskra og var gerð grein fyrir þróun skv. þeim gögnum fram til ársins 2005 í áfangaskýrslu I. Þegar verið var að taka saman þessa skýrslu voru ekki fyrirleggjandi nýrri gögn en þau verða til staðar í lokaskýrslu verkefnisins.

7.4. Greining á vinnumarkaði vorið 2007

Vorið 2007 gerði RHA ítarlega könnun sem hluta af þessari samfélagsrannsókn og fór hún fram á landsvísu. Margar spurninganna lutu að þáttum sem varða vinnumarkaðinn. Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum úr þeim spurningum.

7.4.1. Fjölbreytni starfa


Spurt var hversu ánægt fólk væri með fjölbreytni starfa í sinni heimabyggð. Niðurstöður voru eins og næsta mynd sýnir.



Mynd 39. Spurt haustið 2004 og vorið 2007: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa?

¹¹ Venjulega er miðað við 16-74 ára í vinnumarkaðsrannsóknnum en vegna hagræðis við gagnasöfnun er þetta aldurbil notað hér.

Miklar breytingar eiga sér stað á tímabilinu og þeim fjölga mjög sem eru ánægðir með fjölbreytnina. Munur milli svæða eykst á tímabilinu og er áberandi hve miðsvæðið sker sig úr.




Mynd 40. Samanburður á landsvísu: Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fjölbreytni starfa?

Samkvæmt þessum könnunum hefur náðst mikill samfélagslegur árangur með framkvæmdunum því fjölbreytni í atvinnulífi eða skortur á fjölbreytni hefur verið einn mikilvægasti drifkrafturinn að baki búferlaflutningum frá landsbyggðarsvæðum einkum til vaxtarsvæðisins á suðvesturhorninu. Þetta kemur m.a. fram í ítarlegri rannsókn Stefáns Ólafssonar á orsökum búferlaflutninga (1997).

Þegar litið er til samanburðar við önnur svæði á landinu kemur í ljós að miðsvæði Austurlands er það svæði í könnuninni sem kemst næst áhrifasvæði Reykjavíkur hvað varðar þá sem eru mjög eða frekar ánægðir með fjölbreytni starfa og stendur Eyjafjarðarsvæðinu mun framar hvað þennan þátt varðar. Hvað hin tvö svæðin varðar, þ.e. norðursvæðið og suðursvæðið, þá er staðan þar nánast sú sama og á Suðurlandi að Árborg og Vesturlandi, Vestfirðum og Norðurlandi vestra. Þetta eru þau landsvæði sem eru utan atvinnusóknar til höfuðborgarinnar og Akureyrarsvæðisins. Það er í raun merkilegt að þessi breyting á miðsvæðinu dragi áhrifasvæðið á Austurlandi sem heild upp fyrir Eyjafjarðarsvæðið hvað ánægju með þennan búsetuþátt varðar.


7.4.2. Hvernig eru tengsl fólks við stóriðjuframkvæmdirnar

Á næstu tveimur myndum sjást niðurstöður úr fjórum spurningum um hvernig fólk hefur tengst stóriðjuframkvæmdunum að þeim tíma sem spurt var.



Mynd 41. Spurt vorið 2007, greining eftir landsvæðum: Hvernig tengist þú stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi: Ég hef verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar.

Þegar svör við spurningunni eru greind eftir landsvæðum má sjá að tæp 30% fólks á miðsvæðinu á aldrinum 18-65 ára tengist stóriðjuframkvæmdunum með beinum hætti í gegnum vinnu sína. Það svæði sem kemst næst þessu er norðursvæðið með 12% og því næst áhrifasvæði Reykjavíkur með 11%. Þessi áhrif eru því næsta staðbundin sem er í samræmi við svörin við spurningum hér að framan og væntanlegan fjárhagslegan ávinning.




Mynd 42. Spurt vorið 2007, greining eftir landsvæðum: Hvernig tengist þú stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi: Nánir ættingjar mínir eða vinir hafa verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar

Eins og sjá má af þessu er mjög merkjanlegt að fólk hafi unnið við framkvæmdirnar eða einhver af vinum og ættingjum. Miðsvæðið sker sig þarna úr eins og áður, en athyglisvert er að fólk af norðursvæðinu virðist frekar þekkja einhvern sem vann við framkvæmdirnar heldur en fólk á suðursvæðinu.

7.4.3. Staða fólks á vinnumarkaði


Spurt var hver staða fólks væri á vinnumarkaðnum vorið 2007, þ.e. á aldrinum 18-65 ára. Þetta er vert að hafa í huga þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við aðrar niðurstöður þar sem vinnualdur er skilgreindur sem 16-74 ára. Jafnframt að heildartalan er hærri en 100% þar sem einhverjir eru í fleiri en einum flokk, t.d. bæði í námi og hlutastarfi. Niðurstöður urðu eins og næsta mynd sýnir.



Mynd 43. Staða 18-65 ára íbúa á vinnumarkaði vorið 2007

Eins og sjá má er nokkur munur milli svæða. Á miðsvæðinu eru fleiri í fullu starfi og færri í hlutastarfi eða með eigin atvinnurekstur. Þetta er í samræmi við könnunina 2004. Ákveðið samræmi sést við Eyjafjarðarsvæðið að þessu leyti.

Ef fólk er einungis skipt í tvo flokka, annars vegar þá sem eru launþegar eða með eigin atvinnurekstur og má þá líta á sem fólk í vinnu, og hins vegar þá sem ekki eru í vinnu verður niðurstaðan eins og sjá má á næstu mynd.




Mynd 44. Hlutfall þeirra sem eru í vinnu og ekki í vinnu 18-65 ára eftir landsvæðum vorið 2007

Lítill munur er á hlutfalli þeirra sem eru í vinnu milli svæða ef undan er skilið áhrifasvæði Reykjavíkur þar sem mun lægra hlutfall er í vinnu. Litlar breytingar er að sjá frá könnuninni 2004 fyrir Austurland í heild og þrjú undirsvæði þess.


7.4.4. Menntun íbúa

Í könnun vorið 2007 var spurt um menntun þátttakenda líkt og í fyrri könnun. Niðurstöður voru eins og næsta mynd sýnir. Miðað var við hæsta menntunarstig.



Mynd 45. Menntunarstig 18-65 ára íbúa á áhrifasvæðinu vorið 2007

Meiri munur er á milli svæða austanlands en árið 2004 og það er miðsvæðið sem sker sig einkum úr. Hlutfallslega færri eru aðeins með grunnám en áberandi fleiri eru með lengra framhaldsnám (fyrstu háskólagráðu).



Mynd 46. Samanburður á menntunarstigi 18-65 ára á Austurlandi 2004 og 2007 og eftir svæðum


Mynd 46 sýnir að nokkur breyting hefur orðið á menntunarstigi á áhrifsvæðinu á tímabilinu 2004-2007. Sérstaklega gættir þessa á miðsvæðinu þar sem þeim hefur fækkað hlutfallslega sem aðeins hafa grunnám og mest áberandi er fjölgun í hópi þeirra sem hafa fyrstu háskólagráðu. Lítil breyting á sér stað á suðursvæðinu en talsverðar breytingar hafa orðið á norðursvæðinu til aukins misvægis þar sem þeim sem hafa minnstu og mestu menntunina fjölga hlutfallslega en hinum fækkar sem eru þar á milli.

7.5. Atvinnusvæði Fjarðaáls

7.5.1. Niðurstöður úr spurningakönnun

Í könnuninni haustið 2004 voru þátttakendur spurðir hvort þeim þætti það líklegt eða ólíklegt að þeir myndu sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði. Spurningin var endurtekin vorið 2007. Árið 2004 töldu um 2% það mjög líklegt og önnur 5% frekar líklegt, á rannsóknarsvæðinu í heild, að þeir myndu sækjast eftir vinnu við álverið.

Í könnuninni sem gerð var á landsvísu vorið 2007 kom fram að það er á miðsvæðinu sem 15% svarenda telur mjög eða frekar líklegt að þeir muni sækjast eftir vinnu við álverið. Þetta er helmingi herra en á því svæði sem næst kemur, suðursvæðinu.




Mynd 7.12: Spurt vorið 2007: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði?

Það er í raun samhljómur með þessari niðurstöðu og öðrum svörum í þessari könnun þar sem vísbendingar eru um að íbúar suðursvæðis hafi áhyggjur af ruðningsáhrifum vegna framkvæmdanna.

7.5.2. Atvinnusókn í álver Fjarðaáls

Byrjað var að ráða fyrstu starfsmenn álversins á fyrsta ársfjórðungi 2003 og bætt við nokkrum starfsmönnum á fyrstu ársfjórðungum 2004 og 2005. Frá þriðja ársfjórðungi 2005 hefur verið stöðug aukning í starfsmannaráðningum og stefnt á að þeim verði lokið að mestu á fyrsta ársfjórðungi 2008 og verði starfsmenn þá hátt í 400 talsins eins og að var stefnt. Mynd 47 sýnir þessa þróun.




Heimild: Alcoa Fjarðaál, 2007, óbirt gögn

Mynd 47. Ráðningar starfsmanna til Fjarðaáls eftir ársfjórðungum í byrjun október 2007 og spá um ráðningar til 1. ársfjórðungs 2008

Samkvæmt upplýsingum frá Fjarðaáli, þegar ráðningar starfsmanna voru langt komnar í október 2007, voru 54% starfsmanna af Austurlandi og 46% aðfluttir. Nánast allir sem ráðnir höfðu verið voru Íslendingar og allir íslenskumælandi (Austurglugginn 2007b, 25. október).

Mikil svörun var við auglýsingum eftir störfum hjá Alcoa Fjarðaáli að sögn viðmælenda þar en samt tók allnokkurn tíma að ráða fólk til starfa eftir fréttum að dæma. Ljóst er að þetta þarf að skoða nánar í vinnu við lokaskýrslu þessarar rannsóknar.



Heimild: Alcoa Fjarðaál, 2007, óbirt gögn

Mynd 48. Búseta umsækjenda um störf hjá Alcoa Fjarðaáli eftir landshlutum í ágúst 2007

Í viðtölum sem rannsakendur áttu við heimamenn á miðsvæðinu í apríl 2007 kom fram að talsvert væri um að konur sem ekki höfðu verið á vinnumarkaði um eitthvert skeið eða í lítilli vinnu, hefðu ráðið sig til starfa í álverinu eða í afleiddum störfum. Þetta bendir til þess að á svæðinu hafi verið eitthvert dulið atvinnuleysi meðal kvenna. Einnig kom fram í viðtölum að framboð starfa fyrir konur hefði ekki verið fjölbreytt á svæðinu. Sambærilegar niðurstöður hafa komið fram í fleiri rannsóknum, t.d. rannsókn Grétars Þórs Eyþórssonar og Hjalta Jóhannessonar á sameiningu sveitarfélaga (2002) þar sem kvartað var yfir því að í fámennum sjávarplássum væru í raun aðeins örfá störf í boði fyrir þær konur sem ekki vilja vinna í fiski.


Athyglisverð er skipting starfsmanna Alcoa Fjarðaáls eftir búsetu í lok október 2007, en hana má sjá í töflunni hér á eftir.

Tafla 5. Búseta starfsmanna Fjarðaáls í lok október 2007

Búseta	Hlutfall
Reyðarfjörður	29%
Egilsstaðir	27%
Neskaupstaður	16%
Eskifjörður	14%
Fáskrúðsfjörður	10%
Stöðvarfjörður	5%

Heimild: Austurglugginn 2007b, 25. október

Þarna má sjá að um rúm 70% starfsmannanna eru búsettir í bæjunum í Fjarðabyggð og afgangurinn að mestu á Egilsstöðum (Austurglugginn 2007b, 25. október). Fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig þetta hlutfall þróast. Munu samgöngur og veður hamla því að atvinnusókn eigi sér stað í miklum mæli milli svæða og fólk kjósa að búa nærri álverinu eða munu fleiri kjósa að búa uppi á Héraði?



Heimild: Alcoa Fjarðaál, 2007, óbirt gögn

Mynd 49. Launagreiðslur til starfsmanna Alcoa Fjarðaáls eftir ársfjórðungum frá ársbyrjun 2005

Mynd 49 sýnir launagreiðslur til starfsmanna Alcoa Fjarðaáls þar sem mikill stígandi kemur fram. Á þriggja mánaða tímabili, júlí-september 2007 voru þessar launagreiðslur

orðnar um 530 milljónir kr. sem er óneitanlega mikilvæg viðbót við Austfirskt efnahagslíf.

7.5.3. Kynjaskipting atvinnuumsókna


Hjá Alcoa Fjarðaáli hefur verið lögð áhersla á að ráða til starfa jafnt konur sem karla. Meðal annars var haldinn sérstakur kvennadagur þar sem skipulögð var heimsókn kvenna til álversins, 8. október 2006 á meðan það var í byggingu (Morgunblaðið, 2006, 8. október). Þá var atvinnuauglýsingum beint til kvenna og markvisst unnið að því að breyta ímynd starfanna úr því að hér væri fyrst og fremst um karlastörf að ræða. Póstkönnun sem framkvæmd var haustið 2004 benti til þess að um 22% umsóknanna frá íbúum Austurlands verði frá konum. Reyndin varð allt önnur.

Skipting starfsmanna eftir kynjum er meðal þess athyglisverðasta sem fram kemur í upplýsingum frá mannauðsteymi Alcoa Fjarðaáls. Hlutfall kvenna meðal starfsmanna var haustið 2007 komið upp í 32% en svo hátt hlutfall kvenna í álveri er einsdæmi á heimsvísu. Markmiðið var frá upphafi verið að hafa hlutfall kynjanna svo jafnt sem auðið væri. Reynt var að breyta ímynd starfsins, að hér væri ekki um svokölluð hefðbundin karlastörf að ræða (Austurglugginn 2007a, 25. október). Samkvæmt upplýsingum frá almannatengslafulltrúa Alcoa Fjarðaáls 6. febrúar 2008 hafði hlutfall kvenna þó lækkað aðeins frá október og var orðið um 28%.

Í 8. kafla er fjallað í sérstakri hlutarannsókn um viðhorf kvenna til framkvæmdanna og stöðu þeirra gagnvart þeim.

7.5.4. Menntun starfsmanna Alcoa Fjarðaáls

Skýrsluhöfundar fengu í marsmánuði 2008 upplýsingar um menntun starfsmanna Alcoa Fjarðaáls og má sjá samantekt á þeim upplýsingum hér að neðan. Alls voru það 400 starfsmenn sem þessar upplýsingar eiga við um, (heimild: Alcoa Fjarðaál, óbirt gögn).



Heimild: Alcoa Fjarðaál, 2007, óbirt gögn

Mynd 50. Menntun starfsmanna Alcoa Fjarðaáls í marsmánuði 2008

Samkvæmt myndinni hér að ofan eru um 4 af hverjum 10 starfsmönnum með grunnmenntun sem er heldur hærra hlutfall en á vinnumarkaði að meðaltali og þeir sem eru með háskólamenntun eru heldur færri en meðaltal fyrir vinnumarkaðinn í heild bendir til¹².

Alls höfðu 3.500 manns sótt um störf hjá fyrirtækinu og ráðnir höfðu verið eftir ítarlegt ráðningarferli um 400 af alls 420 í janúar 2008¹³. Af þessum 400 starfsmönnum voru um 100 með háskólamenntun (25%), um 80 með iðnmenntun (20%) og um 220 með aðra menntun (55%)¹⁴. Í hópi nýrra starfsmanna álversins ber talsvert á ungu fólki sem á rætur á Austurlandi og hefur snúið til baka, bæði frá öðrum landshlutum og erlendis frá, þar sem þetta tækifæri gafst á Austurlandi til að nýta menntun sína þar. Í lokaskýrslu er áformað að afla greinargóðra upplýsinga um menntun starfsmannanna í samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Þegar eru komnar fram sterkar vísbendingar um að álverið sé að hafa áhrif á menntunarstig íbúa svæðisins, sbr. einnig kafla 7.4.4.


¹² Skv. gögnum Hagstofu Íslands voru 38,2% með grunnmenntun og 22,1 með háskólamenntun á vinnumarkaði 16-74 ára árið 2005.

¹³ Fyrirtækið Capacent veitti Alcoa Fjarðaáli sérfræðiaðstoð við ráðningarferlið.

¹⁴ Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Ernu Indriðadóttur almannatengslafulltrúa Alcoa Fjarðaáls, 6. febrúar 2008

7.6. Starfsmannafjöldi við Kárahnjúka

Meðal þess sem aflað var gagna um á árinu 2007 voru tölur um fjölda starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun. Nokkurn tíma tók að afla gagnanna en Landsvirkjun vann þau upp úr verktakaskýrslum og lauk þeirri vinnu í febrúar 2008. Gögnin sýna þróun starfsmannafjöldans í stórum dráttum eftir einstökum verkþáttum virkjunarinnar frá upphafi framkvæmdanna til ársloka 2007. Í viðauka er að finna myndir sem sýna fjölda starfsmanna sem störfuðu við einstaka verkþætti. Gögnin sýna stöðu starfsmannafjölda með nokkurra mánaða millibili og skiptingu milli Íslendinga og útlendinga. Ákveðinn annmarki er að ekki er mældur fjöldi starfsmanna á sama tímamarki hjá mismunandi verktökum/verkþáttum sem gerir að verkum að erfitt er að sjá heildar starfsmannafjöldann á virkjunarsvæðinu á hverjum tímamarki. Hér er þó um mikilvægt yfirlit yfir starfsmannafjöldann að ræða og líklega það besta sem birt hefur verið í heild sinni.



Heimild: Landsvirkjun, óbirt gögn

Mynd 51. Hlutfall starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun eftir uppruna sumrin 2003-2007

Myndin hér að ofan sýnir hlutfall íslenskra og erlendra starfsmanna yfir hluta árs 2003-2007. Setja verður þann fyrirvara sem áður var nefndur að ekki er fullt samræmi milli dagsetninga í skráningum á mannafla á svæðinu hjá mismunandi verktökum. Reikna má hins vegar með því að myndin sýni í grófum dráttum hvernig samsetning mannaflans breytist hvað þjóðerni varðar eftir því sem verkinu miðar áfram. Íslendingum fækkar stöðugt sem hlutfall þeirra sem vinna að framkvæmdunum. Aðrir Evrópubúar eru

hlutfallslega flestir í upphafi en fækkar þegar á liður en þá komu m.a. Kínverjar inn. Útlendingum sem hlutfalli af heildarfjölda starfsmanna fjölgaði þegar á leið og voru þeir orðnir meira en 9 af hverjum 10 starfsmönnum sumarið 2007 skv. gögnunum.

Í lokaskýrslu verður gerð ítarlegri greining og úrvinnsla á þessum gögnum og stefnt að því að birta yfirlit yfir þróun mannafla við byggingu virkjunarinnar í heild.

7.7. Hlutarannsókn meðal starfsmanna í vinnubúðum

Í rökstuðningi með þingsályktunartillögu um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi segir að ýmis gögn skorti til þess að meta áhrif framkvæmdanna á vinnumarkaði. Er þá m.a. átt við gögn um skiptingu vinnuafis, búsetu starfsfólks og hlutfall heimamanna í verkefnum sem tengjast framkvæmdunum.

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum úr viðhorfskönnun, meðal starfsmanna í vinnubúðum, sem framkvæmd var í ágúst mánuði árið 2006. Þær niðurstöður sem fengust geta kallast liður í því að bæta þær upplýsingar sem þarf til þess að meta áhrif framkvæmdanna á vinnumarkað.

Áður en framkvæmd viðhorfskönnunar er lýst og greint frá niðurstöðum hennar er fjallað um þær áætlanir sem gerðar voru í aðdraganda stóriðjuframkvæmdanna.

7.7.1. *Mannaflaspá í aðdraganda framkvæmda*

Í aðdraganda stóriðjuframkvæmda á Austurlandi settu þrír aðilar fram spá um ætlaða mannaflspörf vegna þeirra; Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í *Mannaflapörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda* (2003), ráðgjafafyrirtækið Nýsir ehf. í *Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði* (2002) og Grétar Þór Eyþórsson o. fl. (2001) fjölluðu um mannaflspörf við virkjanaframkvæmdir í *Samfélagsábrif Kárahnjúkavirkjunar*. Þessar úttektir allar áttu það sammerkt að gera lítið úr þörfinni á erlendu vinnuafli.

Áður en stuttlega verður greint frá þeirri mynd sem ráðgjafar stjórnvalda og framkvæmdaraðila sáu fyrir sér þarf að geta þess allar spár um áhrif stóriðjuframkvæmdanna á vinnumarkaði gátu að mjög takmörkuðu leyti séð fyrir þá þróun og þær miklu breytingar sem hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði og íslensku efnahagslífi almennt á framkvæmdatímanum. Margt hefur samtímis haft áhrif, m.a. þensla og aukin opnun á íslenskum vinnumarkaði í kjölfar skuldbinda stjórnvalda um upptöku tilskipana er lúta sameiginlegum markaði (e. common market) vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Segja má að opnun vinnumarkaðarins gagnvart

aðildarríkjum Evrópusambandsins hafði haft jákvæð áhrif að því leyti að opnunin átti sér stað á samtímis aukinni þörf fyrir starfsfólk.

7.7.2. *Spá Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis*

Í skýrslu Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, *Mannaflaþörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda 2003-2008*, var ætlunin að skilgreina og tímasetja áætlaða mannaflsþörf og meta þær hæfniskröfur sem nauðsynlegar væru vegna stóriðjuframkvæmda. Í umfjöllun um áætlað hlutfall erlendra starfsmanna við stóriðjuframkvæmdir var aðeins reiknað með erlendum starfsmönnum í tengslum við umframeftirspurn eftir mannafla. Jafnframt segir um getu íslenskra fyrirtækja til þátttöku á stórverkefnum sem fyrirhuguð voru að „...reynsla undanfarinna ára t.d. við stækkun álversins í Straumsvík og álversframkvæmdir á Grundartanga, auk virkjanaframkvæmda, sýna svo ekki verður um villst hvers íslenskir verktakar eru megnugir.“ (Iðnaðar og viðskiptaráðuneytið, 2003:21)

Í spánni var lagt upp með „sviðsmyndir“ mis-umfangsmikilla framkvæmda og mannaflsspár reiknaðar með sérstakri áherslu á gögn frá framkvæmdaraðilum. Í sviðsmynd sem gerir ráð fyrir byggingu Alcoa Fjarðaáls (þá 322.000 t/ári) samhliða stækkun Norðuráls (um 90.000 og síðar 60.000 t/ári) segir að gera megi ráð fyrir nokkrum toppum í eftirspurn eftir vinnuafli, þar sem innlent vinnuafli átti ekki eftirspurn. Á þessum tímum væri nauðsynlegt að ráða erlent vinnuafli. Í skýrslunni segir nánar: „...eftirspurn umfram framboð á vinnuafli, samanlagt innan allra fagsviða, frá miðju ári 2004 fram á mitt ár 2007 er að meðaltali um 18% af mannaflaþörf vegna heildar framkvæmda“ (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2003:17). Ef þetta hlutfall er reiknað yfir á áætlaða mannaflsþörf hefði fjöldi útlendinga á tímum mestra umsvifa verið um 350 manns. Ekki var langt liðið á framkvæmdartímum þegar í ljós kom að þessi spá stóðst ekki.

7.7.3. *Spá Nýsis fyrir Alcoa*

Annar aðili sem setti fram spá um hlutfall erlendra starfsmanna var ráðgjafafyrirtækið Nýsir sem vann úttekt sína, *Mat á samfélagslegum og efnabagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði*, í tengslum við mat á samfélagsáhrifum álvers Alcoa Reyðaráls, (sjá Nýsir 2002). Skýrsla Nýsis birtist sem fylgiskjal með stjórnarfrumvarpi fyrrverandi Iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði (Alþingi, 66. fundur, 128 lþ.). Í inngangi að skýrslunni segir: „Matssvæðið er skilgreint sem Mið-Austurland en innan þess svæðis getur fólk með góðu móti sótt vinnu í væntanlegt álver eftir að rekstur þess hefst. Á meðan framkvæmdum við álverið stendur mun áhrifanna hins vegar gæta um allt Austurland“ (Nýsir, 2002:8).

Um fjöllun um áhrifin sem stórframkvæmdirnar hafa á atvinnulíf á Austfjörðum er ítarlegri í úttekt Nýsis en í öðrum spám. Í skýrslunni er vinnuafliþörf vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar og þeirra raforkulína sem þarf til að flytja rafmagn til álvers í Reyðarfirði talin „uppsöfnuð“ 3.844 ársverk á tímabilinu 2002 til 2008. Við byggingu álversins og hafnarframkvæmda eru uppsöfnuð ársverk talin verða 2.274. Nánar er ársverkum skipt eins og hér greinir:

Tafla 6. Áætluð skipting starfa við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi

	Álvers og hafnarframkvæmdir	Virkjana og raflínuframkvæmdir
Heimamenn ¹⁵	10%	15%
Aðfluttir ¹⁶	15%	3%
Erlendir ¹⁷	30%	20%
Innlendir ¹⁸	45%	62%

Heimild: Nýsir 2002

Taflan sýnir að mikill meirihluti, þá væntanlegra, starfsmanna eru „Íslendingar í vinnubúðum“. Næst á eftir koma „erlendir starfsmenn“ og þar á eftir koma „heimamenn“. Án þess að fara nánar úti niðurstöður þessarar spár má segja að hún sé nokkuð eindregin fullyrðing þess efnis að mestur fjöldi þeirra sem munu starfa við byggingu Kárahnjúkastíflu, raflínugerð, álvers- og hafnarframkvæmdir séu Íslendingar. Slík varð ekki raunin.

7.7.4. Spá RHA, fyrir Landsvirkjun

Í skýrslunni *Kárahnjúkavirkjun: mat á samfélagsáhrifum* (2001) greinir frá félags- og efnahagslegum áhrifum Kárahnjúkavirkjunar óháð öðrum verkefnum s.s. lagningu raflínu, vegframkvæmdum o.s.frv. Rannsóknin miðaðist við Noral verkefnið svokallaða (sjá um það verkefni í áfangaskýrslu 1).

Í stað þess að greina þörf á erlendu vinnuafli sérstaklega meta skýrsluhöfundar vinnuafliþörfina út frá ætluðu hlutfalli heimamanna sem reikna má með að vinni við framkvæmdirnar. Til þess er stuðst við gögn um hlutfall heimamanna og skiptingu

¹⁵ Heimamenn (e. local residents) skilgreindir eftir rannsóknarsvæði skýrslunar sem Mið-Austurland.

¹⁶ Tímabundnir innflytjendur (e. temporary in-migrants)

¹⁷ Erlendir starfsmenn (e. foreign workers)

¹⁸ Innlendir starfsmenn sem búa í vinnubúðum (e. domestic workers in camp)

starfsmanna í virkjanaframkvæmdum á borð við Hrauneyjafoss- og Blönduvirkjun. Niðurstaða skýrsluhöfunda er sú að hlutfall heimamanna í framkvæmdunum verði svipuð og í fyrri virkjunum, eða á bilinu 20-25%.

Nokkuð ítarlegri fyrirvarar eru gerðir í spá RHA en gerðir eru í öðrum spám. Meðal annars er talið megi ætla færri Austfirðinga vinna að Kárahnjúkavirkjun m.a. vegna þess að „...fáir íbúar á Austurlandi hafa áður starfað við virkjanaframkvæmdir. Þetta mun draga úr fjölbreytni þeirra starfa sem þeim mun standa til boða við byggingu Kárahnjúkavirkjunar” (Grétar Þór Eyþórsson o. fl., 2001:16). Einnig er bent á að fordæmalaust umfang framkvæmdanna kunni að leiða til lægra hlutfalls heimamanna og jafnframt er þess getið að engin leið sé að reikna tölfræðileg líkindi þess að raunveruleg skipting starfa falli innan þeirra marka sem sett eru fram.

7.7.5. Raunveruleg skipting vinnuafis við stóriðjuframkvæmdir

Í skýrslunni, *Mannaflapörf við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir á árunum 2005-2007*, sem Vinnumálastofnun gaf út í nóvember árið 2004 er gerð grein fyrir stöðu á íslenskum vinnumarkaði með sérstakri áherslu á þörfina fyrir erlent vinnuafli og útgáfu atvinnuleyfa. Þar segir að margar ástæður séu fyrir því hversu fáir Íslendingar hafi fengist í vinnu við byggingu á Kárahnjúkavirkjun. Sérstaklega er þess getið að eftirspurn eftir verkafólki og iðnmenntuðu fólki við aðrar framkvæmdir á landinu hafi verið mikil á framkvæmdartímanum. Vinnumálastofnun tiltekur launakjör við virkjanavinnuna, vaktafyrirkomulag og staðsetningu virkjunarsvæðisins sem ástæður þess að fáir Íslendingar kjósi að vinna við þær. Eins er staðhæft að aðalverktaki vatnsafsvirkjanaframkvæmdanna, ítalska verktakafyrirtækið Impregilo, hafi ekki lagt sig eftir því að ráða Íslendinga til starfa og jafnvel ekki sinnt atvinnuumsóknum Íslendinga (Vinnumálastofnun, 2004:6-7).

Í þessu ljósi er athyglivert að skoða tölur um raunverulegan fjölda erlendra starfsmanna Impregilo og bera stuttlega saman við þær rannsóknir sem gerð var grein fyrir hér að ofan. Í skýrslu Vinnumálastofnunnar segir eftirfarandi:

Hlutfallslega fá störf hjá Impregilo hafa verið mönnuð með innlendu vinnuafli. Af þeim rúmlega 1.100 manns sem voru þar starfandi í september 2004 voru 119 Íslendingar. Erlendir starfsmenn komu víða að en flestir, eða um 500 frá Portúgal, um 150 Ítalir og um 70 frá Kína. Töluverð aukning útgáfu atvinnuleyfa hefur því verið samfara byggingu virkjunarinnar, ekki síst fyrir þá sök að starfsmannavelta er mjög há (Vinnumálastofnun, 2004:5).

Í september árið 2004 voru rétt tæplega 90% starfsmanna Impregilo erlendir, meðan rétt rúmlega 10% starfsmanna voru íslenskir. Í ágúst árið 2006 er hlutfall íslenskra starfsmanna hjá aðalverktakanum orðið ennþá minna. Þá eru íslenskir starfsmenn Impregilo einungis 14 af 846, eða um 1.6%. Til samanburðar voru áætlanir Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis (2003) á þann veg að um 18% starfsmanna væru erlendir á tímum mestrar eftirspurnar. Nýsir ehf (2002), fyrir Alcoa Inc, hafði spáð því að erlendir starfsmenn væru á mestu „eftirspurnartímum“ u.þ.b. 20%. Eins hafði Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (2001), fyrir Landsvirkjun, spáð því að um 23% starfsmanna á árunum 2003, 2004 og 2005 væru heimamenn. Ljóst er að verulegur munur er á raunverulegri vinnuaflosskiptingu og þeim spám sem gerðar voru í aðdraganda framkvæmda.

Af framangreindu má vera ljóst að mikið ber í milli raunverulegrar stöðu á vinnumarkaði og þeirra áætlana sem gerðar voru í aðdraganda framkvæmda. Sá gífurlegi fjöldi erlendra starfsmanna sem komið hefur til landsins til þess að vinna við stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hefur gert það að verkum að áhrif framkvæmdanna, bæði samfélagsleg og efnahagsleg, eru önnur en ætlað var í upphafi. Í þeirri viðhorfkönnun sem hér er gerð grein fyrir var ekki ætlunin að leggja mat á hver þessi áhrif eru. Ætlunin var heldur að afla upplýsinga um þennan stóra hóp starfsmanna og fá svör við spurningunni hverjir það eru sem vinna við stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi.

7.7.6. Markmið og framkvæmd

Markmið með þeirri viðhorfkönnun sem hér er greint frá var að afla gagna um starfsmenn sem dvelja tímabundið á Íslandi vegna stóriðjuframkvæmdanna. Upplýsingar um bakgrunn þessa hóps hafa ekki áður legið fyrir og ætlunin var að safna gögnum sem gæfu skýrari mynd af þessum bakgrunn. Þetta var gert með spurningum um menntun, fyrri bústu, tengsl við verktaka, reynslu og fyrirætlanir starfsmanna að loknu núverandi starfi. Annað markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um vinnuaðstæður og samskipti á vinnustað. Í þessu sambandi var sérstök áhersla lögð á þætti sem lúta að vinnuöryggi og vinnuumhverfi. Niðurstöður úr þeim hluta rannsóknarinnar eru ekki til umfjöllunar hér.

Spurningalisti var lagður fyrir starfsmenn við byggingu álvers á Reyðarfirði annarsvegar, og starfsmenn stífluframkvæmda við Kárahnjúka hinsvegar í lok sumars árið 2006. Spurningalistinn var lagður fyrir á fimm tungumálum: íslensku, ensku, portúgölsku, pólsku og kínversku. Framkvæmd könnunarinnar gekk vonum framár og er afraksturinn

einstakt safn upplýsinga um starfsmenn umfangsmestu stóriðjuframkvæmda í sögu Íslands.

Könnunin var fyrst lögð fyrir í mötuneyti starfsmanna við byggingarframkvæmdir við álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, mánudaginn 14. ágúst, þriðjudaginn 15. ágúst og miðvikudaginn 16. ágúst. Mikill meirihluti starfsmanna sem tóku þátt voru þeir starfsmenn sem búa í vinnubúðum framkvæmdaaðila, sem staðsettar eru litlu utan við þéttbýlið í Reyðarfirði og eru þar starfsmenn bandaríska verktakafyrirtækisins Bechtel fjölmennastir.

Næst var könnunin lögð fyrir starfsmenn sem vinna við stíflugerð á Kárahnjúkasvæði, fimmtudaginn 17. ágúst, föstudaginn 18. ágúst og laugardaginn 19. ágúst. Að stærstum hluta voru þátttakendur starfsmenn ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo. Laugardaginn 19. ágúst var líka lagt fyrir í mötuneyti starfsmanna Suðurverks, sem og í mötuneyti starfsmanna sem dvelja í vinnubúðum Landsvirkjunar.

7.7.7. Nánar um þátttakendur og staði þar sem könnun var lögð fyrir

Eins og fyrr segir var viðhorfskönnunin lögð fyrir á tveimur vinnusvæðum; álversframkvæmdum á Reyðarfirði annarsvegar og stíflugerð vatnsaflsvirkjanaframkvæmda við Kárahnjúka hinsvegar. Til að gefa skýrari mynd af þátttakendum er vert að greina nánar frá stöðum fyrirlagnar.

Stíflugerð vatnsaflsvirkjanaframkvæmda

Vinnubúðir Landsvirkjunar:

Hér er þýðið þeir starfsmenn sem sinna störfum í tengslum við framkvæmdareftirlit þeirra framkvæmda sem standa í tengslum við vatnsaflsvirkjunina, stíflugerð, aðveitugöng og fleira. Í vinnubúðunum dvöldu áð jafnaði um 50 til 60 manns í ágúst 2006, og eru það starfsmenn ýmissa aðila þó stærsti vinnuveitandi sé íslenska, sameinaða, verkfræðistofan VIJV.

Impregilo:

Hér er þýðið allir starfsmenn Impregilo sem búa í aðalvinnubúðum á Kárahnjúkum og vinna við gerð Kárahnjúkastíflu. Í aðalvinnubúðunum dvöldu að jafnaði 846 manns í ágúst 2006 (sjá töflu 4). Þann fyrirvara þarf að gera við gæði þessa úrtaks að í aðalvinnubúðum Impregilo eru alls 28 þjóðerni. Þykir því ljóst að einhverjir taki ekki þátt vegna tungumáls. Flestir starfsmenn eru þó frá Kína (377 manns) og Portúgal (207 manns) og var þátttaka þeirra góð.

Tafla 7 gefur nokkra mynd af þeim fjölda þjóðerna sem vinna við stífluframkvæmdirnar. Upplýsingarnar eru fengnar frá búðarstjóra Impregilo og eiga við um þann tíma þegar spurningalistinn var lagður fyrir¹⁹.

Tafla 7. Þjóðerni starfsmanna í aðal-vinnubúðum Impregilo, Kárahnjúkum í ágúst 2006

Argentína	6	Nepal	12
Bretland	2	Pakistan	65
Chile	1	Filippseyjar	3
Kína	377	Pólland	9
Kólumbía	8	Portúgal	207
Eþíópía	1	Rúmenía	1
Grikkland	1	Rússland	2
Grænland	1	Slóvakía	1
Ísland	14	Spánn	2
Indland	10	Srí Lanka	1
Ítalía	87	Taíland	3
Júgóslavía	1	Tyrkland	6
Malasía	3	Úganda	2
Marokkó	17	Úrúgvæ	3
		Samtals	846

Suðurverk:

Hér er þýðið þeir starfsmenn sem búa í vinnubúðum Suðurverks og vinna við gerð tveggja stíflna sitthvoru megin við Kárahnjúkastíflu, Desjárdalsstíflu og Sauðárdalsstíflu. Í vinnubúðum Suðurverks dvöldu að jafnaði 98 manns í ágúst 2006. Starfsmenn voru eingöngu frá Íslandi og Póllandi.

Byggingarframkvæmdir Alcoa Fjarðaáls:

Hér er þýðið þeir starfsmenn sem vinna við byggingu álversins og búa í starfsmannaþorpi þeirra sem unnu við byggingaframkvæmdir hjá Alcoa Fjarðaáli. Alls teljast starfsmenn vera 1417 manns. Fyrirvari var gerður á þýðinu og útilokaðir þeir starfsmenn sem ekki voru við vinnu eða með aðsetur í starfsmannaþorpinu á dögum fyriragnar. Þetta gerir endanlegt þýði 1113 manns. Flestir þátttakendur voru/eru starfsmenn bandaríska verktakans Bechtel og íslensku verkfræðistofunnar HRV.

Tafla 8. Þjóðerni starfsmanna í vinnubúðum Fjarðaálsverkefnis í ágúst 2006

¹⁹ Ath. Hluti starfsmanna Impregilo var staðsettur annarsstaðar á svæðinu vegna gangaborunar.

Pólland	1099
Bretland	39
Bandaríkin	66
Kanada	26
Chíle	8
Ungverjaland	2
Slóvakía	1
Ísland	108
Nýja Sjáland	5
Ástralía	18
Írland	14
Noregur	3
Frakkland	6
Holland	7
Þýskaland	15
Samtals	1417

7.7.8. Þýði og úrtök

Þótt þátttakendur í rannsókninni, alls 793 manns, séu stórt úrtak meðal allra þeirra starfsmanna sem vinna við stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi er nauðsynlegt að fjalla stuttlega um alhæfingargildi gagnanna sem safnað var.

Tafla 9. Fjöldi þátttakenda á hverjum vinnustað greindur eftir þjóðerni/tungumáli

Könnunarstaður	Þjóðerni (tungumál)	Fjöldi	Fjöldi með fyrirvara á þýði	Svörun
Vinnubúðir Landsvirkjunar:	Íslenska	22		
	Enska	11		
	<i>Samtals</i>	<i>33</i>	<i>55</i>	<i>60%</i>
Suðurverk:	Íslenska	49		
	Pólska	11		
	<i>Samtals</i>	<i>60</i>	<i>98</i>	<i>61%</i>
Impregilo:	Íslenska	9		
	Enska	47		
	Portúgalska	58		
	Kínverska	165		
	Pólska	7		
	<i>Samtals</i>	<i>286</i>	<i>846</i>	<i>34%</i>
Fjarðaálsverkefni:	Íslenska	24		
	Enska	45		
	Pólska	345		
	<i>Samtals</i>	<i>414</i>	<i>1113</i>	<i>37%</i>


Úrtökin voru öll svokölluð „hentugleikaúrtök“ (e. availability sample). Hentugleikaúrtök uppfylla ekki skilyrði þess að vera tilviljunarúrtök og lúta ekki útreikningi öryggisbila né vikmarka. Því er ekki hægt að fullyrða um tölfræðileg líkindi þess að niðurstöður eigi við um allt þýðið.

Einungis var ætlunin að skoða viðhorf þeirra sem vinna við stóriðjuframkvæmdirnar og hafa flust tímabundið á vinnusvæðið. Allir sem tóku þátt í rannsókninni uppfylla þessi skilyrði. Þýðið í rannsókninni er endanlegt (E. finite population) og þótt ekki sé um ólíkindaúrtak að ræða áttu aðrir en „aðflutt vinnuafl vegna stóriðjuframkvæmdanna“ mjög takmarkaða möguleika á að vera á stöðum fyrirlagnar. Með tilliti til þessa telst úrtakið gefa góða mynd af þeim starfsmönnum, erlendum og íslenskum, sem teljast til þess hóps sem ætlað var að skoða.

7.7.9. Niðurstöður

Eins og áður hefur komið fram var markmið gagnaöflunar tvíþætt. Í fyrsta lagi að var gerð tilraun til þess að afla upplýsinga um bakgrunn starfsmanna og ástæður þess að starfsmenn komu til vinnu við stóriðjuframkvæmdirnar. Í öðru lagi var markmið að afla gagna um aðstæður á vinnustað þ.e. þætti er lúta að samskiptum og vinnuöryggi. Hér er

nær eingöngu ætlunin að greina frá niðurstöðum sem snúa að bakgrunni starfsmanna og ástæðum þess að þeir komu til landsins.




Mynd 52. Hver er menntun þín?

Menntun starfsmanna gefur vísbendingu um hlutfall sérfræðinga, verkamanna og ýmissa iðnaðarmanna. Á myndinni sést nokkur munur á menntun starfsmanna sem vinna við álversframkvæmdir annarsvegar eða stífluf framkvæmdir hinsvegar. Við álversframkvæmdirnar er stærra hlutfall starfsmanna með háskóla- eða framhaldsmenntun á sama tíma og færri starfsmenn eru með próf í iðngrein. Nokkuð hærra hlutfall starfsmanna álversframkvæmdanna eru þó með stúdentspróf, sem í sumum tilfellum kann að vera ígildi iðnmenntunar. Verulegur munur er á hópunum þegar borið er saman hlutfall starfsmanna sem tiltekur grunnskólapróf sem sína hæstu menntun, þar sem um 30% starfsmanna við stífluf framkvæmdir telja grunnskólamenntun sína hæstu menntun.

Tafla 10. Tegundir starfa og hlutföll innan þjóðernis/tungumáls


	Enska	Portúgalska	Kínverska	Pólska	Íslenska
Verkamaður	7,8	34,5	26,4	24,4	8,8
Verkstjóri	7,8	10,3	5,7	0,6	2,9
Bílstjóri	1,0	15,5	31,4	6,1	10,8
Rafvirki	2,9	1,7	1,3	14,4	5,9
Smiður	2,9	5,2	21,4	6,7	2,0
Vélvirki	5,8	3,4	3,8	19,2	8,8
Verkfræðingur	27,2	---	3,8	7,2	13,7
Sérfræðingur	25,2	3,4	3,8	7,8	8,8
Mötuneyti	---	5,2	1,3	0,6	11,8
Annað	19,4	20,7	1,3	13,1	26,5

Þegar tegundir starfa eru greindar eftir þjóðerni kemur í ljós nokkur munur milli þjóðerna. Enskumælandi, í meira mæli en önnur þjóðerni, telja sig til sérfræðinga og verkfræðinga. Portúgalskir og kínverskir starfsmenn eru fjölmennir í hópnum verkamenn og bílstjórar. Athygli vekur að nokkuð stór hluti Íslendinga telja starfsvið sitt falla utan þeirra svarmöguleika sem gefnir voru upp. Það kann að skýrast af takmörkun í valmöguleikum spurningalistans. Við fyrirlögn komu í ljós nokkur tilvik þess að sérfræðimenntaðir íslenskir starfsmenn s.s. arkitektar og tækniteiknarar töldu sig ekki til sérfræðinga. Við túlkun á töflu 3 verður að taka sérstaklega tillit til þess að samanburður á starfsheitum milli þjóðerna er nokkrum vandkvæðum bundin.



Mynd 53. Hefur þú unnið við stóriðjuframkvæmdir áður?


Til þess að einfalda myndina hefur svarmöguleikum verið slegið saman. Ef svörin gefa tilefni til ályktunar um reynslu starfsmanna af svipuðum verkefnum kemur í ljós að kínverskir starfsmenn hafa mesta reynslu, þar sem um 94% segjast hafa unnið við stóriðjuframkvæmdir áður. Hlutfall þeirra sem segjast hafa unnið við stóriðjuframkvæmdir áður er einnig hátt hjá öðrum þjóðernum að undanskildum Íslendingum sem hafa nokkuð miklum mun minni reynslu af svipuðum verkefnum. Athygli vekur að stórt hlutfall Íslendinga telur „ekki eiga við“ (19%) að svara spurningu um reynslu sína. Ástæður þessa liggja einkum í því að hátt hlutfall Íslendinga sem vinna við stífluframkvæmdir telja það ekki eiga við að svara spurningu um reynslu af svipuðu verkefni.



Mynd 54. Í framtíðinni gæti ég hugsað mér að vinna og búa á Íslandi


Athygli vekur að pólskir starfsmenn sýna því minnstan áhuga að vinna og búa á Íslandi í framtíðinni. Mestan áhuga á því að vinna og búa á Íslandi hafa Portúgalar. Þótt ekki sé ástæða til þess að draga af þessu víðtækar ályktanir er ljóst að niðurstöðurnar eru nokkuð á skjön við almenn viðhorf til þess hvaða þjóðerni eiga auðvelt með aðlögun á Íslandi. Sú skoðun er viðtekin að Pólverjar eigi auðvelt með aðlögun að íslenskum vinnumarkaði. Í þessu ljósi er áhugavert að líta á niðurstöður fyrir pólska starfsmenn. Ekki aðeins hafa þeir minnst hlutfall svarenda sem eru sammála fullyrðingunni „Í framtíðinni gæti ég hugsað mér að vinna og búa á Íslandi“, heldur eru Pólverjar að meirihluta ósammála fullyrðingunni. Þetta gefur sterklega til kynna að þeir, í meirihluta, sjái ekki fyrir sér áframhaldandi búsetu og/eða störf á Íslandi í framtíðinni.

Að auki er áhugavert að Portúgalar sem samkvæmt niðurstöðum sýna mestan áhuga allra þjóðerna að vinna og búa á Íslandi í framtíðinni, eru allir starfsmenn uppi á Kárahnjúkum. Engir Portúgalar störfuðu við álversframkvæmdirnar í ágúst 2006.




Mynd 55. Hvað lýsir best þeim stað sem þú býrð? (svör erlendra starfsmanna)

Þegar borin er saman búseta erlendra starfsmanna kemur í ljós nokkur munur á kínverskum starfsmönnum og öðrum. Kínverskir starfsmenn koma oftast úr því sem kallast „bær eða lítil borg“ (47%). Þannig skera kínverskir starfsmenn sig einnig úr hvað varðar hlutfall starfsmanna úr stórborg, þar sem þeir hafa minnst hlutfall (19%) á meðan enskumælandi starfsmenn eru að stærstum hluta úr stórborg (37%). Við túlkun þessara niðurstaðna ber að geta þess, sem áður hefur verið nefnt, að mismunur í þýðingu kann að skýra einhvern mun hér. Eins getur verið um að ræða mismunandi túlkun starfsmanna á hvaða stærð borgar teljist til svarmöguleikans „bær eða lítil borg“. Að lokum ber að geta þess að spurningin var ekki lögð fyrir íslenska starfsmenn.




Mynd 56. Hvar er lögheimili þitt? (svör íslenskra starfsmanna)

Þegar niðurstöður þessarar spurningar eru skoðaðar er mikilvægt að hafa í huga að þeir Íslendingar sem tóku þátt í könnuninni voru í meirihluta „aðfluttir í vinnubúðum“. Þannig er líklegt að nokkur fjöldi heimamanna sem vinna við stóriðjuframkvæmdirnar og hafa búsetu í nágrenni þeirra hafi ekki áhrif á þessar niðurstöður. Ef litið er framhjá því eru helstu niðurstöður þær að starfsmenn eru fjölmennastir frá höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum (38%) og næst þar á eftir eru starfsmenn frá Suðurlandi (21%). Mjög fáir starfsmenn virðast koma frá Vestfirðum og Vesturlandi. Hátt hlutfall starfsmanna sem koma frá Suðurlandi stafar líklega af reynslu fólks á þessu svæði af framkvæmdum sem tengjast virkjunum eða stóriðju. Þá skiptir ekki litlu máli að stór verktaki frá Suðurlandi, Suðurverk bauð í framkvæmdirnar og fékk.




Mynd 57. Hver er aldur þinn?

Flestir starfsmenn sem vinna við stóriðjuframkvæmdirnar eru á aldursbilinu 30-39 ára og 40-49 ára. Á þessu aldursbili eru um 65% starfsmanna stífluf framkvæmdanna og um sama hlutfall í hópa starfsmanna álvers framkvæmdanna. Starfsmenn á aldursbilinu 20-29 ára, bæði við stífluf framkvæmdirnar og við álvers framkvæmdirnar, eru tæplega 20%. Það er eins eftirtektarvert að aldur starfsmanna við stífluf framkvæmdirnar virðist nokkru lægri heldur en aldur starfsmanna við álvers framkvæmdir. Hafa skal þann fyrirvara, sem fyrr hefur verið nefndur, að úrtökin eru hentugleikaúrtök og uppfylla ekki skilyrði þess að vera tilviljunarúrtök. Því er ekki hægt að fullyrða um tölfræðileg líkindi þess að niðurstöður eigi við um allt þýðið.




Mynd 58. Það ríkir góður andi á mínum vinnustað

Þessi spurning var lögð fyrir í þeim hluta spurningakönnunarinnar sem miðaði að öflun upplýsinga um líðan starfsmanna. Þótt hér sé ekki greint frá helstu niðurstöðum þess hluta er vert að geta þess að niðurstöður sýna ekki mikinn mun á starfsmönnum eftir stöðum fyrirlagnar. Þannig var t.d. ekki mikill munur á viðhorfum starfsmanna til þeirrar hættu sem þeim stafar af starfsaðstæðum sínum. Hér sýna niðurstöður að starfsmenn, hvort heldur við álvers- eða stífluframkvæmdir, eru að miklum meirihluta sammála því að góður andi ríki á vinnustað. Nokkuð stærri hluti starfsmanna við álversframkvæmdir segjast hlutlausir eða alls um 25% á móti um 12% starfsmanna stífluframkvæmda.



Mynd 59. Að vinna með Íslendingum hefur verið jákvæð reynsla (svör erlendra starfsmanna)

Þegar erlendir starfsmenn eru spurðir að því hvort það að vinna með Íslendingum hafi verið þeim jákvæð reynsla kemur í ljós nokkuð eindregið samþykki þess. Um 82% kínverskra starfsmanna eru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni. Samskonar jákvæð svör gefa 77% enskumælandi, 73% pólskra og 64% portúgalskra starfsmanna. Hlutfall þeirra starfsmanna sem eru ósammála fullyrðingunni er stærst meðal Portúgala, eða alls um 12%.



Mynd 60. Erlendir starfsmenn hafa reynst mér vel (svör íslenskra starfsmanna)

Þegar Íslendingar eru spurðir um reynsla sína af störfum með erlendum starfsmönnum segjast 54% þeirra vera sammála og mjög sammála fullyrðingunni: „erlendir starfsmenn hafa reynst mér vel“. Athygli vekur að nokkuð stórt hlutfall, eða 40%, segjast vera hlutlausir og aðeins 6% eru fullyrðingunni ósammála. Þegar spurt var um afstöðu starfsmanna til starfsmanna af öðru þjóðerni voru spurningarnar ólíkar. Íslendingar fengu spurningu um viðhorf til erlendra starfsamanna almennt á meðan erlendir starfsmenn fengu spurningu um samskipti sín við Íslendinga eingöngu. Því ber ekki að

leggja að jöfnu svör við þessari spurningu og þeirri spurningu sem greint var frá hér að framan.

7.8 Samantekt um vinnumarkað

Atvinnuleysi á Austurlandi hefur þróast á svipaðan hátt og á landinu öllu og ber vitni um mikla eftirspurn eftir vinnuafli. Atvinnuleysið var allt tímabilið 2002-2007 minna á Austurlandi. Þannig var atvinnuleysi meðal karla á Austurlandi fyrstu 11 mánuðina 2007 innan við þriðjungur atvinnuleysis karla á landinu öllu. Fjölgun fólks á vinnualdri er bundin við miðsvæðið en fólki á þessum aldri fækkar á norður- og suðursvæði. Könnun meðal íbúa vorið 2007 bendir til þess að íbúar á miðsvæði séu ánægðir með fjölbreytni starfa, hefur ánægjan aukist frá könnun 2004. Í samanburði á landsvísu er ánægja með þennan þátt næstmest á miðsvæðinu, næst á eftir áhrifasvæði Reykjavíkur. Ekki kemur á óvart að þátttaka í framkvæmdunum er langmest meðal íbúa á miðsvæðinu skv. könnun vorið 2007. Sama gildir um önnur tengsl við framkvæmdirnar, s.s. gegnum fjölskyldutengsl svarenda og fyrirtæki sem viðkomandi vinna hjá. Þátttaka svarenda á norðursvæði í framkvæmdunum var talsvert meiri en á suðursvæði þar sem hún var almennt lítil, jafnvel minni en í landshlutum sem fjær liggja. Samkvæmt könnun vorið 2007 voru fleiri í fullu starfi á miðsvæðinu sem launþegar en á flestum öðrum landsvæðum. Nokkur breyting hefur orðið á menntunarstigi á áhrifasvæðinu milli kannana 2004 og 2007. Einkum má merkja fjölgun þeirra sem hafa fyrstu háskólagráðu og fækkun meðal þeirra sem hafa aðeins grunnnám. Hafa ber þó í huga að á sama tíma er menntunarstig þjóðarinnar sem heildar að hækka ört. Samkvæmt könnun vorið 2007 var áhugi á að sækja um vinnu við álverið langmestur á miðsvæðinu en næstmesti áhuginn var á suðursvæði. Um áramótin 2007-2008 var verið að ráða í flest þeirra um 400 starfa við álver Alcoa Fjarðaáls og voru konur um 28% starfsmanna í upphafi árs 2008 sem er það hæsta sem um getur í álverum Alcoa. 54% starfsmanna voru af Austurlandi af þeim voru flestir búsettir í Fjarðabyggð (um 70%) en afgangurinn að mestu leyti á Egilsstöðum. Launagreiðslur fyrir þriggja mánaða tímabil júlí-september 2007 voru orðnar að meðaltali um 176 milljónir kr. á mánuði. Í tengslum við rannsókn þessa fór fram hlutarannsókn meðal starfsmanna í vinnubúðum. Fram kom að meiri hluti erlendra starfsmanna hafði unnið við samskonar framkvæmdir áður en minni hluti þeirra íslensku. Athygli vekur að pólskir starfsmenn sýna því minnstan áhuga að vinna og búa á Íslandi í framtíðinni. Mestan áhuga á því að vinna og búa á Íslandi hafa Portúgalar. Flestir starfsmenn sem vinna við stóriðjuframkvæmdirnar eru á aldursbilinu 30-39 ára og 40-49 ára. Aðspurðir að því hvort góður andi ríki á vinnustaðnum kom í ljós að ekki var mikill

munur á milli virkjunarframkvæmdanna og álversbyggingarinnar. Þegar erlendir starfsmenn eru spurðir að því hvort það að vinna með Íslendingum hafi verið þeim jákvæð reynsla kemur í ljós nokkuð eindregið samþykki þess.


8. HLUTARANNSÓKN Á MISMUNANDI ÁHRIFUM FRAMKVÆMDANNA Á KYNIN

Nokkrar upplýsingar um ólíka stöðu kvenna og karla á Austurlandi hafa nú þegar komið fram. Þannig sýna myndir 5-8 að árið 2002 voru konur hlutfallslega færri en karlar á öllum svæðum Austurlands. Mynd 29 sýnir einnig að sú er enn raunin árið 2007. Mestur er munurinn á skilgreindu miðsvæði Austurlands þar sem karlar voru 64,1% mannfjöldans árið 2007. Ekki er ljóst hversu stór hluti þessara karlanna eru farandverkamenn sem hyggjast flytjast burt að framkvæmdum loknum.

Þessi þróun er enn fremur skýrð með mynd 20 þar sem sést að þó aðfluttar konur hafi verið örlítið fleiri en brottfluttar árin 2005 og 2006 er aðflutningur karlanna til Austurlands miklum mun meiri.

Einnig má nefna að atvinnuleysi kvenna á Austurlandi er meira en atvinnuleysi karlanna (Mynd 36).

Að lokum má sjá augljósan kynjamun í svörum fólks við spurningunni hversu ánægt það er með tekjur sínar. Um þriðjungur karla er mjög eða frekar óánægður en hið sama gildir um nærri helming kvenna. Munurinn var mjög áþekkur bæði á Austfjörðum og utan Austfjarða.



Mynd 61. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með atvinnutekjur þínar? Landið allt skipt eftir kyni.

Í ljósi þessarar ólíku stöðu karla og kvenna á Austurlandi er ekki úr vegi að athuga sérstaklega viðhorf kvenna til framkvæmdanna eins og þau birtast í viðhorfskönnun vorið 2007.

Fyrir þennan kafla voru einkum notuð gögnin úr viðhorfsrannsókn sem framkvæmd var á öllu landinu árið 2007 og gerð var skil í kafla 4. Fyrir þennan kafla voru gögnin vikuð þannig að hver landshluti hafi jafnt gildi og hlutfallslegt gildi hans af mannfjölda í landinu. Eftir vigtun gilda því svörin fyrir hvern landshluta hlutfallslega jafnmikið og sjá má í þriðja dálki í töflu 8.1. Þannig má fremur álykta um landið í heild. Í flestum niðurstöðum í kaflanum hefur landinu þó verið skipt upp í tvennt, landið í heild utan Austfjarða og hins vegar Austfirði.


Tafla 11. Samanburður fjölda í úrtaki og íbúafjölda

Svæði	Hlutfall endanlegs úrtaks	Hlutfall íbúa á landinu
Áhrifasvæði Reykjav.	14	74
Vesturl., Vestfirðir og Norðurland vestra	14	8
Eyjaþingarsvæðið	16	8
Suðurland að Árborg	15	4
Austurl. norðursvæði	12	2
Austurl. miðsvæði	24	4
Austurl. suðursvæði	6	1
Samtals	100	100

Valdar hafa verið nokkrar lykilspurningar um viðhorf til framkvæmdanna og aðkomu viðkomandi að þeim til kyngreiningar fyrir þennan kafla. Viðeigandi marktektarpróf (yfirléitt kíkvaðratpróf) voru framkvæmd til að tryggja að munur á svörum væri ekki tilviljanakenndur og er munurinn marktækur við 99% öryggismörk nema annað sé tekið fram.


Í fyrri áfangaskýrslu kom m.a. fram að konur eru mun ólíklegri en karlar til að telja það líklegt að þær sækji um störf í álverinu á Reyðarfirði (sjá töflu 7.3.). Á Austfjörðum og á landinu í heild má sjá sama mynstur (Mynd 62). Á meðan 8 af hverjum 10 karlmönnum á landinu í heild utan Austfjarða telja það mjög ólíklegt eða útilokað að þeir muni sækja um vinnu í álverinu segja 92% kvenna hið sama. Á Austfjörðum er hlutfallið lægra en

sama kynjamun má finna, 74% kvenna á móti 66% karla telja mjög ólíklegt eða útilokað að þær saki um vinnu í álverinu.




Mynd 62. Hversu líklegt er að þú munir sækjast eftir vinnu við álver í Reyðarfirði? Skipt eftir kyni og landsvæði.

Mynd 63 og Mynd 64 taka til víðari þáttar en aðeins álversins þar sem spurt er hvort fólk hafi verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar, þar sem átt er við alla þætti verksins. Kynjamunurinn er þar þó nokkur, sérstaklega á Austurlandi þar sem 27% karla segjast hafa verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar á móti 9% kvenna.




Mynd 63. Ég hef verið að vinna við, eða í tengslum við framkvæmdirnar. Skipt eftir kyni, landið í heild utan Austurlands.




Mynd 64. Ég hef verið að vinna við, eða í tengslum við framkvæmdirnar. Skipt eftir kyni, Austurland.

Talsverður kynjamunur er einnig á því hvort fólk vinnur hjá aðilum sem hafa tengsl við framkvæmdirnar eða hafa selt vöru eða þjónustu til framkvæmdaraðila (Mynd 64, Mynd 65). Kynjamunur er til staðar bæði á Austurlandi og utan Austurlands; Karlmennt eru talsvert líklegri til að vera í vinnu hjá aðilum sem tengjast framkvæmdunum.



Mynd 65. Fyrirtæki/aðili sem ég vinn hjá hefur verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar. Fyrirtæki/aðili sem ég vinn hjá hefur verið að selja vörur/þjónustu til framkvæmdaaðila.²⁰ Landið í heild utan Austurlands, skipt eftir kyni.


²⁰ Spurt var hversu vel þessar staðhæfingar ættu við viðkomandi. Myndin sýnir þessar tvær spurningar samanlagðar.



Mynd 66. Fyrirtæki/aðili sem ég vinn hjá hefur verið að vinna við eða í tengslum við framkvæmdirnar. Fyrirtæki/aðili sem ég vinn hjá hefur verið að selja vörur/þjónustu til framkvæmdaaðila. Skipt eftir kyni, Austurland.


Myndir 69-72 sýna að konur eru í talsverðu minna mæli beinir þátttakendur í framkvæmdunum og telja einnig ólíklegra en karlmenn að þær muni sækjast eftir vinnu við álverið í Reyðarfirði. Það kom einnig í ljós í viðhorfakönnuninni að sýn kvenna á framkvæmdirnar var nokkuð önnur en karlmannna eins og sjá má á eftirfarandi myndum.

Mynd 67 sýnir að á meðan 22% karlmannna utan Austfjarða hafa mikla eða frekar mikla trú á að stóriðjuframkvæmdirnar bæti fjárhagslega afkomu þeirra hafa 7% kvenna sömu sögu að segja.



Mynd 67. Hversu mikla eða litla trú hefur þú á því að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi bætt fjárhagslega afkomu þína? Skipt eftir kyni, landið í heild utan Austurlands.


Mynd 68 sýnir mun á svörum karla og kvenna á Austurlandi við sömu spurningu. Þar er kynjamunurinn marktækur við 95% öryggismörk en eins og sjá má á flokkunum fjórum er kynjamunurinn ekki eins afgerandi. Þó má sjá á flokkum „mjög mikla trú“ og „mjög litla trú“ að konur eru líklegri til að svara því til að þær hafi mjög litla trú á meðan karlmenn eru líklegri til að hafa mjög mikla trú.



Mynd 68. Hversu mikla trú hefur þú á því að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi bætt fjárhagslega afkomu þína? Skipt eftir kyni, Austurland.


Einnig var spurt hversu mikla trú fólk hefði á því að álverið á Reyðarfirði myndi bæta fjárhagslega afkomu þess. Sami kynjamunur kom í ljós þar og sjá má á myndinni að ofan, karlmenn höfðu meiri trú á fjárhagslegum ávinningi af verkefninu. Munurinn var þó á mörkunum að vera marktækur á Austurlandi ($p = 0.069$)

Kynjamunur var einnig áberandi á landsvísu við spurningunni hvort fólk teldi að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á þeirra byggðarlag (Mynd 69). Þó nokkurn veginn sama hlutfall karla og kvenna telji áhrifin hafa verið mjög eða frekar neikvæð eru konur mun líklegri en karlar til að telja áhrifin hafa verið engin. Karlmenn eru á móti mun líklegri en konur til að telja áhrifin hafa verið mjög eða frekar jákvæð en 31% karlanna telja svo vera á móti 12% kvenna. Athygli vekur að sama spurning sýndi ekki marktækan kynjamun á Austurlandi.



Mynd 69. Hvort telur þú, þegar á heildina er litið, að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf í þínu byggðarlagi? Skipt eftir kyni, landið í heild utan Austurlands.

Til að kanna enn frekar hug fólks til stóriðjuframkvæmdanna var í viðhorfskönnuninni spurt opinna spurningar um helstu neikvæðu þætti verkefnisins og helstu jákvæðu þætti þess. Mynd 70 sýnir þá þætti sem fólk taldi helst vera neikvæða skipta upp í 9 flokka, skipt eftir kyni og landsvæðum. Á heildina litið svöruðu 77% aðspurða spurningunni en 23% skiluðu auðu.



Mynd 70. Hvað er í þínum huga helst neikvætt við stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi? Skipt eftir kyni og svæðum (Austurland / Landið í heild utan Austurlands)

Umhverfisáhrif: Á landinu í heild, utan Austurlands, nefndu 65% kvenna umhverfisáhrif framkvæmdanna sem stærsta neikvæða þátt framkvæmdanna á móti 52% karla ($p = 0.000$). Á Austurlandi er þetta hlutfall lægra bæði hjá konum og körlum og

kynjamunurinn að auki ekki marktækur. Munurinn á milli landshluta er marktækur bæði hjá konum og körlum, þ.e. konur og karlar á Austurlandi eru ólíklegri til að nefna þennan þátt sem neikvæðan heldur en konur og karlar utan Austurlands.

Ekkert: Lítil hluti svarenda svöruðu því til að ekkert væri neikvætt varðandi framkvæmdirnar. Á landinu í heild utan Austurlands var kynjamunurinn marktækur þar sem 4% kvenna fannst ekkert vera neikvætt á móti 9% karla. Kynjamunurinn var ekki marktækur á Austurlandi né heldur munur á milli landsvæða.

Átökin: Hér er átt við þau miklu átök sem áttu sér stað á opinberum vettvangi varðandi stóriðjuframkvæmdirnar sem nokkrum hluta svarenda fannst vera helsti neikvæði þátturinn. Kynjamunur og munur á milli landshluta var ekki marktækur.

Efnahagsleg ábrif: Um 5% svarenda fannst efnahagslegu áhrif framkvæmdanna vera neikvæð, og nefndu svarendur þá til að mynda ofpenslu og verðbólgu. Eini marktæki munurinn sem hér er að finna á milli hópa er á meðal kvenna og karla utan Austurlands en fleiri karlmenn (5%) heldur en konur (2%) nefndu þennan þátt.


Ruðningsábrif: Engan kynjamun er að finna hér en munur á milli svæða er marktækur hjá bæði konum og körlum; Austlendingar eru líklegri til að nefna þennan þátt.

Veit ekki: Lítil hluti svarenda kvaðst ekki vita hvað væri helsti neikvæði þátturinn varðandi framkvæmdirnar. Kynjamunurinn utan Austurlands er marktækur en aðeins fleiri konur (5%) heldur en karlar (3%) sögðust ekki vita hvað væri neikvæðast.

Skilaði auðu: Að síðustu má nefna að nokkur hluti svarenda kaus að svara ekki þessari spurningu. Utan Austurlands reyndist kynjamunurinn marktækur, þ.e. fleiri konur skiluðu auðu heldur en karlmenn. Á Austurlandi var enginn munur á svörum kynjanna. Munurinn er einnig marktækur á milli kvenna á Austurlandi og kvenna búsettra annarsstaðar en 23% kvenna á Austurlandi skiluðu auðu á móti 11% kvenna annarsstaðar.

Á heildina litið má sjá að kynjamunur á Austurlandi er minni en á landinu í heild utan Austurlands. Utan Austurlands eru konur líklegri til að nefna umhverfisáhrifin og ólíklegri til að nefna að ekkert sé neikvætt við framkvæmdirnar heldur en karlmenn á sama svæði. Athygli vekur einnig að nær fjórðungur kvenna á Austurlandi skilar auðu á móti rúmum 10% kvenna annars staðar á landinu.

Á sama hátt var spurt um helstu jákvæðu þættina varðandi stóriðjuframkvæmdirnar.



Mynd 71. Hvað er í þínum huga helst jákvætt varðandi stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi? Skipt eftir kyni og svæðum.

Atvinnusköpun: Konur utan Austurlands voru líklegri til að nefna þennan þátt heldur en karlmenn á sama svæði. Kynjamunur á Austurlandi er ekki marktækur né heldur munur á milli svæða.

Byggðapróun: Hér er átt við byggðapróun aðra en fjölgun íbúa s.s. bættar samgöngur og aukna þjónustu. Engan mun á milli hópa var hér að finna.

Efnahagsleg áhrif: Á Austurlandi er ekki munur á tíðni kvenna og karla sem nefna þennan þátt sem helst jákvæðan varðandi framkvæmdirnar. Utan Austurlands voru karlar hinsvegar mun líklegri til að nefna þennan þátt heldur en konur eða 15% miðað við 3 % kvenna.

Íbúafjölgun: Lítill hópur nefndi sérstaklega að íbúafjölgun eða í það minnsta viðhald íbúafjölda væri helsti jákvæði þátturinn við framkvæmdirnar. Ekki var munur á svörum kynjanna hér.


Ekkert: Nokkur prósent svarenda skrifuðu að þeir teldu ekkert vera jákvætt við framkvæmdirnar. Engan kynjamun var að finna á Austurlandi en utan Austurlands voru konur líklegri til að segja að ekkert væri jákvætt heldur en karlar ($p = 0.06$) eða 7% á móti 4% karla.

Veit ekki, annað og skila auðu: Engan kynjamun var að finna í þessum þremur flokkum né heldur mun á milli svæða.

Á heildina litið má sjá að rétt eins og í svörum við hvað væri neikvætt við framkvæmdirnar er meiri kynjamun að finna utan Austurlands í svörum um hvað sé

jákvætt við framkvæmdirnar. Þannig eru konur utan Austurlands líklegri til að nefna atvinnusköpun, ólíklegri til að nefna efnahagsleg áhrif og líklegri til að segja að ekkert sé jákvætt heldur en karlmenn á sama svæði á meðan engan mun er að finna á svörum kynjanna á Austurlands.

Ólíka afstöðu kynjanna til stóriðjuframkvæmdanna má einnig sjá í könnun sem Capacent á Íslandi gerði fyrir Framtíðarlandið í apríl og maí 2007. Úrtakið var 1285 manns á aldrinum 18-75 ára og svarhlutfall var 62,3%.



Mynd 72. Ertu sammála eða ósammála því að áframhaldandi áhersla á stóriðju sé forsenda hagvaxtar á Íslandi?

Mynd 72 sýnir talsverðan kynjamun og er hann marktækur ($p < 0.05$), mun færri konur er sammála staðhæfingunni.

Að lokum er áhugavert að skoða þessi meginlegu gögn í ljósi eiginlegra gagna um stöðu kvenna á Austurlandi. Anna Karlsdóttir tók árið 2006 viðtöl við 18 konur sem starfa við fiskvinnslu á Austurlandi, sem hingað til hefur verið ein af stóru atvinnugreinum kvenna á svæðinu. Anna tekur fram að áhugvert sé að skoða viðhorf þessara kvenna til framkvæmdanna þar sem störfum í fiskvinnslu hefur fækkað mjög og því líklegt að þær konur sem þar vinni þurfi á nýjum atvinnutækifærum að halda, t.a.m. í tengslum við stóriðju.

Á meðal þess sem Anna kemst að í rannsókn sinni er að konurnar eru yfirleitt ekki sáttar við einhæfni vinnunnar í fiskvinnslunni og skort á atvinnutækifærum á svæðinu. Þær reyna þó eftir fremsta megni að vera jákvæðar gagnvart stöðu sinni.

Flestar konurnar voru jákvæðar í garð stóriðjuframkvæmdanna þó margar væru ósáttar við umhverfisáhrif þeirra. Það sem þó vekur athygli er að engin kvennanna hafði áhuga á að vinna við álverið, einkum vegna samgönguferfiðleika. Þær nefndu að vegna ábyrgðar

þeirra á heimili og börnum sjá þær sér ekki fært að keyra til Reyðarfjarðar til vinnu. Eins og einn viðmælenda Önnu komst að orði: “Ég myndi ekki gera það [vinna við álverið]. Ég held að það séu miklu frekar þeir [karlmenn] sem taka áhættuna að keyra þangað og þeir hafa meira frelsi til að fara frá heimilinu” (2006 bls. 90).

Almennt séð sögðu konurnar aðstæður þeirra ekki hafa breyst eftir að vinna við stóriðjuframkvæmdirnar hófst þó nokkrar nefni að þjónusta og verslun á svæðinu hafi aukist. Þær fjarlægja sjálfar sig verkefninu og virðast líta á það sem jákvætt fyrir einhverja aðra en þær sjálfar.

Sjá má af gögnum um íbúafjölda að konur eru talsvert færri en karlmenn á Austurlandi auk þess sem atvinnuleysi á meðal þeirra er meira en þó eins og hjá karlmönnum ekki umtalsvert. Konur eru ólíklegri en karlar til að ætla sér að sækja um vinnu í álverinu og þær hafa minni tengsl við framkvæmdirnar t.d. í gegnum vinnuveitanda sinn heldur en karlmenn. Á sama tíma eru þær óánægðari með atvinnutekjur sínar. Rannsókn Önnu Karlsdóttur bendir einnig í sömu átt, þ.e. að konur séu ekki á beinan hátt að taka þátt í eða hagnast á framkvæmdunum. Þrátt fyrir þetta eru konur á Austurlandi yfirleitt með svipað viðhorf til framkvæmdanna og karlmenn þ.e. þær eru ekki neikvæðari heldur en þeir. Utan Austurlands er kynjamunurinn nokkuð afgerandi, þar eru konur yfirleitt neikvæðari heldur en karlmenn í afstöðu sinni til ýmissa þátta framkvæmdanna.

Þessar niðurstöður má túlka á ýmsa vegu. Mögulega sjá konur á Austurlandi möguleika á auknum tækifærum í tengslum við svokölluð afleidd störf sem munu væntanlega líta dagsins ljós á næstu misserum. Ekki var spurt um þetta í viðhorfakönnuninni að þessu sinni. Einnig geta aðrir afleiddir þættir skýrt ánægju kvenna á Austurlandi s.s. hækkingu húsnæðisverð, aukin tækifæri fyrir maka þeirra eða bætтар samgöngur.

Annar möguleiki til túlkunar væri skortur á svigrúmi til að tjá óánægju. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1997) hefur fjallað um þá menningu að þrauka og þegja sem henni virðist vera í hávegum höfð á Íslandi. Þessi menning, segir Guðbjörg, hefur orðið til þess að hópar sem eru óánægðir með kjör sín eða aðstæður eiga erfitt með að koma þessari óánægju á framfæri. Ennfremur má nefna meistaraþinggerð Ásdísar Jónsdóttur en í viðtölum hennar við viðmælendur sína kemur fram að einhverjir þeirra telji að fólk, ekki síst Austlendingar, eigi erfitt með að gagnrýna virkjunar- og álversframkvæmdirnar vegna þeirra tilhneigingar að viðkomandi sé þá álitinn „óvinur“ Austurlands. Sé þetta rétt gæti það skýrt af hverju konur á Austurlandi eru ólíklegri en kynsystur þeirra á landsvísu til að láta í ljós óánægju sína með framkvæmdirnar.

Að endingu mætti svo hugsa sér að ástæðurnar fyrir þessum niðurstöðum liggi þarna mitt á milli. Þannig séu konur á Austurlandi ekki jafn óánægðar og konur á landinu í heild vegna jákvæðra áhrifa framkvæmdanna jafnvel þó þær taki ekki beinan þátt í þeim en að þeim geti einnig reynst erfitt að koma fram með óánægju sína sé hún til staðar.

Líklega verða búferlaflutningar kvenna á næstu árum ágætis mælikvarði á ánægju þeirra með aðbúnað á Austurlandi. Verði kynjahallinn viðvarandi er ljóst að ekki hefur tekist að koma til móts við þarfir og kröfur kvenna á svæðinu með stóriðjuframkvæmdunum. Áhugavert verður að fylgjast með kynskiptum tölum um íbúafjölda á svæðinu á næstu misserum og árum.

8.1. Samantekt um hlutarannsókn á mismunandi áhrifum framkvæmdanna á kynin

Aðkoma kvenna að framkvæmdunum er á flestan hátt minni en karla og væntingar þeirra um samfélagsleg áhrif sömuleiðis. Þessi viðhorf endurspeglast í niðurstöðum úr ýmsum spurningum kannana í verkefninu sem greindar voru eftir kynferði. Þannig reyndist ánægja með atvinnutekjur vera mun minni meðal karla en kvenna, gildir það sama um Austurland og landið allt. Lægra hlutfall kvenna en karla telja líklegt að þær sæki um vinnu í álverinu. Þátttaka kvenna hefur enn fremur verið minni í framkvæmdunum og í tengslum við þær heldur en þátttaka karla og gildir svipað um konur á áhrifasvæðinu og utan þess. Trú á bætta fjárhagslega afkomu vegna framkvæmdanna er minni meðal kvenna en karla. Það sem mest hefur verið deilt um vegna framkvæmdanna eru umhverfisáhrif. Svör við opinni spurningu um hvað sé helst neikvætt við framkvæmdirnar benda til þess að konur nefni umhverfisþáttinn mun frekar en karlar. Þetta á einkum við um konur utan áhrifasvæðisins.


9. HÚSNÆÐISMARKAÐUR

Í fyrri áfangaskýrslu, kom fram að stóriðjuframkvæmdirnar höfðu haft mikil áhrif á húsnæðismarkaðinn á Austurlandi til ársloka 2005. Áhrifin virtust þó vera bundin við Mið-Austurland. Þar hafði mikið verið byggt og verð hækkað mjög. Engin áhrif voru t.d. merkjanleg á Höfn. Verð á íbúðarhúsnæði hafði hækkað verulega á Austurlandi en einnig annars staðar svo sem á suðvesturhorninu og í Eyjafirði. Verð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi virtist í árslok 2005 stefna í að verða svipað og á Akureyri en var þó enn heldur lægra. Verð á Akureyri og á Mið-Austurlandi var hins vegar töluvert lægra en í Reykjavík. Minni gerjun virtist hafa átt sér stað á markaði með atvinnuhúsnæði og hafði ekki verið byggt áberandi meira af því árin 2004-2005 en árin þar á undan.


9.1. Þróun húsnæðisverðs

9.1.1. Húsnæði byggt 1951-1990

Eins og í fyrri áfangaskýrslu sem miðaði við ástandið í árslok 2005 er hér skoðuð verðþróun á húsnæði sem er byggt á árunum 1951-1990. Það er til að útiloka meðalaldursáhrif í meðaltalsverði. Nýjar eignir eru að jafnaði verðmeiri en eldri eignir. Ef mikið bætist við af nýbyggingum inn á húsnæðismarkað ætti það alla jafna að leiða til hærri húsnæðisverðs að meðaltali, eingöngu vegna þess að meðalaldur húsnæðisins lækkar. Ef verð er skoðað á íbúðum sem eru ekki nýjar og byggðar á vissu tímabili er hægt að útiloka þessi áhrif. Slík skoðun ætti því að gefa enn gleggri mynd af því hvernig húsnæðisverð þróast. Á næstu tveimur myndum má sjá hvernig verð á íbúðarhúsnæði hefur breyst á síðustu árum á íbúðum sem eru byggðar á tímabilinu 1951-1990. Stærstu húsnæðismarkaðir landsins eru hafðir til hliðsjónar við markaðinn á Austurlandi.



Mynd 73. Þróun verðs á fjölbýli (byggt 1951-1990) á Austurlandi og fleiri stöðum á verðlagi 2007.




Mynd 74. Þróun verðs á sérbyli (byggt 1951-1990) á Austurlandi og fleiri stöðum á verðlagi 2007.

Hér vekur það fyrst athygli að verðið á Fljótshálsa (Egilsstaðir og nágrenni) lækkaði að raungildi milli ára 2006 og 2007 en það er þvert á þróunina á langstærsta markaði

landsins á höfuðborgarsvæðinu. Hver ætli hafi verið ástæðan fyrir þessu? Nokkrar skýringar eru mögulegar:

- Of lítið af íbúðum kom inn á markaðinn 2006 sem skapaði umframeftirspurn og leiddi til mikilla verðhækkana milli 2005 og 2006. Þessi verðhækkun gekk að hluta til baka þegar meira framboð varð á íbúðum árið 2007.
- Á einhverjum tímamarki á árunum 2006-2007 var hreinlega búið að byggja nóg af íbúðarhúnæði og það sem kom inn á markaðinn eftir það var hreinlega offramboð sem lækkaði verðið.


Til að skilja þetta betur er gagnlegt að skoða nánar hvernig verðið þróaðist frá mánuði til mánaðar. Þar sem samningar um sölu sérbylis eru fleiri en um sölu fjölbylis er verð á sérbyli notað til viðmiðunar. Notað er miðsætt meðaltal þar sem meðaltal sjö samliggjandi mánaða er notað sem gildið fyrir miðmánuðinn.



Mynd 75. Þróun húnæðisverðs (staðgreiðsluverð á fermetra í sérbyli byggðu 1951-1990) á Mið-Austurlandi á verðlagi 2007, gildi hvers mánaðar er miðsætt meðaltal 7 mánaða.

Ekki fæst betur séð en verð á þessum flokki íbúða, sérbyli byggð 1951-1990 á Mið-Austurlandi, hafi náð hæsta raunvirði um áramótin 2006-2007 en hafi lækkað síðan. Þetta er greinilegt á Fliótsdalshéraði en virðist einnig hafa átt sér stað í Fjarðabyggð þó ógreinilegra sé.

Á næstu mynd má sjá hvernig húsnæðisverð hefur breyst hlutfallslega að raunvirði eftir landshlutum. Eins og í síðustu áfangaskýrslu er breytingin skoðuð frá 2002 en það var síðasta árið sem áhrifa álversframkvæmda var ekki farið að gæta að ráði.




Mynd 76. Verðbreyting á föstu verðlagi á íbúðarhúsnæði á árunum 2002-2007 (fermetraverð (staðgreiðsluverð) á húsnæði byggðu 1951-1990).

Af myndinni má sjá að húsnæðisverð hefur hækkað gríðarlega á árunum 2002 til 2007. Einnig á stöðum þar sem hefur verið fólksfækkun svo sem á Hornafirði. Mest hefur hækkunin orðið í Fjarðabyggð af þessum stöðum sem hér eru skoðaðir og verður að teljast líklegt að það sé beint af völdum álversins. Ef ekkert álver hefði verið byggt er ekki ósennilegt að hækkun í Fjarðabyggð og á Fljótshéraði hefði verið sviðuð og í Hornafirði eða á Húsavík. Það vekur þó óneytanlega athygli að þrátt fyrir „stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar“ eins og álvers og virkjunarframkvæmdirnar á Austurlandi hafa stundum verið kallaðar, hækkaði húsnæðisverð meira í Reykjavík en á Fljótshéraði. Það vill nefnilega stundum gleymast að á sama tíma voru líka gríðarlegar framkvæmdir á suðvesturhorninu og þar var mikil þensla sem vó líklega mun þyngra fyrir hagkerfið í heild heldur en þenslan í hinum fámenna landshluta Austurlandi.

9.1.2 Nýtt húsnæði byggt 2000-2007

Hér að framan hefur verið fjallað um íbúðarhúsnæði sem byggt var á árunum 1951-1990. Verð á nýjum húsum er einnig áhugavert þó minni gögn séu til um það hjá FMR en á eldri húsum. Kemur það fyrst og fremst til af því að upplýsingar um verð frá verktaka til

fyrsta eiganda koma sjaldnast fram í verðsjá FMR. Á næstu mynd má sjá meðalverð á nýju íbúðarhúsnæði yfir árið 2007 á Mið-Austurlandi sem og á Akureyri og í Reykjavík.




Mynd 77. Meðalverð á fermetra árið 2007 á nýju íbúðarhúsnæði byggðu árið 2000 og síðar.

Útlit myndarinnar er meira og minna það sama og árið 2005 hvað hlutföll varðar milli landsvæða. Verð á nýju húsnæði er svipað á Mið-Austurlandi og Akureyri en verðið í Reykjavík er töluvert herra.

9.2. Væntingar um verðþróun á húsnæði vorið 2007

Í úrtakskönnun vorið 2007 var spurt um væntingar þátttakenda til þróunar fasteignaverðs í þeirra byggðarlögum fram til ársins 2010. Spurt var þessarar sömu spurningar árið 2004. Í millitíðinni varð hins vegar einskonar sprenging á húsnæðismarkaði sem tengdist því að Íbúðalánasjóður rýmkaði lánaðjör sín verulega og í kjölfarið fóru bankarnir inn á húsnæðislánamarkaðinn og hófu að bjóða hagstæð húsnæðislán síðsumars 2004. Afleiðingin var stórhækkað húsnæðisverð. Þannig hafa miklar húsnæðisverðshækkunir síðan 2004 breytt forsendum til samanburðar milli kannana 2004 og 2007. Sömuleiðis hefur þetta líklega breytt forsendum fyrir mögulegum framtíðarhækkunum.



Mynd 78. Spurt vorið 2007: Hvort telur þú að verð á íbúðarhúsnæði í þínu byggðarlagi muni hækka, standa í stað eða lækka fram til ársins 2010 frá því sem nú er?

Athyglisvert er, þegar borin eru saman öll svæðin í könnuninni, að það er á miðsvæðinu sem flestir svarendur (14%) telja að verð muni lækka nokkuð eða mikið fram til ársins 2010. Þetta gæti bent til að þessi hluti svarenda telji að þær hækkanir sem þegar hafa orðið á svæðinu séu hugsanlega of miklar til að markaðurinn standi undir þeim til framtíðar. Á það bera að líta að miklar breytingar hafa sannarlega orðið á svæðinu, nokkuð sem fólk átti ekki að venjast fyrir framkvæmdir. Annað sem vekur athygli er að þótt ekki sé ýkja mikill munur á milli svæða þá eru væntingar til hækkana á áhrifasvæðinu á Austurlandi heldur minni en á öðrum svæðum í könnuninni.


9.3. Stærð húsnæðis

Stærð húsnæðis tekur sífelldum breytingum. Nýtt húsnæði er byggt og annað gengur úr sér (er rífið, brennur eða stendur áfram án þess að vera nothæft). Ef ekkert er byggt minnkar húsnæði því smám saman.

Tölurnar sem koma fram um stærð húsnæðis í þessum kafla eru teknar úr gögnum sem komu frá Fasteignamati Ríkisins. Tölurnar sem settar voru fram í áfangaskýrslu 2006 voru einnig frá Fasteignamatinu. Þeim ber þó ekki saman hvað vaðar íbúðarhúsnæðið og hafa ekki fengist skýringar á í hverju munurinn liggur. Tölur um atvinnuhúsnæði eru þær sömu til 2005 eins og kom fram í áfangaskýrslu 2006.


9.3.1. Íbúðarhúsnæði

Á næstu mynd má sjá heildarstærð íbúðarhúsnæðis á svæðunum þremur árin 2003-2007. Þetta er húsnæði sem fellur undir flokka 1-4 hjá Fasteignamati Ríkisins. Flokkarnir fjórir eru: Einbýlishús, sérbýlishús, sambýlishús og Bílskúr/skúr.



Mynd 79. Heildarstærð íbúðarhúsnæðis á svæðunum þremur

Af þessari mynd er ljóst að íbúðarhúsnæði hefur stækkað mikið á miðsvæðinu. Til að sjá stækkunina enn skýrar er hægt að skoða eingöngu breytingar á stærð íbúðarhúsnæðis á milli ára. Þær má sjá á næstu mynd.



Mynd 80. Breyting á heildarstærð íbúðarhúsnæðis frá fyrra ári á svæðunum þremur


Af myndinni sést að íbúðarhúsnæði stækkar á öllum svæðunum. Hægt og bítandi á norður- og suðursvæði, en algjör sprenging á sér stað á miðsvæðinu sem nær hámarki 2006.

Í skýrslunni „Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008“ (Jón Þorvaldur Heiðarsson 2005:30) var rökstutt að líklega þyrfti að bæta við 75.000 m² af íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi frá 2002 til 2008. Var þá miðað við vissa, spáða íbúafjölgun. Árið 2003 stækkaði íbúðarhúsnæði á miðsvæðinu um 4.000 m² frá fyrra ári. Frá 2002 til 2005 hafði íbúðarhúsnæði á miðsvæðinu stækkað um 43.000 m². Frá 2002 til 2006 hafði íbúðarhúsnæði stækkað um 86.000 m² og til 2007 hafði það stækkað um 114.000 m² á miðsvæðinu. Sé miðað við það magn sem talin var þörf fyrir í spánni var því komið nægt íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi síðla árs 2006. Húsnæði sem bættist við eftir þann tíma hefði þá átt að vera umfram eftirspurn ef spáin hefur verið rétt. Sérstaklega í ljósi þess að íbúafjölgun var heldur minni en spáð var af RHA 2005.

Með tilliti til verðþróunar og þess mikla magns íbúðarhúsnæðis sem þegar hefur risið er líklegt að eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hafi að mestu verið svarað og ekki verði mikið byggt af íbúðarhúsnæði næstu árin. Samtöl við fasteignasala staðfestu þetta mat í stórum dráttum.


9.3.2. Atvinnuhúsnæði

Á næstu mynd má sjá heildarstærð atvinnuhúsnæðis á svæðunum þremur árin 1999-2007. Þetta er húsnæði sem fellur undir flokka 6-9 hjá Fasteignamatí ríkisins. Flokkarnir fjórir eru: Verslunar- skrifstofuhús, iðnaðarhús, vörugymsla og sérhæfð eign. Flokkur nr. 0, útihús, er ekki hafður með í atvinnuhúsnæði þó útihús séu vissulega atvinnuhúsnæði.



Mynd 81. Heildarstærð atvinnuhúsnæðis á svæðunum þremur

Af myndinni má sjá að atvinnuhúsnæði hefur stækkað á öllum svæðunum en breytinguna á stærð atvinnuhúsnæðis milli ára má sjá betur á næstu mynd.



Mynd 82. Breyting á heildarstærð atvinnuhúsnæðis frá fyrra ári á svæðunum þremur

Eins og sjá má eru breytingar í atvinnuhúsnæði mun minni en í íbúðarhúsnæði. Atvinnuhúsnæði á miðsvæðinu (Mið-Austurlandi) virðist alls ekki stækka meira en á hinum svæðunum ef undan er skilið eitt ár, 2006. Árið 2007 stækkar atvinnuhúsnæði meira á norðursvæðinu heldur en á miðsvæðinu. Það virðist hafa hist þannig á að mikið

af nýju atvinnuhúsnæði á miðsvæðinu var reist árið 2006. Þarna er þó hvorki um að ræða álverið sjálft né stöðvarhús virkjunarinnar, það hvort tveggja virðist eiga eftir að koma inn á skrá FMR. Helstu stækkanir áttu sér stað í sérhæfðum eignum á Reyðarfirði (11.808 m²), í iðnaðarhúsnæði í Neskaupstað (7.367 m²) og vörugeymslum í gamla Reyðarfjarðarhreppi, líklega á álverslód (3.764 m²). Þrátt fyrir að mikið hafi verið byggt af atvinnuhúsnæði á árinu 2006 er þó ekki hægt að verjast þeirri hugsun að uppbygging í atvinnuhúsnæði hafi ekki fylgt eftir annarri uppbyggingu á svæðinu. Það eigi eftir að svara eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði, það muni verða byggt töluvert til viðbótar. Það kemur í ljós á næstu árum en þó er ýmislegt sem bendir til þess. Fljótsdalshérað ætlar sem dæmi að fjárfesta fyrir 3 milljarða kr. næstu árin og það var fyrirfram ákveðin stefna sveitarfélagsins að reyna að bíða með fjárfestingar þar til eftir framkvæmdatíma álvers og virkjunar til að reyna að jafna sveiflur í atvinnulífi og framkvæmdum.

9.4. Vinnubúðir

Byrjað var að taka niður vinnubúðirnar við Kárahnjúkavirkjun á árinu 2007 og auglýsti Impregilo sínar búðir til sölu í septembermánuði (Morgunblaðið 2007, 5. september). Einnig setti Impregilo upp sérstaka heimasíðu í því skyni, www.impregilo.is. Samkvæmt þeim lista sem þar er að finna er húsnæðið samtals um 20 þúsund fermetrar. Lítið mun vera búíð að selja af þessum vinnubúðum um áramótin 2007-2008. Þá stefnir Bechtel að því að fjarlægja starfsmannaþorp við Reyðarfjörð á vormánuðum 2008 en síðustu starfsmennirnir yfirgáfu þorpið 19. desember 2007.

9.5. Leigumarkaður fyrir íbúðir

Vorið 2007 tóku rannsakendur viðtöl við fasteignasala og forsvarsmenn sveitarfélaga og leituðu m.a. upplýsinga um húsnæðismál. Þar kom m.a. fram að þrýstingur á leigumarkaðinn hafi verið ákaflega mikill. Aðfluttir hafi lagt áherslu á að leigja a.m.k. fyrst um sinn. Fasteignasölum finnst þetta koma niður á sölu eigna.

Í samtölum við fasteignasala og forsvarsmenn verktaka í febrúar 2008 kom svipað fram. Fólk sem hafi áhuga á að flytja inn í landshlutann, m.a. nýir starfsmenn Alcoa Fjarðaáls, vilji í mörgum tilfellum leigja en ekki kaupa. Það vilji fyrst ganga úr skugga um hvernig því líkar í nýju umhverfi áður en það kaupir íbúð. Nokkuð sé um að fyrirtæki leigi íbúðir til að endurleigja starfsmönnum sínum. Það komi niður á íbúðasölu meðan þetta ástand vari. Jafnframt kom fram að tiltölulega mikið hafi verið byggt af leiguhúsnæði á Mið-Austurlandi. Má því segja að markaðurinn hafi gert ráð fyrir að mikil eftirspurn yrði eftir leiguhúsnæði. Þrátt fyrir það hafi verktakar sem byggðu íbúðir til að selja orðið varir við

að erfitt sé að selja þær íbúðir en auðvelt að leigja. Verktakar hafa brugðist við þessu t.d. með því að bjóða fólki að leigja nýja íbúð og ákveða síðar hvort það vilji kaupa íbúðina. Ef fólk sem tekur svona íbúð á leigu ákveður að kaupa íbúðina gengur leigan sem það hefur greitt upp í kaupverðið. Önnur ástæða fyrir því að fólk virðist frekar vilja leigja en kaupa er að ýmsir virðast sannfærðir um að húsnæðisverð muni lækka, einhverjir verktakar fara á hausinn og svo frv. Því sé hagstæðara að bíða, það verði hægt að kaupa á lægra verði í framtíðinni.

9.6. Samantekt um húsnæðismarkað

Mikið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi á síðustu árum. Frá 2002 til 2007 stækkaði íbúðarhúsnæði um 114.000 m² á svæðinu en RHA taldi að íbúðarhúsnæði þyrfti að stækka um 75.000 m² til 2008 og var þá gert ráð fyrir heldur meiri mannfjölgun en orðið hefur á Mið-Austurlandi. Raunverð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi hefur heldur gefið eftir á síðustu mánuðum eða eftir áramótin 2006/2007. Á sama tíma hélt raunverð íbúðarhúsnæðis áfram að hækka í Reykjavík. Í könnun vorið 2007 höfðu íbúar Mið-Austurlands minni væntingar um hækkun húsnæðisverðs en aðrir landsmenn. Líklegt er því að eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hafi verið svarað að mestu þegar árið 2007. Það er því ekki líklegt að byrjað verði að byggja mörg íbúðarhús á Mið-Austurlandi á næstu árum.

Verð á íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi virðist vera að fara í þann farveg að vera svipað eða heldur lægra en á Akureyri.

Ekki hefur verið byggt áberandi mikið af atvinnuhúsnæði á Mið-Austurlandi nema eitt ár, árið 2006. Ýmislegt bendir til að enn eigi eftir að svara eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði, það eigi eftir að byggja töluvert af slíku húsnæði á næstu árum.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir leiguhúsnæði á Mið-Austurlandi en oft á tíðum minni áhugi á því að kaupa.

Ekki er annað að sjá en rekja megi beint þær miklu breytingar í húsnæðismagni sem orðið hafa á Mið-Austurlandi til tilkomu álversins. Orsakir verðhækkana á íbúðarhúsnæði eru ekki eins augljósar. Líklegt er að húsnæðisverð hefði hækkað hvort sem er þó ekkert álver hefði komið til þar sem húsnæðisverð hækkaði á öllu landinu. Spurningin er einungis hversu mikil sú hækkun hefði orðið og má fullyrða að hún hefði ekki orðið jafn mikil og raun ber vitni í Fjarðabyggð án tilkomu álversins.

10. OPINBER GRUNGERÐ

Í fyrri áfangaskýrslu kom fram að opinber grunngerð á áhrifasvæðinu var í allgóðu horfi miðað við önnur svæði á landsbyggðinni. Grunngerð hafði í nokkrum tilvikum verið að taka framförum í tengslum við framkvæmdirnar, s.s. vegir að framkvæmdasvæðum, stækkun atvinnusvæðis álversins með jarðgöngum til Fáskrúðsfjarðar, uppbygging farsímaþjónustu á svæðinu kringum Snæfell o.fl.

10.1. Almennt um opinbera grunngerð á svæðinu

Í þessum kafla verður einkum lögð áhersla á þróun samganga á áhrifasvæðinu, enda er það sá þáttur opinberrar grunngerðar (innviða) sem hefur verið að taka mestum breytingum á framkvæmdatímanum. Þessar breytingar á samgöngum hafa m.a. skapað fjölda afleiddra starfa, einkum í siglingastarfsemi. Einnig verður fjallað um dreifikerfi raforku og önnur svið þar sem augljósar og mikilvægar breytingar hafa átt sér stað.

Dreifikerfi raforku

Í áfangaskýrslu I var greint frá stöðu raforkukerfisins við upphaf framkvæmdanna á Austurlandi. Hér verður greint frá helstu breytingum sem síðan hafa átt sér stað. Þær stærstu varða auðvitað tengingu álversins og virkjunarinnar.

Hinn 29. janúar 2007 var að mestu lokið við lagningu raflínunnar á milli stöðvarhúss Kárahnjúka og álvers Fjarðaáls í Reyðarfirði, Fljótsdalslínu 3 og 4, en þennan dag var seinni línán spennusett (Landsnet, 2007c). Þessi framkvæmd er sú umfangsmesta sem Landsnet hf. hefur ráðist í til þessa. Fljótsdalslína 3 er 49,3 km löng með 157 möstur en Fljótsdalslína 4 er 52,9 km löng og eru möstrin í henni alls 164. Heildarfjárfesting Landsnets vegna verksins er áætluð um 8,2 milljarðar kr. (Landsnet, 2007a).

Breyta þurfti legu Kröflulínu 2 á 18 km kafla á Fljótsdalsheiði í framhaldi af úrskurði umhverfisráðherra (Landsnet, 2007a). Hjá Landsneti er til athugunar og undirbúnings að hækka spennu á línunni sem liggur frá Kröflustöð yfir Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði og niður í Fljótsdalsstöð Kárahnjúkavirkjunar. Yrði spennan þá aukin úr 132 kV í 220 kV og flutningsgeta ykist um 100 MW. Kostnaður yrði um 1,5 milljarðar kr. (Steinunn Ásmundsdóttir, 2007, 21. september).

Samhliða raflínulögnum lét Landsnet einnig leggja ljósleiðara um 230 km leið milli aðveitustöðvar á Rangárvöllum við Akureyri og tengivirkis í Fljótsdal (Landsnet, 2007b).

Hafnir

Á Reyðarfirði hefur verið mikil uppbygging hafnarmannvirkja en ekki hafa orðið verulegar breytingar á öðrum höfnum á Austurlandi á árabílinu 2004-2007. Hin nýja Mjóeyrarhöfn þjónar fyrst og fremst álveri Alcoa-Fjarðaáls en einnig er fyrirsjáanlegt að önnur flutningastarfsemi mun eiga sér stað til og frá höfninni. Lengd bryggjukanta er 384 metrar og dýpi er 14,3 metrar. Það er mesta dýpi við viðlegukant á Íslandi. Ákveðið hefur verið að byggja nýjan bryggjukant á Mjóeyri, vestan við þann sem fyrir er, til að þjóna almennum flutningum. Lengd kantsins er áætluð 160 metrar. Þarna hafa bæði Eimskip og Samskip fengið lóðir undir sína starfsemi.

Flugvellir

Nýleg flugstöð er á Egilsstaðaflugvelli en það sem einkum hefur átt sér stað í innviðum flugvalla á svæðinu er viðbygging um 400 fermetra komusalar. Miðað við hina miklu aukningu flugumferðar á framkvæmdatímabilinu kemur þessi stækkun of seint til að þjóna henni.

Flugumferð hefur aukist verulega vegna þeirra stórfamkvæmda sem staðið hafa yfir á Austurlandi, sbr. töfluna hér að neðan. Tollafgreiðsla er á flugvellingum. Hins vegar er hvorki flugskýli fyrir flugvélar sem koma þangað í heimsókn né aðstæður til viðgerða á flugvélum.

Tafla 12. Umferð um Egilsstaðaflugvöll 2002-2006

Ár	Innanlands Fjöldi fólks	Milli landa Fjöldi fólks	Vörur Tonn	Flughreyfingar innan lands	Flughreyfingar milli landa
2002	62.267	1.403	199	2.039	49
2003	83.747	1.484	246	2.491	63
2004	108.198	961	299	3.443	43
2005	121.808	5.087	317	3.668	114
2006	132.079	18.669	342	3.924	236

Heimild: www.flugstodir.is

Eins og taflan hér að framan sýnir þá tvöfaldaðist innanlandsumferðin um flugvöllinn á tímabilinu 2002-2006. Egilsstaðaflugvöllur var þriðji umferðarmesti flugvöllurinn í

innanlandsflugi með 15,5% hlutdeild. Millilandaumferðin jókst enn meira, hún rúmlega 13-faldaðist á tímabilinu.

Vegakerfið

Stærsta breytingin á vegakerfi landshlutans má segja að sé tilkoma jarðganganna milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar árið 2005 sem hafa reynst mikil samgöngubót og stækka t.a.m. atvinnusvæði álversins.

„...en göngin eru bara frábær ég bara get ekki hætt að brosa. Ég brosi í hvert skipti sem að ég fer þarna í gegn bæði það að þetta stytir ofboðslega leiðina og þessi hættulegi og erfiði vegur sem var sem við þurftum að fara.“ (Viðmælandi á Fáskrúðsfirði, haustið 2007)

Síðan framkvæmdum við göngin lauk hafa ekki verið margar stórframkvæmdir í vegagerð á Austurlandi. Þó voru umtalsverðar endurbætur á hringveginum (þjóðvegi 1) um Þvottár- og Hvalnesskriður árið 2007. Einnig á norðausturvegi milli Vopnafjarðarkauptúns og Brunahvammsháls. Undir heitinu orku- og iðjuvegir hafa verið töluverðar framkvæmdir við hjáleid í Reyðarfirði og á Hólmahálsi en þar er verið að gera nýjan veg sem mun tengja betur Reyðarfjörð og Eskifjörð. Þessu til viðbótar hafa verið ýmsar almennar vegabætur.

Mikil umræða er um frekari jarðgangagerð á Austfjörðum og í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018 er gert ráð fyrir að hönnun og undirbúningur Norðfjarðarganga fari fram 2007-2008 og þau boðin út á árinu 2009. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu Alþingis á 133. löggjafarþingi (2006-2007), en samt sem áður má reikna með að þessi göng verði næsta jarðgangaframkvæmd á Austurlandi.

Fólksflutningar

Í ágúst 2005 auglýsti Ríkiskaup útboð á sérleyfisleiðum vegna áætlunar- og skólaaksturs fyrir árin 2006-2008, sem var í framhaldi af ákvörðun samgönguráðherra um að fela Vegagerðinni að bjóða út öll rútusérleyfi. Þetta var í fyrsta sinn sem sérleyfi til fólksflutninga um allt land voru boðin út, en breytingin tók gildi 1. janúar 2006.

Landinu var skipt upp í fimm þjónustusvæði og margar sérleyfisleiðir til rútuflutninga voru boðnar út innan einstakra svæða. Þjónustusvæði 5 nær frá Bakkagerði (Borgarfirði eystri) suður á Höfn í Hornafirði.

Austfjarðaleið, sem er eitt elsta rútufrirtæki landsins, er með sérleyfi á Austurlandi. Höfuðstöðvar frirtækisins eru í Fjarðabyggð, en bílar eru einnig staðsettir á Breiðdalsvík, Egilsstöðum og yfir sumartímann í Reykjavík. Haustið 2007 var gefin út ný

vetráætlan. Hún er í megindráttum þríþætt. Í fyrsta lagi Fjarðabyggð-Egilsstaðir, þ.e. ferðir milli Norðfjarðar og Egilsstaða. Í öðru lagi Breiðdalsvík-Egilsstaðir og í þriðja lagi ferðir innan Fjarðabyggðar, þ.e. milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Ferðatíðni er mest innan Fjarðabyggðar.

Að sögn forsvarsmanns fyrirtækisins hafa fólksflutningar aukist mikið, einkum innan Fjarðabyggðar. Þar hefur fjölgun ferða orðið um 40% á síðasta misseri. Það er bæði vegna stækkunar sveitarfélagsins og framkvæmda við álver í Reyðarfirði. Á næstunni kemur síðan í ljós hve mikil fjölgun farþega verður. Samið var við Austfjarðaleið um tiltekna fólksflutninga og einnig við Tanna Travel á Eskifirði á byggingartíma álversins og fyrrnefnda fyrirtækið sér nú um flutning á starfsfólki Alcoa Fjarðaáls, samkvæmt samningi eftir útboð, sem gildir til næstu áramóta, 2007-2008.

Til viðbótar áætlunarferðum sérleyfishafa eru almenningssamgöngur innan Fjarðabyggðar á vegum sveitarfélagsins. Þær eru gjaldfrjálsar. Reynt er að samhæfa ferðir aðila þannig að þjónustan verði sem best, t.d. vegna samæfinga íþróttafélaga í Fjarðabyggð. Alcoa Fjarðaál er einnig með akstur á sínum vegum og samningur er milli fyrirtækisins og Fjarðabyggðar um að íbúar sveitarfélagsins megi nota þær, þegar pláss leyfir. Verið er að ganga frá útboði vegna þessa aksturs til næstu ára.

Á vegum Fljótaldalshéraðs hafa einnig verið teknar upp almenningssamgöngur sem eru gjaldfrjálsar. Þær eru á milli Fellabæjar og Egilsstaða og einnig til Brúaráss, Eiða og Hallormsstaðar.

Flutningar á sjó og tengdir landflutningar

Miklir flutningar á sjó hafa verið samfara framkvæmdum á Austurlandi síðastliðin ár og sumum þeirra hafa tengst stórflutningar á landi. Sem dæmi um það má nefna flutning á risaborunum sem fluttir voru frá Bandaríkjunum til Reyðarfjarðar og þaðan upp á Kárahjúkasvæðið. Risaborinn sem kom í desember 2003 og allt sem honum fylgdi var t.d. um 1.200 tonn, þar af borinn sjálfur um 800 tonn og stærsta einstaka stykkið hátt í 70 tonn. Fjórir rafspennar, 120 tonn hver, eru þyngstu hlutir sem fluttir voru inn á framkvæmdasvæðið. Samanlagt vó ækið, með spennana, 195 tonn í hverri ferð en þetta átti sér stað seinni hluta ágúst 2006.

Um miðjan desember 2003 kom fram frá Samskipum að ákveðið hefði verið að bæta við nýrri áætlunarleið milli Íslands og Evrópu og meðal áfangastaða sem bættust við yrði Reyðarfjörður.

„Vegna stórauðinna flutninga á þessu ári höfum við verið með fjölmörg leiguskip í óreglulegum siglingum milli Íslands og meginlandsins. Teljum við tímabært að stíga skrefið til fulls og bæta við skipi í fastar áætlunarferðir á þessari mikilvægu flutningaleið, segir Knútur G. Hauksson, forstjóri Samskipa.“ Heimild: www.samskip.is/samskip/frettir/nr/355

Þetta er eitt dæmi af mörgum um aukna flutningastarfsemi vegna stórframkvæmda á Austurlandi, en fleira mætti nefna því tæpu ári síðar kom til Reyðarfjarðar eitt stærsta vöruflutningaskip sem þar hafði lagst að bryggju. Farmurinn var 60 hús fyrir vinnubúðir Alcoa Fjarðaáls og skömmu síðar kom annað skip með 22 vinnubúðaeiningar. Alls voru fluttar liðlega 900 vinnubúðaeiningar, bæði skrifstofur, svefnskálar og ýmsir fylgihlutir.

Nú þegar byggingarframkvæmdum er að ljúka, taka við miklir og viðvarandi flutningar á aðföngum til Alcoa-Fjarðaáls og á framleiðslu fyrirtækisins til Evrópu. Í október 2007 mátti lesa eftirfarandi frétt frá Samskipum:

Árleg framleiðslugeta Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði er áætluð um 346 þúsund tonn og verður meginhluti framleiðslunnar sendur á Evrópumarkað. Umsvif Samskipa á Íslandi munu því stórukast með samningnum. Heildarvöruútflutningur frá Íslandi eykst um tæpan fjórðung í tonnum talið með tilkomu Fjarðaáls, ef miðað er við vöruútflutning í fyrra.

„Þetta er mikilvægur og hagstæður samningur fyrir Alcoa Fjarðaál. Með honum verða Samskip tengiliður við viðskiptavinum okkar í Evrópu. Ég reikna með því að þessir flutningar muni einnig koma öllu Norðausturlandi til góða og að þeir muni breyta flutningamynstri á landinu öllu,“ sagði Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls við undirritun samningsins.

„Við hjá Samskipum væntum mikils af þessu samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Við höfum annast gríðarlega mikla flutninga fyrir stóriðjuframkvæmdirnar hér eystra og höfum í tengslum við þá flutninga eflt siglingakerfi okkar til muna. Við erum núna með vikulegar siglingar til Reyðarfjarðar en það er ljóst að þessi samningur við Alcoa Fjarðaál mun leiða til stækkunar á skipaflota okkar og jafnframt aukinnar almennrar flutningsgetu þegar flutningarnir verða komnir á fullan skrið,“ sagði Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.

Stefnt er að enn frekari uppbyggingu Samskipa á Austurlandi í kjölfar samningsins en félagið hefur þegar fengið úthlutað lóð á athafnasvæði Mjóeyrarhafnar.

Eimskip er með umfangsmikla starfsemi á Austurlandi og félagið hefur fengið lóð við Mjóeyrarhöfn. Flutningastarfsemi á vegum Alcoa Fjarðaáls var boðin út í fjórum hlutum og Eimskip er með þrjá þeirra, þ.e. útflutning á áli til Ameríku, flutning á forskautum frá Noregi og því sem aftur fer þangað til endurvinnslu og rekstur hafnarstarfseminnar við Mjóeyrarhöfn. Miðað við að árleg framleiðsla á áli verði u.þ.b. 340 þúsund tonn þarf að flytja inn um 170 þúsund tonn af forskautum og um 35 þúsund tonn fara aftur til endurvinnslu. Ýmiss almennur varningur er áætlaður um 50 þúsund tonn þannig að það

sem tengist álverinu er firna mikið í tonnum talið. Samkvæmt upplýsingum frá svæðisstjóra Eimskips á Austurlandi má rekja um 70% af flutningastarfsemi fyrirtækisins þar til viðskipta við Alcoa Fjarðaál.

Stór hluti af þjónustunni við álver Alcoa Fjarðaáls hefur verið boðinn út og um 90 prósent þeirra sem hafa boðið í hana eru heimamenn, eða fyrirtæki sem hyggjast byggja upp starfsemi á Austurlandi. Meðal stærri fyrirtækja eru Eimskip sem samið var við um hafnarþjónustu við Mjóeyrarhöfn. Með samningnum ætlar Eimskip að bæta 30 starfsmönnum við þá 40 sem þegar eru starfandi hjá fyrirtækinu á Austurlandi.

Fjarskiptakerfi

Í áfangaskýrslu I var lýst stöðu fjarskiptakerfa á Austurlandi. Hér verður greint frá helstu breytingum frá upphafi framkvæmda.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Vodafone rak fyrirtækið við upphaf framkvæmdanna GSM stöð á Egilsstöðum. Fyrirtækið rekur einnig dreifikerfi ljósvakamiðla fjölmiðlafyrirtækisins 365. Við upphaf framkvæmda ákvað fyrirtækið að útvíkka ekki sitt dreifikerfi á Austurlandi til hliðar við dreifikerfi Símans heldur semja um aðgang að því kerfi með s.k. reikisamningum. Síminn fór, þegar við upphaf framkvæmdanna, í mikla uppbyggingu síns kerfis, m.a. á svæðinu í kringum Snæfell. Í ljósi þeirrar uppbyggingar og mannfjölgunar sem hefur verið á svæðinu frá upphafi framkvæmda og er fyrirsjáanleg, hefur Vodafone nú hinsvegar ákveðið að fara í myndarlega uppbyggingu síns dreifikerfis. Uppbygging þessi er þó bundin við Mið-Austurland frá Héraði í norðri til og með Fáskrúðsfirði. Þarna er því um að ræða greinileg áhrif framkvæmdanna á þróun þessarar grunngerðar svæðisins. Að auki er Vodafone að byggja upp kerfi langdrægrar GSM þjónustu sem ætlað er að koma í stað NMT þjónustunnar að mestu leyti.

Frá samgönguráðuneytinu fengust þær upplýsingar að á vegum fjarskiptasjóðs hafi farið fram töluverð uppbygging á GSM dreifikerfinu undanfarin ár. Sjóðurinn vinnur að markmiðum fjarskiptaáætlunar um uppbyggingu GSM þjónustu á þjóðvegum og helstu ferðamannastöðum. Verkefnið hefur verið unnið í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn var boðinn út árið 2006 og hófust framkvæmdir á grundvelli tilboðs Símans hf. í byrjun árs 2007. Mest áhersla var lögð á að ljúka uppbyggingu GSM farsímasambands á öllum hringvegnum auk þess sem sambandi var komið á á nokkrum stofnvegum á heiðum uppi. Seinni áfanginn er enn í útboðsferli en tilboð voru opnuð í október 2007 en samkvæmt því verður byggt upp GSM samband á öllum stofnvegum og helstu

ferðamannastöðum í nágrenni þeirra. Auk þess verður GSM sambandi komið á í Þjóðgördunum á Snæfellsnesi og Jökulsárgljúfrum. Gert er ráð fyrir að meirihluta uppbyggingarinnar verði lokið á árinu 2008. Vegna þessa mun þjónusta batna verulega á áhrifasvæði framkvæmdanna, m.a. á hringveginum milli Norðurlands og Austurlands og fjallvegum á Austurlandi. Ekki er þó hægt að tengja þessa þjónustuaukningu framkvæmdum og fólksfjölgun á Austurlandi.

Ljósleiðaratengingar hafa batnað á tímabili framkvæmdanna því samhliða raflínulögnum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar og álvers Fjarðaáls lét Landsnet leggja ljósleiðara um 230 km leið milli aðveitustöðvar á Rangárvöllum við Akureyri og tengivirkis í Fljótssdal (Landsnet 2007b 10. desember). Þessi lögn er þannig í þágu viðkomandi fyrirtækja og eykur væntanlega öryggi í tengingum þeirra.

10.2. Samantekt um opinbera grunngerð

Ný grunngerð sem sett er upp í tengslum við framkvæmdirnar nýtist samfélaginu að öðru leyti misvel. Ný hafnarmannvirki ásamt reglubundnum inn- og útflutningi frá svæðinu er meðal þess mikilvægasta sem við bætist. Þá eru einnig mörg störf sem skapast við þessa flutningastarfsemi. Annað sem greinilegt er að hefur fengið meira vægi vegna framkvæmdanna er vegagerð. Fáskrúðsfjarðargöng hafa stækkað atvinnusvæði álvers og afleiddra starfa og eru afar mikilvæg fyrir byggðina, sérstaklega á mið- og suðursvæðinu. Þá hafa verið gerðir nýir vegir á virkjanasvæðinu sem munu m.a. nýtast ferðaþjónustunni. Vegur um Hólmaháls bætir umferð innan Fjarðabyggðar mjög mikið og senn hyllir undir ný jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Flugumferð jókst mjög mikið á framkvæmdatíma en framkvæmdir við flugstöðina á Egilsstöðum komu of seint til að þær nýttist meðan mesta umferðin var um völinn. Almenningsamgöngum hefur verið komið á í Fjarðabyggð og á Héraði. Í Fjarðabyggð er um áhrif af álverinu að ræða þar sem ferðir eru í tengslum við vinnustaðaferðir í álverið. Símafyrirtækin beindu sjónum sínum í auknum mæli að svæðinu um uppbyggingu sinna fjarskiptakerfa s.s. farsímakerfisins á hálendinu kringum virkjunina og nýtist það jafnt almenningi og ferðaþjónustu á svæðinu.

11. SVEITARFÉLÖG

Í fyrri áfangaskýrslu kom fram að áhrif á sveitarfélög af virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka og byggingu álvers á Reyðarfirði eru staðbundin. Í grófum dráttum má segja að áhrifanna hafi aðeins gætt með beinum hætti í Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði og að hluta til í þáverandi Austurbyggð. Samkvæmt úrtakskönnunum 2004 og 2007 og viðtölum við einstaklinga eru áhrifin staðbundnari en flestir höfðu reiknað með. Þetta á a.m.k. við um skammtímaáhrif en meiri óvissa er um áhrifin til lengri tíma litið, þ.e. á rekstrartíma álversins.

11.1. Sveitarfélagaskipan og svæðisskipting

Til upprifjunar eru hér talin upp þau sveitarfélög sem eru inni á áhrifasvæði framkvæmdanna á Austurlandi. Nokkur sveitarfélög hafa sameinast á svæðinu frá síðustu áfangaskýrslu. Á norðursvæðinu eru nú átta sveitarfélög, þ.e. Aðaldælahreppur, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur, Vopnafjarðahreppur og Þingeyjarsveit. Á miðsvæðinu hefur sveitarfélögum fækkað vegna sameiningar og eru nú fimm talsins eða Borgarfjarðahreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur og Seyðisfjörður. Suðursvæðið er langminnst með aðeins þrjú sveitarfélög, þ.e. Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og sveitarfélagið Hornafjörð. Samtals eru sveitarfélögin því 16 á áhrifasvæðinu.

11.2. Tekjur og afkoma sveitarfélaga

Í fyrri áfangaskýrslu kom fram að áhrifin af framkvæmdunum virtust vera afar staðbundin sem sást m.a. af breytingum á tekjum sveitarfélaganna. Á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi var gerð úttekt á þróun útsvars allra sveitarfélaga á tímabilinu 2001-2006 (Vífill Karlsson, 2007). Þar kom fram að aukning útsvarstekna var langmest í þeim þremur sveitarfélögum á miðsvæði Austurlands sem nefnd voru hér að ofan, þ.e. í Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi.

Ákveðið var að birta hér yfirlit yfir rekstur sveitarfélaganna á áhrifasvæðinu eins og hann birtist í Árbók sveitarfélaga. Um er að ræða samantekin reikningsskil, þ.e. þar sem teknar eru saman niðurstöður úr sveitarsjóðum ásamt stofnunum sveitarfélaganna.

Tafla 13. Heildartekjur sveitarfélaga á áhrifasvæðinu 2002-2006 (þús. kr. samantekin reikningsskil á verðlagi hvers árs).

	2002	2003	2004	2005	2006	Breyting
6100 Norðurþing	1.454.412	1.521.974	1.600.754	1.743.583	1.921.834	32%
6607 Skútustaðahreppur	185.684	180.153	191.214	202.773	231.740	25%
6609 Aðaldalshreppur	84.894	91.547	100.787	110.202	115.333	36%
6611 Tjörneshreppur	17.845	22.090	23.624	23.271	22.123	24%
6612 Þingeyjarsveit	256.284	267.027	286.576	311.656	387.715	51%
6706 Svalbarðshreppur	39.466	43.251	47.877	45.619	44.277	12%
6709 Langanesbyggð	262.549	262.899	272.059	330.523	389.859	48%
7502 Vopnafjarðarhreppur	320.146	342.721	424.625	403.628	435.533	36%
Norðursvæði samtals	2.621.280	2.731.662	2.947.516	3.171.255	3.548.414	35%
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	404.161	445.370	471.455	489.091	501.555	24%
7300 Fjarðabyggð	1.869.898	1.944.013	2.163.855	2.631.529	3.791.770	103%
7505 Fljótaldshreppur	38.530	48.371	119.721	191.384	216.265	461%
7509 Borgarfjarðarhreppur	61.371	55.795	61.093	62.187	80.070	30%
7620 Fljótaldshérað	1.173.513	1.226.552	1.491.082	1.977.250	2.299.155	96%
Miðsvæði samtals	3.547.473	3.720.101	4.307.206	5.351.441	6.888.815	94%
7613 Breiðdalshreppur	107.225	101.697	109.762	109.244	130.437	22%
7617 Djúpvogshreppur	209.948	223.305	234.144	247.209	313.225	49%
7708 Sveitarfél. Hornafjörður	958.469	1.017.557	1.059.241	1.215.441	1.296.515	35%
Suðursvæði samtals	1.275.642	1.342.559	1.403.147	1.571.894	1.740.177	36%
Áhrifasvæðið samtals	7.444.395	7.794.322	8.657.869	10.094.590	12.177.406	64%
Landið samtals	112.497.248	119.617.323	131.323.271	150.485.440	174.351.634	55%

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Taflan að ofan sýnir að það eru aðeins þrjú sveitarfélög á áhrifasvæðinu þar sem tekjur hafa hækkað meira en landsmeðaltalið (55%), þ.e. Fjarðabyggð (103%), Fljótaldshérað (94%) og Fljótaldshreppur (461%). Þetta er í samræmi við rannsóknina sem greint var frá hér að ofan og í raun ýmsar aðrar niðurstöður sem koma fram í þessari áfangaskýrslu um að þessi áhrif framkvæmdanna eru staðbundin. Í raun eru þau aðeins bundin við hluta miðsvæðisins. Þannig er áberandi að það eru sveitarfélög á miðsvæðinu þar sem breytingar á tekjum eru langt undir landsmeðaltali, þ.e. Seyðisfjarðarkaupstaður og Borgarfjarðarhreppur. Framkvæmdirnar virðast engu breyta um afkomu þessara sveitarfélaga.

Tölur um afkomu sveitarfélaganna árið 2006 staðfesta enn frekar þann mun sem er á milli sveitarfélaganna og svæðanna þriggja. Hér á eftir er tafla með tölum úr Árbók sveitarfélaga 2007 og sýnir hún heildartekjur sveitarfélaganna, rekstrargjöld og rekstrarniðurstöðu að teknu tilliti til fjármagnsliða og óreglulegra liða.

Tafla 14. Tekjur sveitarfélaga, rekstrargjöld og rekstrarniðurstaða með fjármagnsliðum (þús. kr. samantekin reikningsskil árið 2006)

	Tekjur samtals	Rekstrargjöld	Rekstrarniðurstaða með fjármagnsliðum	Hlutfall af tekjum
6100 Norðurþing	1.921.834	1.846.478	-187.102	-10%
6607 Skútustaðahreppur	231.740	214.467	26.415	11%
6609 Aðaldælahreppur	115.333	119.087	-11.619	-10%
6611 Tjörneshreppur	22.123	18.452	4.606	21%
6612 Þingeyjarsveit	387.715	371.494	5.587	1%
6706 Svalbarðshreppur	44.277	46.812	-1.352	-3%
6709 Langanesbyggð	389.859	378.745	-216.450	-56%
7502 Vopnafjarðarhreppur	435.533	417.462	-45.888	-11%
Norðursvæði samtals	3.548.414	3.412.997	-425.803	-12%
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	501.555	506.449	-79.616	-16%
7300 Fjarðabyggð	3.791.770	2.855.042	313.784	8%
7505 Fljótisdalshreppur	216.265	64.614	159.459	74%
7509 Borgarfjarðarhreppur	80.070	61.930	15.399	19%
7620 Fljótisdalshérað	2.299.155	1.878.539	246.464	11%
Miðsvæði samtals	6.888.815	5.366.574	655.490	10%
7613 Breiðdalshreppur	130.437	128.379	-16.335	-13%
7617 Djúpavogshreppur	313.225	299.509	-44.632	-14%
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	1.296.515	1.096.408	117.647	9%
Suðursvæði samtals	1.740.177	1.524.296	56.680	3%
Áhrifasvæðið samtals	12.177.406	10.303.867	286.367	2%

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Taflan hér að ofan segir í stórum dráttum sömu sögu hvað varðar mismunandi afkomu sveitarfélaganna eftir svæðum. Afkoma sveitarfélaganna er mun betri á miðsvæðinu að Seyðisfirði undanskyldum en á norður- og suðursvæðunum. Ljóst er að Fjarðabyggð og Fljótisdalshérað hafa verið að fjárfesta mikið í innviðum til að mæta fjölgun íbúa og auknum kröfum um þjónustu á næstu árum. Fyrirfram hefði jafnvel mátt búast við meiri rekstrarafgangi en þarna kemur fram. Mikið vantar á að Fljótisdalshreppur hafi getað nýtt tekjur sínar á árinu 2006 enda margir íbúar sem vinna tímabundið við virkjunarframkvæmdirnar, sem nýta aðeins þjónustuna að hluta og greiða skatt til hreppsins á meðan.

11.3. Fjárfestingar sveitarfélaga

Sveitarfélögin þar sem áhrifa framkvæmdanna gætir mest og búast má við varanlegri fólksfjölgun, þ.e. Fjarðabyggð og Fljótisdalshérað hafa verið að fjárfesta mikið á undanförunum árum. Byggst hafa upp ný hverfi með tilheyrandi kostnaði við gatnagerð, veitukerfi og fleira. Þá hafa verið byggðir og endurbættir skólar og leikskólar og önnur þjónusta efld. Samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafa eignir sveitarfélaganna aukist mjög, svo og skuldir þeirra.

Samkvæmt viðtölum við forsvarsmenn sveitarfélaganna hafa Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað farið ólíkar leiðir í fjárfestingum og uppbyggingu á tímabili framkvæmdanna. Staða sveitarfélaganna verður enda ólík þegar framkvæmdatíma lýkur og við tekur rekstrartími álversins. Í Fjarðabyggð eru í árlok 2007 að verða til um 400 vellaunuð störf í álverinu að viðbættum störfum í fyrirtækjum sem vinna fyrir álverið samkvæmt þjónustusamningum. Búseta þessara starfsmanna verður að meiri hluta í sveitarfélaginu og greiðir fyrirtækið gjöld til síns heimasveitarfélags.

Þannig er ljóst að skilin á milli framkvæmda- og rekstrartíma verða afar hagstæð í tilviki Fjarðabyggðar. Í ljósi þess hefur Fjarðabyggð byggt myndarlega upp sína þjónustu á framkvæmdatíma álvers og virkjunar. Hér er m.a. um að ræða stjórnarsýsluadstöðu, grunnskóla, fjölnota íþróttahús, sundlaug og einnig hefur verið unnið mikið að umhverfisfrágangi á vegum sveitarfélagsins.


Meiri óvissa er um skiptin úr framkvæmdatíma yfir í rekstrartíma á Fljótsdalshéraði. Ljóst er þó að á Egilsstöðum-Fellabæ mun byggjast upp mikil þjónusta í tengslum við rekstur álversins, auknar ráðstöfunartekjur almennings og þá íbúaaukningu sem verður á miðsvæðinu. Einnig mun umtalsverður fjöldi starfsmanna álversins og fyrirtækja sem byggjast upp í tengslum við það í Fjarðabyggð koma til með að búa á Egilsstöðum-Fellabæ en óljóst er um umfang þessarar atvinnusóknar milli sveitarfélaganna. Svipað gildir væntanlega um starfsmenn Kárahnjúkavirkjunar. Í ljósi þessarar óvissu dró sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs að fara í framkvæmdir í skólabyggingum og fleiru þar til um fór að hægjast í framkvæmdunum við álverið og virkjun.

Í viðtölum við starfsmenn umhverfisviðs Fjarðabyggðar í apríl 2007 kom m.a. fram að í þeim miklu framkvæmdum sem sveitarfélagið hafi átt í á undanförunum árum (um 4 milljarðar á um 3 árum) hafi aðgengi að hagstæðu fjármagni verið mjög gott. Ástæður hafi m.a. verið þær að fyrirséð var að tekjur sveitarfélagsins strax að loknum framkvæmdum yrðu mjög tryggar og góðar.

11.4. Skipulags- og byggingarmál

Samhliða þeim miklu byggingarframkvæmdum sem hafa verið á miðsvæðinu hafa umsvif sveitarfélaganna á sviði skipulags- og byggingarmála aukist mikið. Góð gögn fengust um þróun þessara umsvifa hjá Fjarðabyggð (Fjarðabyggð 2007, óbirt gögn). Myndin hér á eftir sýnir fjölda mála sem afgreidd voru hjá umhverfismálanefnd sveitarfélagsins og varða nýbyggingar mismunandi tegunda húsnæðis. Mikil sprenging verður í byggingum á framkvæmdatímanum og fer í raun vaxandi þegar á hann líður eins og myndin sýnir.

Heildarfjöldi leyfa sem afgreidd voru hjá nefndinni fjórfaldaðist frá 1999 til 2006. Það er árið 2004 sem mesta breytingin verður. Farið er að veita leyfi fyrir framkvæmdum sem ekki höfðu verið í gangi á árunum þar á undan, s.s. vegna rað-, par- og fjölbýlishúsa auk atvinnuhúsnæðis. Byggingum einbýlishúsa fjólgar úr einu árið 2001 í 59 árið 2006!



Mynd 83. Fjöldi mála sem afgreidd voru hjá umhverfismálanefnd Fjarðabyggðar, nýbyggingar mismunandi tegunda húsnæðis

Þegar rýnt er í listann frá Fjarðabyggð má sjá að fjölgun verður í nánast öllum tegundum framkvæmda, allt frá garðhúsum og sólpöllum til skólabygginga og íþróttahúsa. Það eina sem virðist dragast saman eru leyfi til þess að rífa hús og önnur mannvirki.

Í apríl 2007 hittu rannsakendur fulltrúa Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar til að ræða m.a. skipulags- og byggingarmál. Þar kom fram að í upphafi hafi Fljótsdalshérað farið í uppbyggingu innan byggðarinnar á Egilsstöðum, þ.e. þéttingu byggðar. Síðar var farið að úthluta lóðum á nýjum svæðum og m.a. fengu stórir byggingaverktakar til umráða stór svæði sem þeir létu skipuleggja sjálfir. Fram kom að mikil uppbygging hafi orðið þegar í upphafi framkvæmdanna. Framboð íbúða í fjölbýlishúsum hefur orðið sérstaklega mikið, m.a. voru byggð fjögur allstór fjölbýlishús, þar af þrjú samskonar með 81 íbúð. Auk þess er eitt fjölbýlishús í byggingu á árinu 2007 fyrir eldri borgara. Áberandi var að einstaklingar fengu lóðir til að byggja á hús til að selja. Í Fellabæ hefur einnig verið deiliskipulagt, svo og á Eiðum og Hallormsstað. Eftirspurnin eftir lóðum á tveimur síðari stöðunum hefur verið takmörkuð, sérstaklega á Eiðum. Að mati forsvarsmanna

Fljótsdalshéraðs sóttu verktakar mjög í lóðir, kannski í meira mæli en þeir síðan byggðu á þeim. Eitthvað hafi verið um það að lóðir hafi verið innkallaðar aftur ef framkvæmdir voru ekki hafnar innan tiltekins tíma. Lóðum hafi einnig verið skilað vegna þess að menn hafi í raun verið að hamstra lóðir. Mikil eftirspurn var um lóðir og í raun kapphlaup um sumar þeirra við upphaf framkvæmda. Á árunum fyrir framkvæmdir hafi verið nokkuð jöfn uppbygging og fjölgun á Egilsstöðum og allt húsnæði allvel nýtt. Þannig hafi ekkert laust húsnæði verið til staðar. Aðstæður hafi verið aðrar á Fjörðunum þar sem talsvert laust húsnæði hafi verið til staðar vegna brottflutnings. Að mati forsvarsmanna Fljótsdalshéraðs er ekki mikil hættá á að stór hluti ákveðinna íbúðarhverfa, sem skipulögð hafa verið og byrjað að byggja, muni verða óbyggður lengi eftir að aðal framkvæmdatímanum lýkur.

Fram kom að þrýstingur á leigumarkaðinn hafi verið gífurlegur á framkvæmdatíma, búið hafi verið í hverri íbúð og sumarbústaðir á svæðinu uppteknir fyrir búsetu. Einnig sé það algengast að fólk byrji á því að leigja og kaupi síðan húsnæði þegar það fer að festa betur rætur í samfélaginu.

Hjá starfsmönnum tæknideildar Fjarðabyggðar, sem einnig var rætt við í apríl 2007, kom fram að um leið og ákvörðunin um álverið lá fyrir hafi komið miklar kröfur á að sveitarfélagið brygðist hratt við. Undirbúa þurfti uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis af miklum krafti. Fyrirfram var álitid að hægt yrði að nota fyrirliggjandi atvinnuhúsnæði í meira mæli en raunin varð á. Að mati starfsmannanna gekk ótrúlega vel að bregðast við þeirri uppbyggingu sem fram þurfti að fara. Í upphafi lá fyrir skýrsla þar sem áætlað var hvað þyrfti að byggja mikið og var hún unnin í samstarfi byggingafulltrúa og Nýsis. Reyndin varð sú að mun meira var byggt af atvinnuhúsnæði en spáð var. Spáð var að bæta þyrfti við um 5.000 fermetrum en reyndin varð að byggðir voru tæpir 40.000 fermetrar fyrstu 2 árin. Þar á meðal er reyndar einnig húsnæði fyrir sjávarútveginn, s.s. stór bygging fyrir Síldarvinnsluna á Neskaupstað og bygging í tengslum við fiskeldi. Sama segir um íbúðarhúsnæði, það var mikil innbyggð þörf í sveitarfélaginu, fólk hafi ekki verið að byggja eða jafnvel halda við húsnæðinu áður en ákvörðun var tekin um álverið. Dæmi um starfsemi sem verður umfangsmeiri og plássfrekari en reiknað hafði verið með er hafnarstarfsemin við Mjóeyrarhöfn. Reiknað er með að höfnin á Reyðarfirði verði á móti lögð af og að íbúðarbyggðin muni þróast niður að höfninni. Vinnubúðir Bechtel voru byggðar upp við Reyðarfjörð á sérstöku bráðabirgðastöðuleyfi. Gert er ráð fyrir að þær hverfi þegar ekki er þörf fyrir þær lengur eða á árinu 2008.

Þegar ljóst var að af þessum framkvæmdum yrði var það annað sem fyrir sveitarfélaginu vakti í tengslum við skólamál og er það einsetning grunnskólans sem olli því að stækka þurfti grunnskóla Fjarðabyggðar. Áætlanir voru þegar til. Voru þessar framkvæmdir gerðar á árunum 2004-2007 í öllum bæjum í Fjarðabyggð nema á Fáskrúðsfirði en áætlað er að framkvæmdum þar verði lokið 2009. Leikskólar Fjarðabyggðar voru einnig stækkaðir, bæði vegna fjölgunar íbúa og þess að ákveðið var að taka inn eins árs börn og var því verkefni lokið vorið 2007. Til að sinna afþreyingarmálum var ákveðið að fara í framkvæmdir við ýmis íþróttamannvirki s.s. Fjarðabyggðarhöllina, sundlaugar, skíðasvæðið í Oddsskarði, gervigrasvöll á Norðfirði og sparkvelli KSÍ.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum umhverfissviðs Fjarðabyggðar var gífurlegt álag á starfsfólk vegna framkvæmda á þenslutímanum og erfitt að manna stjórnsýsluna. Þrátt fyrir að framkvæmdir sveitarfélagsins hafi átt sér stað á sama tíma og önnur uppbygging á svæðinu hafi ekki verið erfitt að fá þokkalega hagstæð tilboð í verk, ástæðan hafi m.a. verið sú að sveitarfélagið var heldur á undan megin toppnum í framkvæmdunum við álverið. Einnig kom það sér vel að þessu leyti að vinnan við álversbygginguna var að mestu unnin af útlendingum. Þegar framkvæmdatími álversins hefst af fullum krafti 2007 og 2008 verður Fjarðabyggð nánast búin að byggja upp helstu þjónustu sína við íbúana og nauðsynlega grunngerð.

11.5. Samantekt um sveitarfélög

Þau miklu umsvif sem hafa átt sér stað á svæðinu hafa skilað miklum tekjum til sveitarfélaganna. Aukning í útsvari var á árunum 2001-2006 hlutfallslega mest á landinu í þremur sveitarfélögum á miðsvæðinu, þ.e. Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi. Hvað aukningu í heildartekjum sveitarfélaganna á áhrifasvæðinu varðar er það aðeins í þessum sömu sveitarfélögum sem heildartekjur jukust yfir landsmeðaltali. Þannig eru mestu áhrifin að þessu leyti aðeins bundin við hluta miðsvæðisins. Framkvæmdirnar virðast litlu sem engu breyta um afkomu flestra sveitarfélaga á áhrifasvæðinu, jafnvel sveitarfélaga sem þó voru skilgreind sem hluti af miðsvæðinu eins og Seyðisfjarðarkaupstaður og Borgarfjarðarhreppur. Miklar fjárfestingar hafa farið fram á vegum tveggja stærstu sveitarfélaganna, Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs. Skilin á milli framkvæmda- og rekstrartíma verða afar hagstæð í tilviki Fjarðabyggðar þar sem varanlegu störfin í álverinu verða til þar auk verulegs hluta annarra afleiddra starfa. Meiri óvissa er um skiptin úr framkvæmdatíma yfir í rekstrartíma á Fljótsdalshéraði. Ljóst er þó að á Egilsstöðum-Fellabæ mun byggjast upp mikil þjónusta í tengslum við rekstur

álversins, auknar ráðstöfunartekjur almennings og þá íbúaaukningu sem verður á miðsvæðinu. Mikið álag hefur verið á ýmsa þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélaganna á framkvæmdatíma. Má þar sérstaklega benda á skipulags- og byggingarmál vegna sprengingar á byggingarmarkaði með tilheyrandi þörf fyrir skipulagningu íbúðar- og atvinnusvæða auk byggingareftirlits. Fjölgun verður í nánast öllum tegundum framkvæmda. Það eina sem virðist dragast saman eru leyfi til þess að rífa hús og önnur mannvirki. Þetta leiddi af sér að gífurlegt álag var á starfsfólk vegna framkvæmda á þenslutímanum, ekki síst í Fjarðabyggð og erfitt að manna stjórnsýsluna.

12. ÞJÓNUSTA

12.1. Þjónusta á Austurlandi

Í þessum kafla verður fjallað um þá þjónustuþætti er skipta máli fyrir íbúa svæðisins og hvernig bregðast megi við hinum miklu breytingum er eiga sér stað í samfélaginu á Austurlandi. Áhersla var lögð á að skoða breytingar á þjónustu stærstu sveitarfélaganna á miðsvæðinu enda er það þar sem vænta má mestrar fjölgunar íbúa á svæðinu. Byggt er að verulegu leyti á viðtölum við forsvarsmenn sveitarfélaganna.

Í viðtölum við forsvarsmenn Fljótsdalshéraðs kom fram að þeir hafi lagt kapp á að stuðla að uppbyggingu góðrar, almennrar þjónustu og þannig skapa góðar aðstæður fyrir fjölskyldufólk. Ekki síst hafi verið lögð áhersla á að stuðla að uppbyggingu kvennastarfa, m.a. til að búa til störf fyrir maka þeirra sem eru að flytja inn á svæðið vegna atvinnu. Þeir sem eru aðfluttir gera miklar kröfur til þjónustu og hefur sveitarfélagið að sögn lagt sig fram um að mæta þessum kröfum. Sveitarfélagið hafi þó frestað uppbyggingu skólahúsnæðis og annarrar uppbyggingar, nema því nauðsynlegasta þar til eftir að mesta framkvæmdatímabilinu væri lokið. Þannig var metið að nægilegt yrði að setja upp bráðabirgðakennslustofur og yngri börnum var ekið til Eiða í skóla. Nauðsynlegt var hins vegar talið að byggja strax yfir leikskóla. Þessi frestun framkvæmda var m.a. gerð til að minnka niðursveifluna þegar framkvæmdatímabilinu lyki og vegna þess að ákveðin óvissa er um framtíðaríbúafjölgun. Einnig vegna þess að erfitt var að fá hagstæð tilboð í verk á þenslutímanum. Viðbygging við grunnskólann og fleira hófst t.d. á árinu 2007. Fyrir framkvæmdir stóð sveitarfélagið vel að vígi hvað varðar flestalla íþróttaaðstöðu, m.a. vegna uppbyggingar í tengslum við landsmót UMFÍ árið 2001.

Í viðtali við bæjarstjóra Fjarðabyggðar í apríl 2007 kom fram að tvær nefndir hafi verið settar í gang til að vinna að bættri þjónustu við íbúa Fjarðabyggðar. Annars vegar er um að ræða nefnd sem skoðar á hvern hátt megi efla framhaldsskólamenntun í Fjarðabyggð. En það er eitt af því sem fólk metur mikilvægt fyrir búsetu. Hugmynd hefur komið fram um að þessi skóli yrði móðurskóli um yfirfærslu þekkingar á verkferlum og fleiru sem fyrirtækin á svæðinu hafa flutt með sér og sem er mjög frábrugðið því sem tíðkast hefur

á Íslandi. Einnig er nefnd í gangi um hvernig auka megi þjónustu við aldraða í Fjarðabyggð. Hvernig getur fólk elst í Fjarðabyggð við bestu aðstæður.

„Þetta sveitarfélag hefur lagt allt undir. Við fáum tækifæri sem er einstakt og sem er tækifæri sem ekki býðst í öðrum sveitarfélögum. Eitthvað sem samfélag, sem búið var að vera í mikilli varnarbaráttu er áfram um að nýta sér. Það er búið, og þess sér auðvitað stað í fjármálum hérna, að menn eru búnir að fjárfesta vonandi til langrar framtíðar í öllum þessum nýju innviðum. Það hins vegar, hvort að það eru réttar fjárfestingar eða ekki, byggist á því hvernig okkur tekst að halda utan um samfélagslegu verkefni, hvernig okkur tekst að halda utan um fólk og hvernig við spyrjumst út sem staður til búsetu hjá þeim sem flytja hingað“. (Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar í viðtali 26. apríl 2007)

Í sama viðtali minnst bæjarstjórinn á starfsmannaþorp Alcoa og Bechtel rétt utan við megin byggðina á Reyðarfirði en samskipti við íbúa þar gengu afar vel á framkvæmdatímanum:

„Starfsmannaþorpið er eitthvað sem hefur vakið slíka virðingu mína að ég held að það eigi að vera félagsfræðilegt og rekstrarlegt umhugsunarefni. Að það sé hægt að hafa, svo missirum skiptir, hátt í tvö þúsund fullfríska karlmenn, sem að vinna þessu samfélagi ótrúlegt gagn án þess að það verði nokkurn tíma árekstur við samfélagið, án þess að það komi upp nokkurt lögreglumál, án þess að það komi upp nokkurt slysamál, án þess að það komi upp nokkur skapaður hlutur. Ég held að þetta sé hlutur til að læra af.“

Margt bendir því til að samskipti erlendra og innlendra á framkvæmdatímanum hafi gengið allvel, sér í lagi í Fjarðabyggð og má væntanlega að stórum hluta þakka það þeirri umgjörð og þjónustu sem í boði var. Ákveðin tvískipting þjónustu og búsetu var greinilega í gangi á framkvæmdatíma sem minnkaði líkur á árekstrum.

12.2. Skólar

Farið var í framkvæmdir í leikskólamállum, byggt var við á Egilsstöðum til að mæta þeirri þörf sem var þegar í upphafi framkvæmda. Sömuleiðis var farið í framkvæmdir í leikskólamállum í Fjarðabyggð til að mæta íbúafjölgun. Þannig var byggður fjögurra deilda leikskóli á Reyðarfirði sem vígður var í desember 2006. Árið 2007 var lokið við byggingu fyrir leikskóla á Fáskrúðsfirði.

Átak var gert á framkvæmdatímanum í að einsetja skóla í bæjum Fjarðabyggðar og var húsnæði þeirra stækkað mikið. Til að mæta fjölgun nemenda á Egilsstöðum var brugðið á það ráð að aka yngri nemendum til Eiða. Byrjað var á stækkun skólans á Egilsstöðum árið 2007. Fjarðabyggð stóð að sinni uppbyggingu á framkvæmdatíma álvers og virkjunar


en Fljótsdalshérað frestaði framkvæmdum á þessu sviði eftir megni þar til að mesti kúfurinn á stórfamkvæmdunum var liðinn hjá, m.a. til að mýkja líklega niðursveiflu í kjölfarið á þeim.

Þær breytingar sem varða framhaldsskóla eru þær helstar, það sem af er framkvæmdatímabilinu, að hafinn er undirbúningur framhaldsskóla eða framhaldsskóladeildar á Reyðarfirði. Ekki er á þessu stigi ljóst um ákvarðanir í þessum efnum. Þessi þróun er reyndar í samræmi við sambærilega þróun á tveimur öðrum stöðum á landinu þar sem svipað háttar til um vegalengdir og samgöngur. Þetta er á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem búið er að byggja framhaldsskóla í Grundarfirði og á norðanverðum Tröllaskaga þar sem áform eru um að byggja upp framhaldsskóla í Ólafsfirði í Fjallabyggð. Samkvæmt viðtölum við forsvarsmenn framhaldsskólanna sem fyrir eru í Neskaupstað og Egilsstöðum eru ákveðnar efasemdir um þörf á nýjum skóla en bent á bætтар samgöngur í staðinn. Þessar raddir eru í raun sambærilegar við þær sem heyrst hafa í Eyjafirði í tengslum við nýjan framhaldsskóla í Fjallabyggð. Í könnun sem gerð var vorið 2007 kom fram að mikill meirihluti íbúa á áhrifasvæðinu er ánægður með sitt aðgengi að framhaldsskólamenntun og litlar breytingar eru sjáanlegar milli kannana 2004 og 2007 nema í tilviki suðursvæðis þar sem þeim fækkar heldur sem eru mjög eða frekar ánægðir

Á Egilsstöðum er í uppbyggingu háskólasetur sem fengið hefur aðstöðu í svokölluðu Vonarlandi og er verið að ná saman þeim stofnunum og einstaklingum sem starfa við rannsóknir og á tilteknum sviðum þjónustu á svæðinu. Þannig er þess vænst að til verði á staðnum nokkuð öflugt starfsumhverfi fyrir þá sem á þessum sviðum vinna og að þetta geti orðið hvati að enn frekari vexti á þessu sviði. Stofnað hefur verið háskólasetur á Hornafirði sem er samstarfsverkefni sex aðila undir forystu Háskóla Íslands og er ætlað að verða rannsóknastöð og starfsvettvangur vísindamanna sem m.a. koma frá samstarfsaðilum setursins, og þannig efla rannsóknasamvinnu milli þeirra stofnana sem glíma við návígi jökla s.s. vegna vegagerðar, hafnargerðar, línulagna, náttúruverndar og almenns umhverfisskipulags. Háskólasetrið tók formlega til starfa í apríl 2002.

Aðgengi að háskólamenntun er einn þeirra búsetuþátta sem fengu slæma útkomu á Austurlandi í könnun sem gerð var vorið 2007, sbr. mynd hér að aftan. Greining á landsvísu sýnir að tvö svæði landsins skera sig úr, þ.e. mestu þéttbýlissvæðin, áhrifasvæði Reykjavíkur og Eyjafjarðarsvæðið. Þetta kemur auðvitað ekki á óvart þar sem háskólar landsins eru flestir á þessum svæðum. Einnig er líklegt að tilvist þriggja háskóla á

Vesturlandi, Vestfirðum og Norðurlandi vestra hafi jákvæð áhrif á svörun á því svæði. Það er samt áhugavert að á Eyjafjarðarsvæðinu skuli vera svo miklu meiri ánægja en á áhrifasvæði Reykjavíkur þegar hafðir eru í huga yfirburðir höfuðborgarsvæðisins á þessu sviði.



Mynd 84. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðgengi að háskólamenntun?

Fræðslunet Austurlands (FNA) var stofnað árið 1998 og með tilkomu þess buðust betri möguleikar til að sækja háskólanám án tillits til búsetu. Í desember 2005 fólu menntamála- og iðnaðarráðuneyti FNA það verkefni að byggja upp Þekkingarnet Austurlands (ÞNA). Í byrjun árs 2006 var svo undirritaður samningur milli 11 aðila á Mið-Austurlandi um stofnun þekkingarseturs sem gæti orðið fyrsti vísir að háskóla á Austurlandi. Þetta felur í sér að endurskipuleggja FNA, auka námsframboð til símenntunar og háskólanáms og að tengja saman og efla rannsóknir á svæðinu. Um 150-200 nemendur stunda fjarnám á Austurlandi.

12.3. Heilbrigðisþjónusta


Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), starfar á átta stöðum á Austurlandi²¹ og er með starfsvæði frá Bakkafirði til Djúpavogs og er aðalskrifstofa hennar á Reyðarfirði. Á öllum þéttbýlisstöðum eru starfræktar heilsugæslustöðvar sem sjá m.a. um sjúkraflutninga og að auki er Fjórðungssjúkrahús á Neskaupstað. Stofnanir með vistrými fyrir aldraða eru á

²¹ Gamla kjördæmaskiptingin

Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Neskaupstað, Seyðisfirði, Vopnafirði, Djúpavogi, Egilsstöðum, Höfn og Breiðdalsvík.


HSA hefur undanfarin ár staðið frammi fyrir samdrætti í þjónustu, lokunum og uppsögnum starfsfólks vegna fjárhagsvanda. Að mati forsvarmanna hennar vantar uppá til að reksturinn geti gengið eðlilega fyrir sig. Samhliða framkvæmdunum á svæðinu hefur álag aukist. Framkvæmdaaðilar hafa þó að einhverju leyti sinnt aðhlyningu sinna starfsmanna með eigin heilsugæslu á framkvæmdarsvæðum, t.d. uppi við Kárahnjúka.

Í úrtakskönnuninni sem gerð var vorið 2007 kom fram talsverð óánægja með heilbrigðiskerfið á mið- og suðursvæðinu. Þegar könnunin var kynnt í upphafi desember 2007 hlaut þetta atriði mikla athygli og urðu ýmsir til þess að taka undir þessar niðurstöður og krefjast úrbóta. Ástæða óánægjunnar var samt ekki sú sama á suður- og miðsvæðum. Í fyrra tilfellinu hafði t.d. reynst erfitt að manna læknastöður á tímabilinu sem könnunin fór fram. Á miðsvæðinu hefur hins vegar verið um mikið álag á heilbrigðiskerfið að ræða á framkvæmdatímanum og þykir íbúum og forsvarmönnum sveitarfélaganna að uppbygging þess hafi ekki fylgt þeirri þróun eftir. Hér á eftir eru birtar myndirnar úr könnuninni 2007 og samanburður við könnunina haustið 2004. Á myndunum kemur berlega í ljós hvað miðsvæðið og suðursvæðið skera sig úr öðrum landslutum með meiri óánægju og þannig áhrifasvæðið í heild. Þrátt fyrir þetta gildir annað um norðursvæðið. Einnig er athyglisvert hvað óánægjan jókst milli ára 2004 og 2007.



Mynd 85. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á heilbrigðisþjónustu? Breyting milli nóvember 2004 og febrúar 2007

Eins og fyrr segir er líklegt að minnkandi ánægja með heilbrigðisþjónustuna stafi að verulegu leyti af því að uppbygging hennar hafi ekki fylgt þeirri mannfölgun sem hefur orðið á svæðinu á undanförunum árum. Þetta er í miklu samræmi við það sem fram kom í viðtölum við forsvarsmenn sveitarfélaga á svæðinu í apríl 2007. Sveitarfélögin hafa þrýst á um úrbætur.



Mynd 86. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á heilbrigðisþjónustu?

Neikvæð afstaða á suðursvæðinu stafar m.a. af því að illa hefur gengið að manna læknisstöður og færri lækna verid til staðar en heimafolk hefur talið nauðsynlegt og mannaskipti tíð. Ánægja með heilbrigðisþjónustu á norðursvæðinu stafar mögulega af nálægð við Akureyri og þá fjölbreyttu heilbrigðisþjónustu sem þar er í boði.

Hjá forsvarsmönnum Fljótsdalshéraðs er mikil áhersla lögð á uppbyggingu heilbrigðisþjónustu. Meðal íbúa er mikil umræða um aðgengi að sjúkrahúsinu á Neskaupstað. Þetta kom m.a. fram í viðtölum sem höfundar tóku við einstaklinga á miðsvæðinu í október og desember 2007. Til að mynda þykir ekki góð sú þjónusta við sængurkonur á Egilsstöðum eða Seyðisfirði að þurfa að fara yfir 2-3 fjallvegi til að fæða börn á sjúkrahúsinu.

„Það var nú haldinn borgarafundur hérna um daginn... Þar kemur náttúrulega fram óánægja íbúanna hérna hvað varðar stefnu heilbrigðismála hér og það var akkúrat það sem ég var að tala um í upphafi, menn vilja fá allt. Menn vilja fá frá fæðingardeild og upp í elliheimili með skurðstofu og öllum pakkanum sko... Þetta eru bara kröfurnar sem nútímamaður gerir“.

Á Egilsstöðum hefur verið tekin frá lóð fyrir sjúkrahús og hjúkrunarheimili og er allþung umræða um uppbyggingu sjúkrahúss þar innan 8-10 ára. Hugmyndin er að byggja upp hjúkrunarheimilið fyrst og skapa með því rými fyrir heilsugæsluna í núverandi húsnæði. Það er starfshópur í gangi um umræðu um breytingar á þessari þjónustu og hefur sveitarfélagið lagt fé til undirbúnings þessara verkefna.

12.4 Almannaþing og löggæsla

Löggluudæmi um allt land hafa verið stækkuð og tók sú breyting gildi í upphafi árs 2007. Sýslumaðurinn á Eskifirði fer nú einnig með stjórn löggluudæmisins á Höfn. Engin breyting varð á embætti sýslumannsins á Seyðisfirði. Fram hefur komið í viðtölum við forsvarsmenn sveitarfélaganna að þeir telji lögsagnarumdæmi löggjunnar orðin of víðfeðm til að sinna vel þeim verkefnum sem upp koma og til að löggjlan geti verið nægilega sýnileg.


Á vef Ríkislöggjóstjóra má sjá afbrotatölfræði og samanburð á fjölda brota í ágúst 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum. Þar kemur fram að milli áráanna 2006 og 2007 fækkaði hegningarlaga- og fíkniefnabrotum en umferðarlagabrotum fjölgaði umtalsvert á Austurlandi. Reyndar eru þessar breytingar í takt við mörg önnur umdæmi á landinu en ýmsar skýringar eru á þessu²².

Afbrot eru og hafa verið fátíð á Austurlandi miðað við landsmeðaltal. Þörf á aukinni löggæslu gæti þó aukist í takt við íbúafjölgun t.d. vegna fleiri samkomna, dansleikja og viðburða. Hlutfallslegur fjöldi afbrota miðað við íbúafjölda er einnig lægstur á Austurlandi á landsvísu og styður enn frekar þá kenningu að brotatíðni sé lág á svæðinu.

Slökkvilið er staðsett í og rekin af öllum sveitarfélögum á Austurlandi en aðeins þau stærstu hafa þjálfaða slökkviliðsmenn. Við álver Alcoa Fjarðaáls hefur verið sett upp ný öryggismiðstöð. Þar er sólarhringsvakt slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og hefur tilkoma álversins því í för með sér aukið öryggi á þessu sviði. Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur umsjón með þjónustu sjúkrabíla á svæðinu.

Í könnun vorið 2007 var spurt um persónulegt öryggi fólks og það er satt að segja athyglisvert að þrátt fyrir þessi miklu umsvif og breytingar á svæðinu, mannfjölgun og hátt hlutfall erlendra ríkisborgara þá siglir svæðið sinn sjó hvað þetta varðar og sker sig ekkert úr öðrum landssvæðum.

²² Sjá nánar skýrsluna á vefslóð: <http://www.loggjan.is/file.asp?id=10349>



Mynd 87. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með persónulegt öryggi? Breyting milli nóvember 2004 og febrúar 2007.

Þetta verður teljast athyglisverð niðurstaða þegar haft er í huga hlutfallslegt umfang framkvæmdanna miðað við stærð þess samfélags sem þær eiga sér stað í.

12.5. Félagsþjónusta og sálgæsla

Að mati forsvarsmanna sveitarfélaganna er ekki hægt að fullyrða um fjölgun mála á sviði félagsþjónustu umfram það sem búast hefði mátt við miðað við þá fjölgun íbúa sem orðið hefur. Umdæmi félagsþjónustunnar og umdæmi barnaverndarnefndar á Fljótshéraði hefur stækkað á sama tíma og framkvæmdirnar hafa staðið yfir og ekki er auðvelt að greina að hve miklu leyti fjölgun mála stafar af því eða auknum íbúafjölda og umsvifum á svæðinu.

Hvað aukið álag á félagsþjónustu varðar var það talið varla merkjanlegt fyrri hluta árs 2007 þegar tekin voru viðtöl við forvarsmenn stærstu sveitarfélaganna. Vísbindingar eru hinsvegar um að álag á fjölskylduna hafi aukist á framkvæmdatímanum enda er jafnan um miklar breytingar á högum flestra að ræða. Þá er eitt þróunarverkefni farið af stað á vegum Fjarðabyggðar sem heitir *Njír íbúar á góðum stað* og er það unnið í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Tekin verða móttökuviðtöl við alla nýja íbúa sveitarfélagsins hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir. Áhersla verður meiri á erlendu íbúana og hugmyndin er að til verði handbók með „best practice“ um hvernig taka eigi á móti nýjum íbúum og virkja þá sem best inn í samfélagið.


Sálgæsla er skylt verkefni og eðli síns vegna er ekki mikið fjallað um það opinberlega, þó er vitað að álag er meira en oft áður. Aðeins hefur verið komið inn á það málefni í viðtölum við bæjarstjórana í Fjarðabyggð og á Héraði. Þar kom fram að eitthvað beri á trosnun fjölskyldubanda og vanlíðan barna vegna aukins álags á foreldra og fjölskylduna almennt. Þetta kann að vera tímabundið meðan mestu framkvæmdirnar gagna yfir en einnig gæti þetta verið varanlegt vegna meira krefjandi starfa.

Aukið álag í sálgæslu tengist fjölda útlendinga og spilar kirkjan stærra hlutverk í lífi þeirra en Íslendinga, ekki síst þegar kemur að þessum þætti samfélagsþjónustunnar. Í Fjarðabyggð var stofnuð kaþólsk kirkja og þangað komu í júlí 2007 þrír munkar frá Slóvakíu sem allir tala pólsku og íslensku. Þetta er ein merkilegasta viðbótin á þessu sviði og er kaþólska kirkjan því að hjálpa töluvert til á þessu sviði. Yfirlýsta verkefni munkanna er að sinna sálgæslu.

12.6. Tómstundir og félagslíf


Eitt af því sem fram kom í úrtakskönnun vorið 2007 var að á framkvæmdatímanum hafði þátttaka fólks í frístundastarfi minnkað frá könnun haustið 2004. Hefur verið leitt að því líkum að þetta stafi af mikilli og almennri þátttöku fólks í framkvæmdunum. Viðtöl sem tekin voru við einstaklinga á miðsvæðinu renna stoðum undir þetta:

„Það er enginn skemmtistaður og einhvern veginn ekkert af þessari afþreyingu sem að þarf að vera, fólk er svo upptekið við að vinna. Það er ofsalega mikil prósentu bæjarbúa sem að vinna hjá svona verktakafyrirtækjum sem að hafa verið í þessum stórfamkvæmdum uppá fjöllum og niðrá Reyðarfirði og unnið vaktavinnu. Þetta er fólk sem að fer hvorki út að borða, út að skemmta sér, sækir dansleiki, gerir neitt af þessu sem að þarf til að svoleiðis batterí gangi. Áður en að allt þetta fór í gang þá voru hérna 3 pöbbar og 2 samkomustaðir og allt að gerast, þessu var bara lokað núna um leið og þessar framkvæmdir hófust, þetta hefur smám saman dregist saman alveg endalaust.“



Mynd 88. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslífið? Breyting milli nóvember 2004 og febrúar 2007

Athyglisvert er hve miðsvæðið sker sig úr með minni ánægju með félagslífið vorið 2007 eins og kemur fram á næstu mynd. Hafa má ummælin hér að ofan í huga þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar



Mynd 89. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslífið?

Hafa ber í huga að oft eru þátttakendur að svara miðað við stöð mála eins og þeir þekktu hana áður en samfélagið tók að breytast verulega vegna framkvæmdanna. Þannig þarf þetta alls ekki að þýða að félagslífið sé svona mikið slakara á miðsvæðinu en á öðrum svæðum landsins.

Neikvæð afstaða gagnvart aðstöðuleysi fyrir skemmtanir kom m.a. fram í frétt blaðsins 24 stundir (Ægir Þór Eysteinnsson, 2008) en þar er Egilsstöðum líkt við svefnbæ m.a. vegna aðstöðuleysis fyrir skemmtanahald. Viðmælandi blaðsins á Egilsstöðum óttast að ungt fólk festi ekki rætur í sveitarfélaginu við óbreytt ástand í þessum málum.

Íhugunarefni er að fólk telji vanta afþreyingu af þessu tagi, e.k. skemmtistað vanti a.m.k. á Egilsstöðum fyrir ákveðinn hóp samfélagsins. Þessi skoðun kom einkum fram meðal þeirra yngri í hópi viðmælenda. Með hliðsjón af því að um fjölgun er að ræða í þessum hópi samfélagsins með aðflutningi fólks til að taka þátt í framkvæmdunum og afleiddri starfsemi, má ljóst vera að hér er um atriði að ræða sem taka þarf til skoðunar hjá forsvarsmönnum sveitarfélaganna. Kannanir á búferlaflutningum, t.d. Stefán Ólafsson (1997) hafa bent til þess að margvísleg þjónusta sem tilheyrir stærra þéttbýli höfðar til fólks, þetta er ein tegund slíkrar þjónustu. Ef þessi þjónusta er í boði eykur það væntanlega aðdráttarafl svæðisins og veldur því að svæðið getur betur haldið í þá íbúa sem kynnu að huga að búferlaflutningum annað. Hér gæti verið þörf úrbóta á svæðinu.


12.7 Almenn verslun og þjónusta

Fjölbreytni hefur aukist mikið í verslun og þjónustu á miðsvæðinu í tengslum við uppbygginguna þar og fjölgun íbúa. Fjölmennara svæði stendur undir aukinni fjölbreytni á þessum sviðum²³. Sömu sögu er ekki að segja af suðursvæðinu og þar kom berlega í ljós óánægja með þessa hluti í könnuninni 2007.

Illa gekk í smásöluverslun á Höfn þegar könnunin var gerð og tveimur verslunum hafði verið lokað (Krónan og 11-11). Þar með var orðið afar langt í næstu lágvörverslun á Egilsstöðum²⁴. Á norðursvæðinu hefur ánægja aukist talsvert og eins og spurningin hljóðar er átt við byggðarlagið þar sem viðkomandi býr. Vera kann að einhverjir túlki þetta sem svo að einnig sé átt við þjónustu sem hægt er að sækja til nálægra staða s.s. til Eyjafjarðarsvæðisins.


²³ Sbr. t.d. Central Place Theory sett fram af Walter Christaller.

²⁴ Sjá fréttir á heimasíðu sveitarfélagsins Hornafjarðar, <http://www.hornafjordur.is/frettir/2006/05/02/nr/3458> og <http://www.hornafjordur.is/frettir/2007/01/05/nr/4111>



Mynd 90. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á almennri verslun/þjónustu? Breyting milli nóvember 2004 og febrúar 2007

Tvö helstu þéttbýlissvæðin, áhrifasvæði Reykjavíkur og Eyjafjarðarsvæðið bera höfuð og herðar yfir önnur landsvæði.



Mynd 91. Ef þú hugsar um það byggðarlag þar sem þú býrð núna, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framboð á almennri verslun/þjónustu?

Þessi svæðisgreining sýnir jafnframt að miðsvæðið er það svæði sem lendir í þriðja sæti á landinu í þessari svæðisskiptingu og er líklegt að þar sé um að ræða jákvæð áhrif af framkvæmdunum og þeirri mannfjölgun sem hefur orðið á svæðinu þrátt fyrir að

greining á breytingum 2004-2007 geti ekki leitt það í ljós þar sem fyrri könnunin fór fram nokkru eftir að framkvæmdirnar hófust eins og minnst er á hér að ofan.

12.8. Samantekt um þjónustu

Á sumum sviðum er og hefur verið unnið mikið að því að bæta þjónustu s.s. á sviði skólamála. Svo virðist sem uppbygging flestra þjónustuþátta taki mið af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað á svæðinu, þ.e. auknum mannfjölda og efnahagslegum umsvifum. Þjónusta sem miðar að aðlögun aðfluttra íbúa er meðal nýs þjónustuframboðs á miðsvæðinu. Þegar spurt var um ýmsa búsetuþætti í könnun í þessari rannsókn vorið 2007 kom fram að afar misjafnt er milli einstakra þjónustuþátta hver staða þeirra er og ánægja með þróun mála. Áberandi var óánægja með framboð á heilbrigðisþjónustu, aðgengi að háskólamenntun og félagslíf fékk lága einkunn. Þessi viðhorf eiga sér mismunandi skýringar en e.t.v. eiga þau það sammerkt að íbúar hafa gert sér væntingar um meiri breytingar á samfélaginu en raun ber vitni, sérstaklega hvað varðar heilbrigðisþjónustuna þar sem aukinn tímabundinn íbúafjöldi á framkvæmdatíma jók þrýsting á heilbrigðiskerfið. Krafa um aðgengi að háskólamenntun er líklega mjög almenn í samfélaginu. Ánægja reyndist vera með aðgengi að almennri verslun og þjónustu á miðsvæðinu en umsvifin aukast í takt við íbúafjölgun og aukin efnahagsumsvif. Lítil ánægja var hins vegar með þennan þátt á suðursvæði þar sem illa gekk í smásöluverslun á þeim tíma sem könnunin var gerð.

13. SAMFÉLAG OG LÍFSSTÍLL

Í áfangaskýrslu I kom m.a. fram að það sem snýr að þeirri upplifun sem fólk hefur af sínu nánasta umhverfi (og sem er oft á tíðum óáþreifanleg) má ráða að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi haft og muni væntanlega hafa mikil áhrif í samfélaginu þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi er mikilvæg sú alda bjartsýni sem virðist hafa farið um samfélagið á Mið-Austurlandi við upphaf framkvæmdanna og sem hefur greinilega haldið áfram á miðsvæðinu. Þessi bjartsýni gæti virkjað sköpunarkraft einstaklinga á svæðinu. Í rannsókn sem framkvæmd var á völdum svæðum á Vesturlandi og Norðurlandi vestra árið 2003 (Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson, 2004) kom m.a. fram að bjartsýni og trú á framtíðina er einmitt veigamikill þáttur til að skýra mismunandi nýsköpunarvirkni á ólíkum landssvæðum.

Hér á eftir verður leitast við að lýsa áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmdanna á það sem kallað er hér samfélag og lífsstíll. Með því er átt við þá þætti í samfélaginu sem telja má með einum eða öðrum hætti einkennandi fyrir samfélagið eða sem eru íbúunum sérlega mikilvægir. Til marks um mikilvægi þessa má nefna að á síðustu árum hefur umfjöllun um áhrif ýmissa menningar- og félagslegra þátta á nýsköpun í atvinnulífi og möguleika einstaklinga og fyrirtækja til nýsköpunar farið vaxandi. Nýsköpunarferlið, rétt eins og allt annað sem byggist á athöfnum manna, mótast þannig af þáttum í félagslegu og menningarlegu umhverfi. Sumir þessara þátta birtast á formlegan hátt í lögum, reglugerðum og öðrum stjórnsýsluferlum sem mynda opinberar leikreglur viðkomandi þjóðfélags, þar á meðal leikreglur viðskipta og atvinnulífs. Aðrir þættir eru hins vegar óformlegs eðlis og birtast í þeim venjum, gildum og viðhorfum sem skapast hafa í tímans rás. Dæmi um slíka óformlega þætti eru óskráðar leikreglur í samskiptum manna, viðhorf manna til hugmynda, hluta og atburða og skoðanir um hvað sé viðeigandi og óviðeigandi hegðun við tilteknar aðstæður. Þessir óformlegu þættir eru sá „andi“ sem ríkir í viðkomandi þjóðfélagi eða samfélagi.

13.1. Samfélagsandi og nýsköpunarstarf

Í rannsókn sem framkvæmd var á völdum svæðum á Vesturlandi og Norðurlandi vestra árið 2003 sýndu Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson (2004) fram á að bjartsýni og trú á

fram tíðina er einmitt veigamikill þáttur til að skýra mismunandi nýsköpunarvirkni á ólíkum landssvæðum. Það virðist með öðrum orðum skipta máli að efla fólki trú á fram tíðina en þó ekki síður að afla þeirri hugmynd fylgis í samfélaginu að breytingar séu af hinu góða.

Í áfangaskýrslu I kom skýrt fram að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi haft og muni væntanlega hafa mikil áhrif í samfélaginu þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi er mikilvæg sú alda bjartsýni sem virðist hafa farið um samfélagið á Mið-Austurlandi við upphaf framkvæmdanna og sem hefur greinilega haldið áfram á miðsvæðinu. Þessi bjartsýni gæti virkjað sköpunarkraft einstaklinga á svæðinu.

Hefðbundnar hugmyndir um nýsköpun í atvinnulífi hafa á seinni árum verið gagnrýndar nokkuð sökum þess að hinum félagslega þætti nýsköpunarstarfsins er ekki gefinn nægilegur gaumur. Með hinum félagslega þætti er hér átt við þau áhrif sem samskipti þess sem stendur að nýsköpuninni við aðra aðila í umhverfinu hafa á nýsköpunarstarfið (Asheim og Cooke, 1999; Cooke og Morgan, 1998; Morgan, 1997). Umræða um mikilvægi hins svokallaða nýsköpunarumhverfis kom fram seint á níunda áratugnum. Í þeirri umræðu var lögð áhersla á það mikilvæga hlutverk sem samskipti og tengsl fyrirtækja við ýmsa aðila í umhverfi þeirra gegnir. En jafnframt þau áhrif sem venjur og aðrir menningarlegir þættir í umhverfinu hafa á nýsköpun fyrirtækja og einstaklinga (Reigado, 1997). Reigado (1997, bls.144) setti fram eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu nýsköpunarumhverfi: „*Nýsköpunarumhverfið er söguleg afurð sem mótast af staðbundnu gildismati, menningu og venjum og af þeim frumkvöðlaanda sem birtist í vilja viðkomandi samfélags til að taka þátt í nýsköpun eða taka áhættu*“. Þessi skilgreining lýsir því sjónarmiði að ýmsir óformlegir þættir í menningu og félagsgerð samfélagsins gegni mikilvægu hlutverki í að móta hið svokallaða nýsköpunarumhverfi. Þessir þættir geta haft hamlandi eða hvetjandi áhrif bæði á nýsköpunarvirknina og á líkurnar á því að nýsköpunarferlið þróist í átt að settum markmiðum (Malecki og Oinas, 1999; Morgan, 1999; Reigado, 1997). Fram kemur í ýmsum fræðiritum og niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið víðs vegar á Vesturlöndum að þessir óformlegu þættir í félagsgerð og menningu hafi oftast en ekki sterk áhrif á nýsköpunarumhverfi landsbyggðarsamfélaga (sjá t.d. Bryant, 1989; Cécora, 1999; Malecki, 1990; Polèse and Shearmur, 2002). Þetta helgast meðal annars af því að í landsbyggðarsamfélögum eru sumar hefðir og venjur mjög rótgrónar. Þetta á meðal annars við hugmyndir um hlutverk einstaklinga eða ákveðinna hópa innan samfélags, s.s. hvað varðar þátttöku í atvinnurekstri. Sterk staða eða hlutverk ákveðinna hópa, ákveðinna atvinnuvega eða jafnvel ákveðinna fjölskyldna eða fyrirtækja getur leitt til

andstöðu gegn breytingum sem mögulega geta raskað stöðu þessara aðila innan samfélagsins. Nýsköpunarkerfi er annað mikilvægt hugtak, sem segja má að runnið sé af sama meiði og hugtakið nýsköpunarumhverfi. Grundvöllur þess hugtaks er sá skilningur að nýsköpun í atvinnulífi, hvort sem lítið er til ákveðinna landssvæða eða landa, sé ekki aðeins byggð á frammistöðu fyrirtækja, stofnana eða annarra skipulagsheilda á viðkomandi svæði heldur einnig á því hvernig aðilar á viðkomandi svæði vinna saman. Þannig megi líkja nýsköpun við lærdómsferli þar sem ný þekking eða hæfni verður til þegar skipulagsheildir, gegnum samskipti við umhverfi sitt, læra að nýta sér fyrirbyggjandi upplýsingar, þekkingu og hæfileika á nýjan hátt (Gregersen og Johnson, 1997). Með nýsköpunarkerfi er því átt við safn þeirra formlegu og óformlegu tengsla sem aðilar eða skipulagsheildir mynda sín á milli til samvinnu, ráðgjafar, þekkingaröflunar eða beinna viðskipta í þeim tilgangi að efla nýsköpun (Maskell, 2001). Aðilar sem gjarna hafa meginhlutverki að gegna í slíkum nýsköpunarkerfum, auk fyrirtækjanna sjálfra, eru háskólar, rannsóknarstofnanir, opinber og einkarekin ráðgjafafyrirtæki, starfsgreina-samtök og ýmis önnur félagasamtök og grasrótahreyfingar.


13.2. Andinn í samfélaginu og hið góða líf

Þegar upp er staðið er hinn endanlegi mælikvarði á gildi álvers- og virkjunarframkvæmdanna á Austurlandi sá hvort þau áhrif sem framkvæmdirnar hafa á líf þeirra sem verða fyrir einhverskonar áhrifum eru jákvæð eða neikvæð. Augljóslega er það afar vandasamt að skilgreina nákvæmlega það sem telja mætti lífsgæði. Óhjálpslegt er hins vegar að reyna með einhverjum hætti að nálgast þær hugmyndir sem íbúar á helstu áhrifasvæðum framkvæmdanna gera sér um lífsgæði eða hið góða líf. Nefna má nokkur hugtök sem telja má að svífi yfir vötnum þegar koma á böndum á umræðu af þessu tagi:

- Lífskjör (standard of living)
- Lífshættir (way of living)
- Lífsskilyrði (living conditions)
- Lífsgæði (quality of life)
- Velferð (physical/social well-being)

Sennilega má færa rök fyrir því að hugtakið lífsgæði hafi hvað almennasta skírskotun og geti fólgið í sér öll hin hugtökin. En vegna þess að það er almenns eðlis þá er það jafnframt vandmeðfarið og um aldir hafa hugsuðir heimsins skeggrætt hvað einkenni gott samfélag og hvað geti talist eftirsóknarvert og gott í lífinu. Fyrr á tímum voru slíkar vangaveltur viðfangsefni heimspekinga á borð við Aristóteles og Emmanuel Kant. Á

seinni tímum hafa þær hins vegar einnig orðið hluti af viðfangsefni félagsvísinda (Diener og Suh, 1997). Segja má að þrjú sjónarhorn séu einkum uppi varðandi það hvað sé til marks um að líf fólks sé gott (Brock, 1993). Í fyrsta lagi má lýsa einkennum hins góða lífs á grundvelli einhverskonar hugmyndafræði sem getur verið af trúarlegum, heimspeki- legum eða jafnvel öðrum toga. Við gætum þannig haldið því fram að hið góða líf sé fólgið í að hjálpa öðrum vegna þeirrar ríku áherslu sem lögð er á slíkt í kenningum kristninnar. Annað dæmi um þetta sjónarhorn getur verið sú fullyrðing Emmanuels Kants að viðmið um rétta og ranga hegðun og þar með um hið góða líf, eigi rætur í rökhugsun. Kjarninn í þessu sjónarhorni er því sá að lífsgæði séu hvorki háð því hvernig fólk skynjar líf sitt né því að hve miklu leyti óskir þess og langanir eru uppfylltar. Í öðru lagi má líta svo á að hið góða líf verði skilgreint með hliðsjón af því að hve miklu leyti óskir og langanir eru uppfylltar. Þá er gengið út frá þeirri forsendu að fólk muni verja þeim bjargráðum sem það hefur á þann veg sem hámarkar lífsánægju. Með hliðsjón af þessu verður mikilvægt við mat á lífsgæðum að skoða að hve miklu leyti fólki er mögulegt að komast yfir þau gæði sem það óskar sér. Í þriðja lagi má skilgreina lífsgæði með hliðsjón af því hvernig fólk skilgreinir aðstæður sínar. Þannig má segja að ef tiltekinn einstaklingur telur að líf sitt sé eins og best veður á kosið sé rétt að ganga út frá að svo sé. Þegar gengið er út frá þessum sjónarhóli er mikilvægt að skoða hvernig fólk upplifir aðstæður sínar.



Mynd 92. Grundvöllur skilgreiningar á lífsgæðum?


Val milli þessara þriggja leiða er ekki augljóst. Að líkindum má segja að hefð sé fyrir því meðal stjórnáráðgjafna að líta helst til þess hvort fólk geti uppfyllt óskir sínar og

langanir og vilji þar með líta til þess að hve miklu leyti fólki er mögulegt að komast yfir þau gæði sem það óskar sér. Þetta sjónarmið leiðir til áherslu á efnahagslega þætti. Hins vegar er slík nálgun augljóslega takmörkuð. Í fyrsta lagi getur hún leitt til ofuráherslu á efnahagslegan vöxt þó slík þróun geti auðveldlega dregið úr lífsgæðum til dæmis með því að draga úr frítíma eða valda umhverfisspjöllum. Í öðru lagi er ekkert víst að fólk verði ánægt þó það fái óskir sínar uppfylltar því fólk getur sóst eftir einhverju sem á grundvelli viðmiða samfélagsins má telja óæskilegt. Í þessu sambandi má nefna rannsókn á taugaboðum (Berridge, 1996) sem bendir til þess að það sem fólk langar í er ekki alltaf það sem veitir því mesta vellíðan. Önnur leið er að leggja útaf hugmyndum um almenn mannréttindi og þá því sem fellur undir félagsleg réttindi. Algengt er að þegar rætt er um mannréttindi sé gerður greinarmunur á tveimur megin sviðum; annars vegar sé rætt um borgaraleg og pólitísk réttindi og hins vegar efnahagsleg og félagsleg réttindi (sjá Evrópuráðið, 2002, bls. 29). Nefna mætti nokkrar ástæður fyrir því að þarna er gerður greinarmunur á en almennt virðist talið að um sé að ræða eðlismun á þessu tvennu. Í því sambandi má benda á hvernig þessi réttindi tengjast hugmyndum um hlutverk ríkisvaldsins. Þegar rætt er um borgaraleg og pólitísk réttindi fela þau oftast en ekki í sér vernd gegn afskiptum ríkisvaldsins á meðan félagsleg réttindi fela í sér kröfu á hendur ríkisvaldinu. Í hugmyndinni um félagsleg réttindi er því falin hugmynd um virkt ríkisvald sem leitast við að ná fram markmiðum um gott samfélag eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Af þessu leiðir að mati margra (sjá t.d. Eide, 1995, bls. 22) að framkvæmd borgaralegra og pólitískra réttinda hafi lagalega skírskotun (og séu í raun framkvæmd af réttarkerfinu með t.d. ákvörðun um refsingu fyrir brot) meðan félagsleg réttindi séu framkvæmd af opinberum aðilum með stefnumótun og stjórnvaldsaðgerðum af ýmsu tagi. Ennfremur, og sem leiðir af þessari tvískiptingu, hefur oft verið litið á borgaraleg og pólitísk réttindi sem algild og óumdeilanleg, meðan félagsleg réttindi séu afstæð. Sú aðgreining sem hér hefur verið lýst milli borgaralegra og pólitískra réttinda, annars vegar og félagslegra (og efnahagslegra) réttinda hins vegar hefur sennilega farið minnkandi og mætti benda á ýmislegt í framkvæmd alþjóðasamninga því til stuðnings. Þrátt fyrir það er ljóst að félagsleg réttindi hafa á sér nokkur mikilvæg einkenni sem rétt er að benda á.

Meðal annars er mikilvæg sú staðreynd að félagsleg réttindi verða ekki skilgreind eingöngu á grundvelli laga, heldur er um að ræða blöndu af löggjöf og stjórnvaldsaðgerðum. Félagsleg réttindi eru þannig að stórum hluta skylda sem lögð er á herðar stjórnvöldum, með jákvæðum hætti, um aðgerðir sem miða að því að tryggja öllum þegnum samfélagsins tilteknar bjargarir. Þegar spurt er í hve miklum mæli fólk nýtur

félagslegra réttinda er verður lykilspurningin: Hvernig er framkvæmd þessara réttinda háttað? Evrópuráðið hefur sett fram skilgreiningu á félagslegum réttindum sem byggist á því að þau miði fyrst og fremst að því að tryggja einstaklingunum í samfélaginu jöfnuð, reisin, sjálfstæði og möguleika til þátttöku.

Með þessa grundvallarþætti að leiðarljósi má svo líta til þeirra þátta sem almennt er viðurkennt að ríkisvaldið (hið opinbera) skuli hlutast til um. Hægt er að stilla því upp á tveimur víddum, annars vegar eftir því hvort um er að ræða efnisleg eða óefnisleg gæði og hins vegar eftir því hvort það snýr að einstaklingnum eða samfélaginu (Mynd 93). Á þennan hátt má setja þeim viðmiðum og gildum sem liggja til grundvallar í mati á breytingum á samfélagi og lífsstíl ákveðinn ramma sem getur tryggt að þeir mæliþættir sem til skoðunar eru mótist ekki um of af gildismati þeirra sem koma að skilgreiningu þeirra og jafnframt að matið nái til allra þátta sem mikilvægt er að skoða.



Mynd 93. Átta svið mannglegrar tilveru sem hið opinbera hlutast til um

13.3. Gögn

Þau gögn sem byggt er á í greiningu á því sem hér er kallað samfélag og lífsstíll eru fyrst og fremst viðtöl við einstaklinga á miðsvæði Austurlands sem ætlað var að kanna þessi áhrif og jafnframt að dýpka skilning á ýmsum öðrum þáttum rannsóknarinnar

Við val á viðmælendum var miðað við að ná til einstaklinga sem búsettir væru í:

- ✓ Sveit.
- ✓ Þéttbýli þar sem atvinnulíf er blanda af frumvinnslu, úrvinnslu og þjónustu.
- ✓ Þéttbýli þar sem atvinnulíf einkennist af frumvinnslu og úrvinnslu.

Í viðtölunum var spurt almennt um búsetuskilyrði og lífsaðstæður viðkomandi, reynsluna af framkvæmdatímanum og væntingar um framtíðina. Viðtölin fóru fram í október og desember 2007 og yfirleitt á heimili eða vinnustað viðmælandans en fyrst og fremst var lögð áhersla á að þau gætu farið fram í næði. Öll viðtölin voru hljóðrituð og þvínæst afrituð frá orði til orðs. Algengt var að viðtölin stæðu í 1-1½ klukkustund og töldu afrituðu viðtalsgögnin um 267 blaðsíður.

Í þessari gagnaöflun er fylgt aðferðafræði eigindlegra rannsókna. Mikilvægt er að hafa í huga að niðurstöðum eigindlegra rannsókna sem byggðar eru á viðtölum sem þessum er ekki ætlað að endurspegla skoðanir almennings eða til að álykta um stöðu mála meðal almennings. Viðtölin veita aðeins sýn á upplifun og túlkun viðkomandi einstaklinga og eru þetta því eins konar dæmi eða svipmyndir sem brugðið er upp. Leggja ber áherslu á að þessir einstaklingar eru ekki fulltrúar einstakra hópa eða hagsmuna. Þeirra er því ekki getið með nafni né geta þeir borið ábyrgð á þeim ályktunum sem dregnar eru af orðum þeirra. Við val á tilvitnunum í þessi viðtöl er leitast við að birta tilvitnanir sem innihalda svör viðmælanda við ákveðnum megin þemum sem viðtölin byggðust á.

13.4. Efnahagsgerð

Tekjur og efnahagur

Áhrif álvers- og virkjunarframkvæmdanna á tekur og efnahag íbúanna eru umtalsverð, sérstaklega á svæðum næst framkvæmdunum. Þetta hefur meðal annars komið fram á þann hátt að „fólk leyfir sér meira“ eins og einn viðmælandi orðaði það. Aukin fjárráð eru þannig sýnileg hinum almenna íbúa. Fólk er duglegra að fara eitthvað í sumarfríinu, pallar eru byggðir við hús og húsinn fá viðhald. En aukinn kraftur og bjartsýni er líka eitthvað sem margir nefna.

Bara kjarkur að búa hér áfram og það væri viss framtíð. Við sjáum töluvert af ungu fólki flytja aftur heim og fjölskyldumeðlimir bara eins og bróðir minn og mágkona sem að bæði voru fædd hér en voru farin í burtu í nám og bæði háskólamenntuð þau ákváðu að flytja aftur hingað. Byrjuðu á því að kaupa sér gamalt hús og eru svo búin að byggja í allri þenslunni. Þannig að það er dálítið mikið af svoleiðis krökkum, svona ungu fólki sem að hefur komið aftur heim.

Aukin bjartsýni og þor hefur svo haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á fyrirtæki og atvinnurekstur á svæðinu. Þeir aðilar sem voru vel undirbúnir og höfðu nægjanlega þekkingu og færni til að fóta sig á framkvæmdatímanum gátu nýtt uppgangstímanna til að efla sín fyrirtæki. Aðrir höfðu hins vegar ekki erindi sem erfiði. Nefna má dæmi um smáfyrirtæki með tvo til þrjú starfsmenn sem á örskömmum tíma höfðu margfaldað umsvif sín og þar sem reynsla eigenda af rekstri og stjórnun var í raun afar takmörkuð. Einn viðmælandi ræddi svo um viðhorf samfélagsins til reksturs fyrirtækja áður en framkvæmdirnar hófust:

Já og það er reyndar reynsla sem ég hef séð úr öðrum dæmum eins og þegar við vorum með [fyrirtækið] að þá var talið að þeir [...] væru bilaðir að ætla sér að vera með [þessa tegund af fyrirtæki] austur á landi, þeir myndu aldrei fá [starfsmenn] eða verkefni.

Margir viðmælendur nefna líka væntingar til rekstrartíma álversins og telja að hin raunverulegu áhrif verði ekki að fullu komin fram fyrr en að nokkrum árum liðnum. Ennfremur hefur á framkvæmdatímanum og þegar álver Alcoa Fjarðaáls hóf rekstur, skapast mikilvægt tækifæri fyrir fólk til að skipta um starfsvettvang. Rekstur álversins hófst líka á sama tíma og mikil áföll dundu yfir í sjávarútvegi. Stöðugleiki virðist því vera eitt af því sem mörgum finnst heillandi við störf í álveri og þá sér í lagi þeim sem hafa upplifað áföll og sviptingar í sjávarútvegi. Í samanburði við stöðuga óvissu um atvinnuástand til margra ára hafa störf í álveri Alcoa Fjarðaáls aðdráttarafl vegna stöðugleikans.

Jú, jú en það er líka það sem við sjáum er að það er töluverð tilfærsla á fólki milli fyrirtækja, fólkið var kannski dálítið bundið og hafði ekki mikið val.

Já en ef að þessar framkvæmdir hefðu ekki verið komnar í gang hér þá hefði fólk farið miklu meira í burtu.

Að lokum má segja um áhrif framkvæmdanna á tekjur og efnahag að framboð á atvinnu hefur verið langt umfram eftirspurn. Allir sem vettlingi geta valdið hafa getað fengið að vinna eins mikið og þeim sýnist.

Sp: Það er þín tilfinning að vinnumarkaðurinn hafi verið svolítið þaninn og hvernig er að fá fólk í vinnu eins og iðnaðarmenn?

Sv: Já mér finnst það. Menn vinna bara eins og brjálæðingar og hafa gerst síðastliðin 4 ár. Það hefur verið alveg síðustu þrjú ár alveg gríðarlega erfitt að fá iðnaðarmenn til þess að gera eitthvað.

Húsnæði og umhverfi

Væntingar fólks í nágrenni framkvæmdasvæðanna um áhrif þeirra á efnahag hefur meðal annars mátt sjá í þróun á húsnæðismarkaði. Um leið og ljóst þótti að framkvæmdirnar myndu í raun verða að veruleika komst hreyfing á húsnæði á Héraði og í Fjarðabyggð og verð tók að hækka. Þessi þróun virðist vera mörgum íbúum mikilvæg staðfesting þess að þeirra samfélag sé að þróast í jákvæða átt. Þetta er í takti við þá hugmynd að ef tiltekið samfélag tapar íbúum þá sé það til marks um að eitthvað sé að og á hinn veginn að samfélag þar sem íbúum fjölgar sé gott samfélag. Hreyfing á fasteignamarkaði og hækkandi verð er íbúum þannig mikilvæg staðfesting á að samfélagið sem þeir búa í sé gott samfélag.

Nei, manni finnst það dálítið fyndið að maður keypti húsið sitt á 6,4 milljónir fyrir [meira en tíu] árum síðan og bara tilhugsunin um að þetta er 140 fermetra einbýlishús, með mjög stóri lóð og á stórkostlegum stað. Eitt af þessum eldri tímburhúsum, við höfum rosalega gott útsýni og ég get ekki ímyndað mér hvað fólk mundi vera til í að borga fyrir það núna. Sambærileg hús sem eru með mjög litla lóð eru að fara á 22 eða 23 milljónir.

En hækkandi fasteignaverð er ekki bara jákvætt. Þeir sem fyrir eru á svæðinu skynja óbeint að hækkandi fasteignaverð gerir svæðið ekki jafn aðlaðandi sem búsetukost fyrir nýja íbúa. Og þeim sem koma nýir inná svæðið finnst á einhvern hátt að þeir eigi ekki að þurfa að greiða sama verð fyrir nýtt hús á Austurlandi og nýtt hús á höfuðborgarsvæðinu.

Viðmælandi: Það er frekar óhagkvæmt fyrir okkur að fá húsnæðisverð upp eins og raunin hefur verið hjá okkur á þetta skömmum tíma.

Sp: Hérna fyrir íbúa?

Sv: Ja bara hérna fyrir austan sko, upp á að fá fólk á svæðið.

Sp: Já finnst þér það?

Sv: Ja það er náttúrulega sko, þegar bæði húsnæði er að hækka útaf batnandi ástandi og verðið er að þrýstast upp vegna aukins lánaframboðs og hækkunarþrýstings frá höfuðborgarsvæðinu. Þá hugsa menn sig náttúrulega tvisvar um þegar þeir eru að fara út í svona bindingu því að vissulega er komið framtíðartækifæri á svæðið en menn vilja alltaf svona hafa lausa löppina þangað til þeir vita hvað þeir ætla að gera.

Margir viðmælendur setja líka fram þá skoðun að ekki hafi verið staðið alveg rétt að uppbyggingu á fasteignamarkaðinum á Austurlandi. Annars vegar hefur fólk áhyggjur af því að fjölbýlishús sem byggð hafa verið séu ekki sú tegund af húsnæði „sem fólk vill hafa á svona stað“ - fólk búi ekki úti á landi til að búa í blokk.

Þetta er eins og hérna, við erum með þrjár blokkir sem að eru byggðar á vafasömum forsendum.

Hér seljast einbýlishúsin eins og heitar lummur. Raðhús og parhús seljast miklu verr heldur en einbýlishús. Ég held að það sé líka svolítið þannig að það er bara of lítil munur á verði á blokkaríbúð eða einbýlishúsi. Þá vill fólk bara einbýlishús, sérstaklega yngra fólk kannski eins og þetta er í Reykjavík eldra fólkið að selja einbýlishúsin og flytja í blokkaríbúðir. Það eru þrjú parhús hér og það eru 3 íbúðir til sölu í þessum parhúsum. Tveir af þessum þremur eru búnir að kaupa sér einbýlishús, vilja selja parhúsin til að fara í einbýlishúsin

Hins vegar eru svo þeir sem eru smeykir um að of geyst hafi verið farið í að byggja íbúðarhúsnæði. Tóm hús og óseldar nýbyggingar sem sjá má dæmi um bæði á Egilsstöðum og á Reyðarfirði vekja hjá mörgum óþægilega tilfinningu um að samfélagið hafi farið framúr sér í væntingum um íbúafjölgun.

Fæða og neysluvara

Áður en framkvæmdirnar á Austurlandi hófust varð mikilvæg breyting í verslun og þjónustu þegar Bónus opnaði lágvöruverðsverslun á Egilsstöðum. Innkoma Bónuss styrkti ótvírætt hlutverk Egilsstaða sem miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi. Með framkvæmdunum verður hins vegar sú breyting að Reyðarfjörður fær verulega aukið hlutverk en án þess að vitað sé með vissu hvort það valdi nokkrum samdrætti á Egilsstöðum.

Það er náttúrulega algjört ævintýri í rauninni og þær verslanir sem eru komnar inn í og miklu betri þjónusta hér var ekkert hægt að versla og Krónan hefur breytt verðlagi hérna á svæðinu og dvergrikið – áfengisverslunin þetta var rosalega lítið og fólk stóð í röð fram á gang en síðan var byggt við Molann áður en að árið var liðið.

Já þjónustan... eftir að það var byrjað á framkvæmdunum þá breyttist þjónustustigið hérna niður á fjörðunum geysilega mikið og verslun hefur færst hérna niður eftir fyrir okkur, við þurfum ekki lengur nema á Reyðarfjörð eftir flestu. Og þar sem... yfirleitt komu fjardabúar svona tvisvar í viku upp eftir að versla upp á Hérað en nú er held ég sjaldan sem menn fara upp eftir. Ég held að þeir hljóti að hafa fundið samdrátt í þessu upp á Héraði sko. Það hlýtur að vera.

En þá má spyrja hvort aukið framboð á verslun heima fyrir hafi dregið úr ferðum fólks á höfuðborgarsvæðið eða til Akureyrar sem sögulega hefur haft mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna gagnvart Austurlandi.

Það held ég ekki fólk gerir sér ennþá helgarferðir til Akureyrar og það er ekki nema 2,5 klst það er mikið farið og verslað þar fyrir jólin og svona þegar fer að vora og svona. Ég hef ekki tilfinningu fyrir því að það hafi breyst mikið [...] þetta að fara í helgarferðir og versla í leiðinni og svona það hefur ekki breyst fólk fer kannski bara meira en það gerði áður.

En aukið framboð af verslun og þjónustu á Egilsstöðum og á Reyðarfirði kemur niður á aðilum sem stundað hafa rekstur á minni stöðum á borð við Stöðvarfjörð. Þar er staða íbúanna áþekk og á svo mörgum minni stöðum á landinu þar sem litlar verslanir, bankaútibú, pósthús og þess háttar hefur lagst af og sækja þarf þjónustuna til næsta bæjar. Svo má að lokum nefna áhyggjuraddir íbúa í Fjarðabyggð um að fyrirtæki sem opnað hafa útibú í bænum á framkvæmdatímanum hljóti að draga úr þjónustu og jafnvel loka þegar þeim er lokið. Með öðrum orðum einhverjir þjónustuaðilar hafi bara komið til að „fleyta rjómann ofanaf“.

Heilsufar og félagslegt öryggi

Ekki verður séð að stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafi haft teljandi áhrif á þjónustu heilbrigðiskerfisins gagnvart íbúum á svæðinu. Hins vegar virðast allir viðmælendur sammála um að bæta verði þjónustu á þessu sviði en ekki hvar það skuli gert. Íbúar á Héraði eru þannig undrandi á að ekki skuli byggt hraðar upp á Egilsstöðum og finnst hugmyndir um Fjórðungssjúkrahús og þjónustu í Neskaupstað til marks um gamaldags hrepparíg (enda í flestum tilvikum sannfærðir um að hin eðlilega staðsetning miðlægrar þjónustu á Austurlandi sé á Egilsstöðum).

Sp: En heldurðu að menn setti sig við það til lengri tíma að það sé ekkert sjúkrahús hérna á Egilsstöðum sem að svona – ja, er talsvert öflugt?

Sv: Svarið við því er nei. Það var nú haldinn borgarafundur hérna um daginn, ætli það séu ekki tveir mánuðir síðan. Þar kemur náttúrulega fram óánægja íbúanna hérna hvað varðar stefnu heilbrigðismála hér og það var akkúrat það sem ég var að tala um í upphafi, menn vilja fá allt. Menn vilja fá frá fæðingardeild og upp í elliheimili með skurðstofu og öllum pakkanum sko. Hver skurðstofa sem getur allt. Þetta eru bara kröfurnar sem nútímamaður gerir.

Sp: Ég er ekki viss um að Norðfirðingarnir yrðu hrifnir af þessu.

Sv: Ja sko, Norðfirðingarnir, þetta á ekkert að vera þeir – við. Það er bara misskilningur, það er bara tímaskekkja. Og að tala um fjórðungssjúkrahús er líka tímaskekkja, þetta er bara bygging með þjónustu og ef við getum sett upp þjónustu sem Norðfirðingar geta sótt þá fara nú menn loksins að skilja þetta, þetta er náttúrulega bara tímaskekkja og það á að leggja niður þennan blessaða bæjaríg.

Aðeins íbúar í Neskaupstað virðast ánægðir með að (það sem að þeirra mati er eða ætti að vera) meginjúkrahús landshlutans er staðsett í Neskaupstað. Íbúar í Fjarðabyggð sem ekki eru búsettir í Neskaupstað ræða hins vegar um mikilvægi þess að efla þjónustu heilsugæslustöðva.

Sp: Hvernig finnst ykkur heilbrigðisþjónustan virka fyrir ykkur [spurt á Fáskrúðsfirði]?

Sv: Það var minnkað, það voru alltaf tímar tvisvar í viku; þriðjudögum og fimmtudögum svo var það minnkað niður í einn dag þannig að við fáum lækni og hjúkrunarfræðing einu sinni í viku og það er búið að endurskipuleggja þetta allt þannig að nú er alltaf vakthafandi læknir á kannski Fáskrúðsfirði eða Reyðarfirði eða Eskifirði. Þannig að ef að við þurfum að sækja utan þjónustutíma, þá getum við þurft að keyra á Eskifjörð, Reyðarfjörð eða Fáskrúðsfjörð. Það er miklu minna öryggi í því heldur en þegar við vorum með lækinn á Fáskrúðsfirði en við erum þó alltaf með vakthafandi lækni. Við getum sagt það. En það er sama með fólk á Eskifirði, það þarf að keyra á Fáskrúðsfjörð eða Reyðarfjörð eftir því hvar vakthafandi læknir er hverju sinni. Og eins þegar lækinn er að koma í útköll, þá getur hann verið að koma frá Eskifirði og hingað og það getur skipt miklu máli ef að það gerist eitthvað alvarlegt.

Í upphafi framkvæmdatímans óttuðust ýmsir að íbúar næst framkvæmdasvæðunum myndu upplifa ákveðna ógn af þeim fjölda aðkomumanna sem þá var ljóst að myndi verða á svæðinu á uppbyggingartímanum. Þetta virðist ekki hafa orðið raunin. Viðhorfum heimamanna til tímabundinna starfsmanna virðist frekar mega lýsa sem vorkunn en ótta. Þannig urðu ýmsir viðmælendur til að kenna í brjósti um útlendinga sem þyrftu að kljást við íslenska veðráttu og aðstæður. Vitaskuld kom „allskonar fólk á svæðið“ eins og einn viðmælandi orðaði það, en það fólk var fyrst og fremst komið til að vinna og í fæstum tilvikum hafði það tíma eða áhuga á að gera neitt annað.

13.5. Félagsgerð

Atvinna og daglegar athafnir

Framkvæmdatíminn hefur ekki aðeins fært íbúum á mið-Austurlandi hærri meðaltekjur heldur fært þeim aukin tækifæri á vinnumarkaði. Miklar breytingar hafa orðið í sjávarútvegi á framkvæmdatímanum og ef engar aðrar breytingar hefðu orðið samhliða hefði sú þróun þýtt að einhverjir íbúar á svæðinu hefðu átt fáa valkosti aðra en flytjast í

burtu. Tilkoma álversins hefur hins vegar gefið þessum einstaklingum nýjan valkost. Fyrir suma þýðir vinna í álveri umtalsverðan akstur til og frá vinnu eins og eftirfarandi ummæli íbúa á Stöðvarfirði bera með sér:

Við erum að verða svolítill svefnbær en ég hugsa að við hefðum orðið ennþá meiri svefnbær ef að fólk hefði ekki haft í eitthvað að sækja á svæðinu. Þetta er þróun sem að er að gerast alls staðar, að þessi litlu samfélög eru að minnka og eiga alltaf erfiðara að með að fóta sig. Nú erum við orðin hluti af stærri heild

Með framkvæmdunum hefur samfélagið komist á hreyfingu í meira en einum skilningi. Ný tækifæri hafa orðið til eins og áður sagði en til að nýta þessi tækifæri þurfa íbúarnir að meðaltali sennilega að aka meira. En samfélagið er líka á hreyfingu í átt til aukinnar miðlægni þar sem atvinna, verslun, þjónusta og afþreying hefur þjappast saman á Egilsstöðum og á Reyðarfirði. Egilsstaðir hafa í mörg ár verið sá staður sem mest hefur vaxið og íbúar þar eiga erfitt með að sjá fyrir sér að staðurinn muni í nánustu framtíð glata því forskoti sem hann hefur haft.

Ja við viljum trú á því að þetta, baráttan hérna uppfrá er að halda þessari stöðu. En maður hefur aðeins fundið fyrir því að Reyðarfjörður hefur aðeins verið að toga en ég held og trúi því að við höldum þessu hérna uppfrá.

Þróunin í átt til aukinnar miðlægni þar sem þjónusta og atvinnutækifæri þjappast saman á Egilsstöðum og Reyðarfirði gerir auknar kröfur til samgöngukerfisins. Við upphaf framkvæmdanna var staðan sú að flestir íbúar á Mið-Austurlandi sóttu vinnu á þeim stað þar sem þeir voru búsettir. Þetta er ólíkt því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu þar sem íbúar sem búsettir eru í jaðri svæðisins sækja vinnu í stórum stíl inná miðju svæðisins. Þannig hefur verið áætlað að ríflega tíundi hver einstaklingur á vinnumarkaði á Selfossi, Akranesi og í Reykjanesbæ sækir daglega vinnu til Reykjavíkur (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004). Hið sama er uppi á teningnum í Eyjafirði þar sem hlutfallslega margir íbúar nágrennasveitarfélaga sækja vinnu á Akureyri (Grétar Þór Eypórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson, 2004). Samfélag þar sem íbúarnir fara daglega eða jafnvel oft á dag milli bæja kallar á allt annarskonar samgöngur en samfélag þar sem slíkar ferðir eru farnar nokkrum sinnum í viku.

Hins vegar ef það væri hægt að fara inn í áttina að Mjóafirði þar ertu bara kominn inn til Norðfjarðar á láglandi og það er bara allt annar hlutur. Svo er nú annað, ef við værum farin að tala um svona sameiginlegan kjarna þá væri bara vegagerðin, eða þjónustan varðandi snjómokstur með þeim hætti og ekkert mál að þetta væri bara opið, mætti segja með 98% líkum 365 daga á ári. En að fara yfir

Oddskaðið, einbíla jafnvel um nóttu um miðjan febrúar, maður hugsar sig tvisvar um. Maður bara kvíðir fyrir.

Upplýsingar

Í smáum samfélögum er aðgengi að upplýsingum í senn bæði mikið og takmarkað. Þetta helgast af því að minni samfélög reiða sig í meira mæli en hin fjölmennari á óformlegar leiðir við öflun og dreifingu upplýsinga. Gagnvart aðkomufólki og nýjum íbúum getur þetta haft þau áhrif að samfélagið virðist lokað eða óaðgengilegt. Þannig er óbeint gert ráð fyrir að allir viti hvert hægt sé að leita og hvernig á að haga málum án þess að upplýsingar séu gefnar formlega.

Sp: Svo hafa einhverjir komið aðfluttir sem að ekki eiga rætur, finnst þér þeir hafa sömu, ja - geta myndað sömu tengingar við staðinn eins og hinir hafa. Uppá, finnst þér nógu mikil fjölbreytni og allt þetta sem að borgarbörn eru vön?

Sv: Nei væntanlega er það ekki, en þau sem ég hef talað við sem hafa komið svona að sem að eru kannski t.d. að vinna hjá Alcoa sem að er greinilega mjög spennandi vinnustaður fyrir marga. Að það er fólk sem er að leita í þetta sem við teljum vera lífsgæði á landsbyggðinni en hvernig tekst í rauninni að tengja það inni samfélagið þannig að þau kynnist einhverju, ég man nú eftir þarna þegar maður flutti til [útlanda] þú kannski upplifðir það líka að maður fékk svona bók velkomin til [bæjarins] þar sem að var í rauninni farið yfir öll svona helstu atriði og hvar hlutirnir voru staðsettir og fleira. Ég held að það sé ekkert svoleiðis í gangi hjá hvorugu sveitafélaginu hvorki hjá Fljótsdalshéraði né Fjarðabyggð.

Aðgengi að upplýsingum snýr líka að fyrirtækjum. Í smáu samfélagi er orðspor og umtal sú vottun sem krafist er áður en viðskipti eiga sér stað. Fyrirtæki sem hefur getið sér góðan orðstír og nýtur trausts í samfélaginu getur átt erfitt uppdráttar í viðskiptum við stórt og alþjóðlegt fyrirtæki á borð við Alcoa Fjarðaál sem gerir kröfur um formlega vottun á tilteknum sviðum og jafnvel gæðakerfi.

Menning

Eins og kannski við er að búast í tiltölulega fámennu samfélagi Mið-Austurlands byggist menning og afþreying að nokkru leyti á frumkvæði einstaklinga og félaga. Sumir viðmælendur hafa áhyggjur af að þetta muni valda nýjum íbúum vonbrigðum; þeim muni einfaldlega ekki þykja nógu mikið um að vera og framboðið fábreytt.

Allavega það sem ég hef heyrt á svona fundi fyrir fólk sem er fætt og uppalíð í Reykjavík og hefur stundað þá afþreyingu sem Reykjavík býður upp á, það á erfitt með að aðlagast hér. En fyrir hina þá finnst þeim þetta æðislegt, bara komið heim aftur.

Mig grunar að þetta verði erfðasti bitinn að kyngja fyrir þetta yngra fólk sem er svona komið upp og búið að eignast tvö, þrjú börn og er milli 25 – 35 ára og því finnst kannski ekki nóg um að vera. Staðirnir eru allir eins, það er ekki neinn sem stendur upp úr.

Aukin umsvif og hraði í samfélaginu samhlíða framkvæmdum við álver og virkjun hefur haft í það minnsta tvennskonar áhrif á menningarlíf á Mið-Austurlandi. Annars vegar hafa einhverjir þurft að draga úr þátttöku í áhugafélögum vegna þess að viðkomandi eru einfaldlega of uppteknir í vinnu. Einnig er umhugsunarvert hvort varasamt sé að starfsmenn í álverinu myndi of sterka félagslega heild.

Fólkið sem hefur skipt um vinnu er rosalega upptekið af nýju vinnunni sinni og nýjum vinnufélögum og öllum þeim pakka. Ég veit það að álverið t.d. heldur rosalega vel utan um starfmannahópinn og þú þarft í rauninni ekkert að taka þátt í samfélaginu heldur.

Önnur afleiðing aukinna umsvifa eru meiri fjárráð og það hafa margir nýtt sér til að ferðast. Það getur hins vegar komið niður á hefðbundnu félagsstarfi.

Þegar þú ert kominn með flug til útlanda og göt í gegnum fjöllin, það er eins og að hleypa beljum út á vorin. Fólk fer gjörsamlega yfir um og t.d. í haust þá var nánast ógerlegt fyrir okkur á fjörðunum að halda saman kór til þess að setja saman hausttónleika vegna þess að annar hver kór meðlimur var hérna; „Heyrðu nei, ég verð í Barcelona næstu helgi og svo bara kem ég ekki fyrir en..“ og önnur hjón voru að fara til Berlínar. Ég meina, það er ennþá út um allt.

Ég held að fólk hafi leyft sér miklu meira, taka sér sumarfrí og fara eitthvað í sumarfríinu heldur en það var. Vinnan var bara miklu meiri og gaf meira í aðra hönd, gaf fólki tækifæri að komast í sumarfrí og annað. Maður sá stóran mun á því af því að maður hafði það á tilfinningunni. Margir sem höfðu aldrei gert neitt fyrir sjálfa sig, bara verið hérna heima eða? eitthvað, þeir fóru til Spánar og annað þannig að fólk hafði greinilega meira á milli handanna.

Menntun

Í rannsókn á búsetuskilyrðum fólks á landsbyggðinni á Íslandi og orsökum búferlaflutninga frá árinu 2002 (Hagfræðistofnun og Bygðarannsóknastofnun, 2003) kom glögglega fram bæði hversu mikilvæg tækifæri til menntunar eru fyrir búsetuskilyrði og að mikilvægi þessa fer vaxandi. Íbúar í dreifðum byggðum gera sér þannig ljósa grein fyrir því að menntun er lykill að margvíslegum tækifærum í lífinu og upplifa jafnframt þann aðstöðumun sem er milli þéttbýlis og dreifbýlis hvað þetta varðar. Margir viðmælendur binda vonir við að vaxandi íbúafjöldi á Austurlandi muni leiða af sér aukin tækifæri til menntunar og þá fyrst og fremst framhaldsskóla- eða háskólamenntunar.

Ef dæma má af þeirri áherslu sem fram kom í áður nefndri rannsókn frá 2002 á mikilvægi þess að ungt fólk geti sótt framhaldsskólamenntun án þess að þurfa að flytjast að heiman er staða íbúa í Fjarðabyggð umhugsunarverð. Framhaldsskóli er í sveitarfélaginu en hann er staðsettur á Neskaupstað sem augljóslega er ókostur fyrir íbúa til dæmis á Stöðvarfirði.

Hann lagði ekki í að fara einn á Norðfjörð þó að [það væri búið að] skipuleggja fyrir hann mjög góðan pakka í rauninni að þá þorði hann ekki að fara einn. Þannig að það spilar auðvitað líka inni og það er svona sjaldnar að menn fari einir eitthvað en þá eru menn að fara eitthvað lengra til. Til Akureyrar eða suður.

Hvað varðar tækifæri til háskólanáms virðist fyrst og fremst horft til aukinna möguleika í fjarnámi. Þar hefur þjónusta aukist síðustu ár.

Sp: En það eru margir í fjarnámi skilst manni?

Sv: Já það er búið að eflast gífurlega mikið og búið að opnast heilmikil leið þar miðað við að komast í nám án þess að þurfa að fara lengra í burtu.

13.6. Samantekt

Af viðtölum við fólk á miðsvæði Austurlands má glögglega ráða hversu mikil áhrif framkvæmdirnar hafa haft á allt mannlíf á þeim svæðum sem næst eru framkvæmdunum. Mikilvægt leiðarstef í ummælum nær allra viðmælenda er sú tilfinning að framkvæmdirnar hafi markað nýtt upphaf fyrir samfélagið. Íbúarnir hafi öðlast trú á eigin framtíð á Austurlandi og kjark til að búa áfram á svæðinu. Þess ber þó að gæta að þessi áhrif eru að mestu bundin við Hérað og Fjarðabyggð. Jafnvel á Stöðvarfirði finnst fólki sem það sé utan þess svæðis þar sem allt er að gerast ef svo má segja. Trúin á bætta afkomu og bjartari framtíð kom fram með sýnilegum hætti nánast um leið og ljóst var að verkefnið var að hefjast. Það komst hreyfing á samfélagið í orðsins fyllstu merkingu. Einhverjir fóru til útlanda, aðrir byggðu sér sólpall eða skjólvegg og enn aðrir hófu (að því er ýmsum fannst) tímabærar endurbætur á húsum sínum.

Almennt á hið sama við hvað þetta varðar bæði á Héraði og í Fjarðabyggð að fólk á báðum stöðum ræðir um þá öldu bjartsýni sem fór um samfélagið við upphaf framkvæmdanna og glæddi þá trú að samfélag á Austurlandi ætti framtíð fyrir sér. Þessi áhrif hafa hins vegar ekki sama tilfinningalega vægi ef svo má segja á þessum tveimur megin svæðum. Þannig skiptir máli að á Héraði hefur verið hægfara fólksfjölgun síðustu áratugi og tilfinningin sem fylgdi upphafi framkvæmdanna því ekki eins sterk um að vörn


hafi verið snúið í sókn eins og greina má hjá íbúum í Fjarðabyggð. Þetta kann að skýra að einhverju leyti þann mismun sem er á hugmyndum fólks á þessum tveimur svæðum um þýðingu framkvæmdanna fyrir framtíðar íbúaþróun á Austurlandi. Íbúar á Héraði virðast þannig ekki trúaddir á að tilkoma álvers í Reyðarfirði muni verða þess valdandi að Egilsstaðir muni glata stöðu sinni sem miðstöð verslunar og þjónustu fyrir allt Austurland. Íbúar í Fjarðabyggð sjá það hins vegar fyrir sér að þessi þróun gæti allt eins orðið.

Þessu tengd er umræða um áhrif framkvæmdanna á verslun og þjónustu. Almennt má segja að verslun á Mið-Austurlandi hafi styrkst verulega á framkvæmdatímanum. Hins vegar má ekki gleyma því að sú þróun var að hluta til hafin fyrir upphaf framkvæmdanna þegar Bónus opnaði verslun á Egilsstöðum árið 2002. Áhrif framkvæmdanna hafa sennilega fyrst og fremst verið þau að styrkja forsendur verslunar á Reyðarfirði.

Aukin umsvif í atvinnulífinu og almennt hækkandi tekjur hafa aukið möguleika íbúa á Mið-Austurlandi á ýmsum sviðum, bæði hvað varðar möguleika til tekjuöflunar og svo til að sækja þjónustu eða afþreyingu. Þróunin hefur hins vegar samhliða orðið í átt til aukinnar miðlægni, það er að segja að til að nýta sér þessa auknu möguleika þurfa íbúar í útjaðri miðsvæðisins (svo sem á Stöðvarfirði) að aka meira en þeir þurftu áður. Þetta er svipuð þróun og átt hefur sér stað annarsstaðar á landinu, til dæmis á Eyjafjarðarsvæðinu og á höfuðborgarsvæðinu.

14. ATVINNUHÁTTABREYTINGAR

Því var spáð í undirbúningsferlinu að framkvæmdir við virkjun og álver og síðan rekstur álversins myndi hafa áhrif á aðrar atvinnugreinar vegna samkeppni um vinnuafli og ýta undir atvinnuháttabreytingar. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið í öðrum greinum atvinnulífsins á Austurlandi á þeim tíma sem liðinn er frá upphafi framkvæmdanna en það er þó ekki ljóst hversu mikinn þátt þær hafa átt í þessum breytingum. Atvinnuháttabreytingar af svipuðum toga eiga sér stað víða um land. Hraði og umfang breytinganna á miðsvæðinu er þó augljóslega afar mikill. Þegar verið var að ganga frá áfangaskýrslu þessari á fyrri hluta árs 2008 hafði Hagstofa Íslands ekki uppfært tölur um fjölda starfandi eftir landshlutum og atvinnugreinum, þær tölur eru nýjastar til frá 2005 sem voru birtar í áfangaskýrslu I. Því var ákveðið að byggja umfjöllun um þennan þátt einkum á fréttafni og viðtalagögnum en í minna mæli á talnaefni. Frekari talnagreining verður látin bíða þar til í lokaskýrslu.



Mynd 94. Fyrri störf 400 starfsmanna Alcoa Fjarðaáls í marsmánuði 2008.

Í marsmánuði 2008 fengu skýrsluhöfundar í hendur óbirt gögn frá Alcoa Fjarðaáli þar sem fram kemur úr hvaða störfum starfsmennirnir koma, en alls var um 400 starfsmenn að ræða. Myndin hér að neðan sýnir hlutfallslegan fjölda starfsmanna sem komu úr hverri atvinnugrein. Stuðst er að hluta til við eldri atvinnugreinaflokkun Hagstofu (ÍSAT 95) en gögnin buðu þó ekki upp á að þeirri flokkun væri fylgt nákvæmlega.

Mynd 94 sýnir að 14% starfsmanna álversins koma úr landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu. Þetta er lítið eitt lægra hlutfall en umfang þessara starfa er á landsvísu²⁵. Þetta bendir ekki til þess að fólk hafi streymt úr þessum atvinnugreinum til að vinna í álverinu. Þær atvinnugreinar sem fólk kemur flest úr eru annar iðnaður og ýmis verslunar- og þjónustustarfsemi en einnig úr öðrum störfum innan þjónustugeirans sem veitti árið 2006 um 59% mannfjöldans atvinnu á landsbyggðinni og um 72% á landinu sem heild. Þannig virðist samsetning mannaflans í álverinu í stórum dráttum fylgja atvinnu-samsetningu landsins alls.

14.1 Sjávarútvegur og fiskeldi

Miklar hræringar hafa orðið í sjávarútvegi, s.s. sameiningar fyrirtækja og vinnslustaða, svo og önnur hagræðing, enda er framleiðni í greininni sífellt að aukast. Ofan á þetta bætist mikil skerðing aflaheimilda og allt leggst þetta á eitt um að minnka þörf á mannafla.

Þann 6. júlí 2007 ákvað ríkisstjórnin að skerða þorskkvótann úr 193 þúsund tonnum fiskveiðiárið 2006-2007 niður í 130 þúsund tonn fiskveiðiárið 2007-2008 vegna slæms ástands stofnsins. Spáð var að aflaverðmæti myndi dragast saman um 9,2 milljarða, útflutningstekjurnar um 16 milljarða og verg landsframleiðsla um 0,8% (Morgunblaðið 2007, 6. júlí). Þessi mikli samdráttur í hefðbundinni undirstöðu atvinnugrein á landsbyggðinni, ýtir að sjálfsögðu undir þær atvinnuháttabreytingar sem eiga sér stað á Austurlandi. Mikið hefur verið um uppsagnir í atvinnugreininni á síðustu misserum og voru þær orðnar um 300 í janúar 2008 (Morgunblaðið 2008, 29. janúar). Austurland hefur ekki farið varhluta af þessu. Þannig ákvað útgerðarfyrirtækið Eskja á Eskifirði t.d. að loka frystihúsi sínu um áramótin 2007-2008 og segja upp 40 manns (Steinunn Ásmundsdóttir 2007, 15. september). Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá því í apríl 2007 voru 22 starfsmanna frystihússins Pólverjar.

²⁵ Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands var hlutfall starfandi fólks á landsbyggðinni í landbúnaði 9,6%, fiskveiðum 6% og fiskvinnslu 5,5% árið 2006.

Á vegum Bygðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna var grennslast fyrir um áhrif þorskkvótaniðurskurðarins á útgerðir og fiskvinnslufyrirtæki. Í svörum minni fyrirtækja í þessum greinum á Austurlandi kom m.a. fram um væntanleg viðbrögð við skerðingunni (Þróunarfélag Austurlands, 2007, óbirt gögn): „[rekstri] sjálfbætt“, „bátum verður fækkað“, „mun minni veiðar yfir vetrarmánuðina (nóv.-apr.)“, „hækkun á þorskkvóta og meiri leiga á aflabeimildum“. Hvað varðar áhrif á afkomu fyrirtækisins voru dæmi um svör: „erfitt að standa við skuldbindingar vegna kvótakaupa og til þess gæti komið að þurfa bætt rekstri“, „mikil tekjuskurðing, tugir milljóna“, „höfum velt því fyrir okkur að selja fyrirtækið, en viljum ekki gefast upp svo auðveldlega“, „þegar stjórnvöld slá öll spil úr hendi er lítið hægt að gera“, „aukin samþjöppun fyrirtækja“. Þessar niðurstöður benda til þess að skerðingin getur haft mikil áhrif á fyrirtækin og að óvissa um framtíð greinarinnar hefur aukist verulega.

Svipaðar niðurstöður er að finna í svörum stærri fyrirtækja en þar kom m.a. fram að viðbrögð við kvótaskerðingunni geti orðið sú að vinnsla verði stoppuð lengur en áður, 4-6 vikur í senn í stað 2-4 vikna. Þá er talið erfiðara að ráða sjómenn til starfa vegna minni tekna. Tekjusamdráttur er áætlaður mikill og þar af leiðandi áhrif á afkomu fyrirtækjanna.

Tvennt stendur upp úr varðandi þessi svör. Annars vegar að tekjur og framboð starfa í greininni eru að dragast saman. Í öðru lagi má sjá að óvissan um framtíðina í þessum rekstri er sífellt að aukast. Hvort tveggja mun líklega virka hvetjandi á fólk að leita sér hófanna um atvinnu annars staðar ef það er í boði.

Áður en fyrrgreindur niðurskurður varð, höfðu þegar átt sér stað ýmsar breytingar í sjávarútvegi. Þannig lokaði Samherji vinnslu sinni á Stöðvarfirði 1. október 2005 og var 32 starfsmönnum sagt upp. (Morgunblaðið 2005, 4. febrúar og 6. júní). Á suðursvæðinu hafði og gengið á ýmsu í atvinnulífinu. Þannig má segja að miklar breytingar á hefðbundnum atvinnugreinum hafi þegar verið í farvatninu og hefðu líklega átt sér stað hvað sem leið álversuppbyggingu á svæðinu.

Í fróðlegri grein Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu (2007, 2. júlí) má sjá greiningu á ástandinu í sjávarútveginum á Austfjörðum nokkrum dögum áður en ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hina mikla skerðingu þorskkvótans lá fyrir, en virtist vera yfirvofandi. Tekin voru þar viðtöl við fjölda manns á svæðinu. Þar kom fram að það eru staðirnir sem fjærst liggja miðju svæðisins sem standa verst og kemur það ekki á óvart miðað við aðrar niðurstöður þessarar rannsóknar. Flestir séu þessir staðir ákaflega háðir kvótaúthlutunum og gengi í sjávarútveginum almennt. Ákveðnar undantekningar væru

Þó staðir sem hefðu byggt hlutfallslega mikið á uppsjávarveiðum²⁶. Krafa um hagræðingu og fækkun bræðsla er þó mikil á því sviði og þannig hefur Samherji ákveðið að loka sinni bræðslu á Seyðisfirði og færa alla bræðsluna á Norðfjörð. Þá kom fram að Fáskrúðsfjörður væri auk þess ekki lengur háður sjávarútvegi á sama hátt og hann var áður þar sem Fáskrúðsfjarðargöng hefðu fært bæinn inn á atvinnusvæði Reyðarfjarðar. Dæmi um hið gagnstæða sé t.d. Bakkafjörður en þar hafi aflí, sem þar var veiddur og unninn, dregist saman um meira en helming á nokkrum árum, staðurinn er fjarri þjónustukjörnum og samgöngur fremur erfiðar. Svipað dæmi um stað sem er í viðkvæmri stöðu er Borgarfjörður eystri.

Samkvæmt viðtölum sem rannsakendur tóku á Austurlandi kom fram að úr sjávarútvegi hafi starfsfólk úr tilteknum sviðum flutt sig um set og hafið störf í álverinu og tengdri starfsemi. Nokkuð ber á að starfsmenn vélaverkstæða hafi sótt í þessi störf sem hafa verið að verða til á svæðinu. Einnig er nokkuð um að vélstjórar hafi gripið tækifærið til að komast í starf við hæfi í landi.

Miklar vonir höfðu verið bundnar við laxeldi á Austurlandi en á ýmsu hefur gengið í þeirri atvinnugrein og í október 2007 var hætt laxeldi á vegum HB Granda o.fl. á Djúpavogi og síðustu löxunum slátrað þar (Steinunn Ásmundsdóttir 2007, 18. október). Átti eldið að geta skapað 18 föst störf og 30 við laxaslátrun.

14.2 Landbúnaður

Í apríl 2007 tóku rannsakendur viðtöl m.a. við starfsmenn Búnaðarsambands Austurlands til þess að fá þá til að leggja mat á áhrif framkvæmdanna við álver og virkjun. Þar kom fram að áhrif framkvæmdanna á landbúnað eru mjög staðbundin og lítil. Fjarlægðir eru miklar og litlir möguleikar á að sækja vinnu af bæ á helstu landbúnaðarsvæðum. Eitthvað er um að bú hafi verið lögð niður í Fjarðabyggð en um þetta séu í raun afar fá dæmi. Sauðfjárrækt er fremur sterk á svæðinu. Almennt er talið að rekstur býlanna sé að batna. Eitthvað hefur verið keypt upp af jörðum á Austurlandi til annars en landsbúnaðar en það er m.a. gert til þess að fá veiðiréttindi. Eitthvað ber á því að kastljós fjölmiðlanna og það að Austurland hafi almennt verið mikið í umræðunni, valdi því að vinsælla sé að kaupa þar jarðir eða lóðir undir sumarbústaði. Sameining afurðastöðva hefur verið mikil á svæðinu og kemur til vegna krafna um aukna stærðarhagkvæmni og framleiðni. Hvað varðar framhaldið með rekstrartíma álversins þá

²⁶ Síðar kom annað áfall sem skók þessa staði þegar loðnuveiði brást í febrúar 2008 og tímabundið loðnuveiðibann var sett á.

álíta sérfræðingarnir ekki að neinn umtalsverður tilflutningur starfa verði úr landbúnaði í álverið. Þetta kemur heim og saman við upplýsingar um fyrri störf starfsmanna álversins, því aðeins 5 af 400 manns eða um 1% komu úr landsbúnaðargeiranum. Ef tilflutningur verður þá töldu viðmælendur það yrði frekar í ýmis afleidd störf. Sérfræðingur á landgræðslusviði nefndi að bændur hefðu minna lagt fyrir sig uppgræðslu á landi þar sem það mikil eftirspurn er eftir starfskröftum þeirra annarsstaðar. Af svipuðum ástæðum mun eitthvað bera á því að minni þróunarvinna sé í gangi í landbúnaði vegna eftirspurnar eftir vinnuafli.

Sérfræðingarnir voru sammála um að þessi mikla uppbygging hefði greinileg áhrif á mannlíf í sveitunum, sérstaða einstakra sveita muni minnka. Þrátt fyrir að það sé utan verkswiðs þessarar rannsóknar þá er ljóst að framkvæmdirnar munu hafa áhrif á einstakar jarðir og afréttir þeirra. Einnig má búast við landbroti við Héraðsflóa vegna minnkaðs framburðar efnis.

14.3 Samantekt um atvinnuháttabreytingar

Samsetning fyrri starfa starfsmanna í álverinu er ekki óáþekkt þeirri sem er í samfélaginu í heild og bendir það til þess að ekki hafi legið straumur fólks úr tilteknum atvinnugreinum inn í álverið. Óhætt er að segja að mikil áföll hafi riðið yfir sjávarútveginn á sama tíma og álverið var að bætast við efnahagskerfið á Austurlandi. Líklega mun neikvæð staða í sjávarútvegi og vinnslu auka aðdráttarafl álversins og afleiddra starfa. Lítil sókn virðist vera í álverið meðal fólks í landbúnaði. Að teknu tilliti til þeirrar neikvæðu stöðu sem sjávarútvegurinn hefur verið í, hefði jafnvel mátt búast við meiri tilflutningi fólks úr atvinnugreininni. Einnig má benda á að eitt helsta umkvörtunarefni fólks á fámennari stöðum landsins hefur verið fábreytni í atvinnulífi, að fleiri stöðum þurfi að renna undir atvinnulífið og auka jafnframt forsendur fyrir afleiddum störfum. Í ljósi slíkrar upplifunar á atvinnulífinu má líta jákvæðum augum á vissar atvinnuháttabreytingar frá frumvinnslunni í átt til iðnaðar- og þjónustusamfélags.

15. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Í þessari áfangaskýrslu kemur skýrt fram að áhrif framkvæmdanna á Austurlandi eru að verulegu leyti bundin við miðsvæði áhrifasvæðisins. Sjá má þessa niðurstöðu í fjölda þeirra áhrifaþátta sem skoðaðir hafa verið í þessari rannsókn. Þetta kemur þó alls ekki á óvart og er í raun það sem margir spáðu fyrir upphaf framkvæmda. Þessi miklu áhrif framkvæmdanna á miðsvæðinu koma fram á fjölmörgum sviðum samfélagsins, bæði hvað varðar efnahagsleg umsvif af öllu tagi og einnig hvað varðar andann í samfélaginu. Um mörg þessara atriða sem eru að breytast er aðeins hægt að afla gagna á meðan framkvæmdirnar ganga yfir. Það er gert með úrtakskönnunum og viðtölum við íbúa og hefur það sýnt sig að mikilvægt er að safna gögnum af þessu tagi til að ná utanum þær breytingar sem eru að eiga sér stað, þannig má í raun hafa fingurinn á púlsinum. Galli við gagnasöfnun sem þessa er þó að svör byggjast á persónulegu mati svarenda eða viðmælenda en eru ekki beinar mælingar á efnislegum þáttum. Á móti kemur að opinber gögn, sem mæla tiltekna þróun í samfélaginu, s.s. tekjur og fjölda starfa eftir atvinnugreinum nýtast ekki jafn vel við rannsóknir sem fara fram á þróun í samtímanum, þar sem talsverður tími getur liðið þar til slík gögn verða aðgengileg fyrir rannsakendur, jafnvel nokkur ár.

Áfangaskýrslan byggir einnig að nokkru leyti á gögnum frá framkvæmdaaðilum, fyrst og fremst Alcoa Fjarðaáli og Landsvirkjun. Talsverð áhersla var lögð á að afla gagna frá þessum aðilum á árinu. Þessi gögn sýna m.a. að starfsmenn álversins koma einkum úr tveimur sveitarfélögum á miðsvæðinu og þá er einnig althyglisvert í hve miklum mæli konur hafa ráðist til álversins sem er afar jákvætt vegna þess að störf fyrir konur hafa átt undir högg að sækja á svæðinu, t.d. vegna samdráttar í fiskveiðum og fiskvinnslu auk tæknibreytinga sem minnka þörfina fyrir mannshöndina.

Hvað varðar starfsmannafjölda við byggingu Kárahnjúkavirkjunar fengust gögn eftir tímabilum sem gefa þokkalega heildarmynd af þróun starfsmannafjöldans við einstaka verkþætti og eftir uppruna starfsmanna. Það sem uppúr stendur hvað það varðar er lágt hlutfall Íslendinga miðað við spár og að það hlutfall hafi farið heldur lækkandi þegar leið á framkvæmdirnar. Ljóst að safna þarf meiri gögnum af þessu tagi til að afla sem mestra

tölfræðilegra upplýsinga um framkvæmdirnar. Það er ekki síst forsenda þess að unnt sé að nota þessa rannsókn til þess að læra af reynslunni af stórframkvæmdunum á Austurlandi vegna annarra sambærilegra framkvæmda í framtíðinni. Þetta var eitt helsta markmið þessarar rannsóknar og verður það haft að leiðarljósi fyrir vinnslu lokaskýrslu verkefnisins á árinu 2009.

Þegar rýnt er í gögn um húsnæðismarkaðinn má sjá að byggt hefur verið heldur meira af húsnæði en spáð var í þessari rannsókn að þörf hafi verið fyrir. Hvort of mikið hafi verið byggt er þó erfiðara að fullyrða um. Væntanlega mun það koma í ljós á árinu 2008 en þá skapast trúlega flest þau afleiddu störf sem munu verða til á svæðinu vegna starfa og hinna efnahagslegu umsvifa sem til verða í álverinu.

Gögn frá Hagstofu Íslands sýna m.a. að íbúafjölgun er takmörkuð við miðsvæðið. Fækkun íbúa á sér stað á norðursvæði og suðursvæði. Vegalengdir eru of miklar til þess að áhrifin nái til þessara svæða. Þannig er staðan hvað þetta varðar svipuð og annarsstaðar á landsbyggðinni utan ákveðinnar seilingarfjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og að einhverju marki Akureyri. Ákveðinnar óánægju hefur gætt meðal íbúa þessara jafnsvæða landshlutans, ekki síst á suðursvæðinu og jafnvel hefur borið á því að framkvæmdunum á Austurlandi hafi verið kennt um hnignun þessara svæða. Sé hins vegar rýnt í tölur um búferlaflutninga kemur í ljós að á suðursvæðinu hefur umfang búferlaflutninga til annarra landshluta verið meira en innan landshluta. Þetta bendir til þess að hefðbundnir búferlaflutningastraumar til suðvesturhornsins séu ennþá ríkjandi þar og að sog þess yfirgnæfi aðdráttarafl miðsvæðisins þrátt fyrir uppsveiflu atvinnulífsins þar. Þrátt fyrir þetta er um að ræða nokkurn aðflutning í sveitarfélögum á miðsvæðinu gagnvart öðrum sveitarfélögum innan landshlutans. Þannig virðist miðsvæðið vera orðið vænlegri búsetuvalkostur en það áður var og hafi það verið markmið framkvæmdanna virðast þau ætla að nást. Gagnasöfnun í þessari rannsókn miðast við að lýsa stöðu samfélagsins í árslok 2008 og má búast við því að ýmislegt eigi eftir að gerast á árinu 2008, fyrsta heila rekstrarári álversins. Lokaskýrsla sem kemur út síðla árs 2009 mun þannig bæta við mikilvægum upplýsingum um þróun samfélagsins þetta lokaár rannsóknarinnar.

HEIMILDIR

Prentaðar heimildir

- Alþingi (2008). *Skýrsla iðnaðarráðherra um kostnað við Kárahnjúkavirkjun, samkvæmt beiðni*. Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.
- Asheim, Bjørn, T. og Philip Cooke. (1999). „Local Learning and Interactive Innovation networks in a global economy“ í Malecki, Edward J. og Päivi Oinas (ritstj.). 1999. *Making Connections. Technological Learning and Regional Economic Change*. Ashgate Publishing Ltd. Aldershot Hants, England.
- Austurglugginn (2007a, 25. október). Kynjahlutfall í álverinu einsdæmi í heiminum. *Austurglugginn*.
- Austurglugginn (2007b, 25. október). Nærri helmingur starfsmanna álversins aðfluttur. *Austurglugginn*.
- Ásdís Jónsdóttir 2006 *Miðhálandi í mótun: náttúra, menning og vísindi við Kárahnjúka*. Meistararitgerð frá Háskóla Íslands.
- Berridge, K., C. (1996). Food reward: Brain substrates of wanting and liking. *Neuroscience and Biobehavioral Reviews* 20, bls. 1-25.
- Björk Sigurgeirsdóttir (2004). *Atvinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins, könnun meðal íbúa Árborgar, Akraness og Borgarbyggðar árið 2004*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Brock, D. (1993). Quality of life in health care and medical ethics bls. 95-132 Í Nussbaum, M. og Sen, A. (ritstj.) *The quality of life*. Oxford, Clarendon Press.
- Bryant, Christopher R. (1989). “Entrepreneurs in the Rural Environment”. *Journal of Rural Studies*. 5(4), 337-348.
- Cécora, James. (1999). *Cultivating Grass-Roots for Regional Development in a Globalising Economy. Innovation and Entrepreneurship in organized markets*. Ashgate Publishing Ltd. Aldershot Hants, England.

- Champion A. G. (1989). *Counterurbanization. The Changing Pace and Nature of Population Deconcentration*. London: Edward Arnold.
- Cooke, P. og Morgan, K. (1998). *The Associational Economy. Firms, Regions, and Innovation*. Oxford University Press. New York.
- Denzin, N. (1970). Strategies of multiple triangulation. Í Denzin, N. (ritsj.), *The research act in sociology. A theoretical introduction to sociological method (297-313)*. New York: McGraw Hill.
- Diener, E. og Suh, E. (1997). *Social Indicators Research* 40 bls. 189-216.
- Eide, A. (1995). Economic, social and cultural rights as human rights, Í Eide, A., Krause, K. og Rosas, A. (ritstj.) *Economic, social and cultural rights*. Dordrecht, Martinus Nijhof.
- Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson (2004). *Samfélagsandi og nýsköpunarstarf, rannsókn á völdum landsbyggðarsvæðum*. Akureyri: Byggingarannsóknastofnun Íslands.
- Evrópuráðið (2002). *Access to social rights in Europe*. Council of Europe Publishing.
- Fjarðabyggð (án ártals). *Þú ert á góðum stað*. Fjarðabyggð: Höfundur.
- Fréttablaðið (2007, 26. ágúst). Starfsmenn óskráðir. Forstjóri Vinnuálagstofnunar segir 20 af 29 starfsmönnum Arnarfells sem lentu í bílslysinu á Bessastaðafjalli hafa ekki verið skráða löglega hér á landi. *Fréttablaðið*, bls. 1
- Gregersen, B. og Johnson, B. (1997). Learning Economies, Innovation Systems and European Integration. *Regional Studies*. 31(5), 479-490.
- Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson (2002). *Sameining sveitarfélaga, áhrif og afleiðingar, rannsókn á sjö sveitarfélögum*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Grétar Þór Eyþórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson (2004). *Eyfirðingar í eina sæng - Mat á sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði í eitt*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Grétar Þór Eyþórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2001). *Karabnjúkavirkjun. Mat á samfélagsáhrifum*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1995). *Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning. Diskussion kring kvinniliga fackföreningar på Island*. Lund: University Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1997). “Valkyrjur eða ambáttir? Sjálfsbjargarviðleitni íslenskra kvenna” Í Kress, H. and Traustadóttir, R. (ritstj.) *Íslenskar kvennarannsóknir*. Reykjavík: Háskóli Íslands Rannsóknastofa í Kvennafræðum.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2001). *Hér liggur fiskur undir steini. Um ábrif tækni á vinnuskipulag og líðan fólks í fiskvinnslu*. Reykjavík: Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar Páll Baldvinsson (2007, 27. ágúst). Fjöldaslys á Austurlandi. *Morgunblaðið*, bls. 6.
- Gunnar Páll Baldvinsson (2007, 28. ágúst). Kjör sumra starfsmanna ekki í samræmi við samninga. *Morgunblaðið*, bls. 1.
- Gunnar Páll Baldvinsson (2007, 29. ágúst). Vinnumálastofnun hótar undirverktökum dagsektum. *Morgunblaðið*, bls. 2.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun (2003). *Fólk og fyrirtaki: Um búsetu og starfskilyrði á landsbyggðinni*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun.
- Hagstofa Íslands (2007). Nokkrir megindrættir í búferlaflutningum 1986-2006. *Hagtiðindi 2007:1*, 13. febrúar 2007.
- Halstaed J. M., Chase R. A., Murdock S. H. og Leistritz, L. F. (1988). *Socioeconomic Impact Management: Design and Implementation*. London: Westview.
- Iðnaðar- og Viðskiptaráðuneytið. (2003). *Mannaflapörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda*. Reykjavík: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson (2005). *Íbúafjöldi og þörf á íbúðarþúsunum á Austurlandi árið 2008*. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun Íslands.
- Kjartan Ólafsson (2005). *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Könnun meðal fólks á Austur- og Norðausturlandi haustið 2004*. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun Íslands.
- Malecki, E. og Oinas, P. (1999). Spatial Innovation Systems. Í Edward J., Malecki og Päivi Oinas (ritstj.). (1999). *Making Connections. Technological Learning and Regional Economic Change*. Ashgate Publishing Ltd. Aldershot Hants, England.

- Malecki, E., J. (1990). Promoting and Inhibiting Factors in the Regional Environmental System Í Hans-Jürgen Ewers og Jürgen Allesch (ritstj.). (1990) *Innovation and Regional Development. Strategies, Instruments and Policy Coordination*. Walter de Gruyter & Co. Berlin.
- Maskell, P. (ritstj.). (2001). *Innovation and learning for competitiveness and regional growth*. Nordregio Report 2001:4. Nordregio. Stockholm.
- Morgan, K. (1997). The Learning Region: Institutions, Innovation, and Regional Renewal. *Regional Studies*. 31(5), 491-503.
- Morgunblaðið (2007, 31. maí). Getum nýtt reynsluna af Impregilo til góðs. *Morgunblaðið*, bls. 26.
- Nýsir hf. (2001). *Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði*. Reykjavík: Reyðarálf hf.
- Nýsir hf. (2002). *A study of the socio-economic impact of the proposed Alcoa aluminum smelter plant in Reyðarfjörður, Iceland*. Reykjavík: Nýsir ltd.
- Nýsir hf. (2002). *Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði*. Reykjavík: Nýsir hf
- Polèse, M. og Shearmur, R. (2002) *The Periphery in the Knowledge Economy. The Spatial Dynamics of the Canadian Economy and the Future of Non-Metropolitan Regions in Quebec and the Atlantic Provinces*. The Canadian Institute for Research on Regional Development. Quebec.
- Reigado, F., M. (1997) Innovation, Technological Transfer and Entrepreneurial Competitiveness. Í Jay Mitra og Piero Formica. (1997) *Innovation and Economic Development*. University-Partnership in Action. Oak Tree Press. Dublin og London.
- Silverman, D. (ritstj.) (1997). *Qualitative Research Theory, Method and Practice*. Sage Publications.
- Steinunn Ásmundsdóttir (2006, 23. nóvember). Fram kom á kynningarfundum að búið er að ráða 200 manns til Alcoa-Fjarðaáls og 256 verða ráðnir 2007. 17 milljörðum varið á Íslandi. Lokið er 90% þjónustusamninga við innlenda aðila vegna byggingar álvers. *Morgunblaðið*, bls. 1.
- Steinunn Ásmundsdóttir (2007, 8. október). Engar viðræður uppi um skaðabætur vegna tafa á orkuafhendingu. *Morgunblaðið*, bls. 24-25.

Steinunn Ásmundsdóttir (2007, 8. október). Starfsmenn Bechtel hverfa úr landi fyrir jóla. *Morgunblaðið*, bls. 25.

Steinunn Ásmundsdóttir (2007, 14. desember). Álverinu skilað til rétttra eigenda. *Morgunblaðið*, bls. 22.

Vífill Karlsson (2007). *Hagvísir Vesturlands. Þróun útsvars árin 2001-2006. Skýrsla nr. 1, 2007*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

Ægir Þór Eysteinnsson (2008, 22. febrúar). Egilsstöðum líkt við svefnbæ. *24 stundir*, bls. 2.

Rafrænar heimildir

Agnes Bragadóttir (2007, 2. júlí). *Er kvótakerfið í núverandi mynd komið í þrot? Firdirnir fjarst Fjarðabyggð í kröggum*. *Morgunblaðið*, gagnasafn.

Anna Karlsdóttir 2006 „Women’s role and situation in the fishery sector in the Eastfjords of Iceland“ in Sloan, Lindis (ritstj.) *Women and Natural Resource Management in the Rural North*. Sótt 25. júlí 2007 frá: <http://www.kun.nl.no/venstre.asp?gruppe=0112>.

Creditinfo Ísland (2008, 25. febrúar) *Gjaldþrot fyrirtækja á Austurlandi*. Tölvupóstur.

Hagstofa Íslands, gagnabrunnurinn www.hagstofa.is

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið (2003, 16. mars). Kynningarfundur um mannaflapörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda fyrir árin 2003-2008 á Hótel KEA Akureyri. Valgerður Sverrisdóttir Iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ávarp á kynningarfundum um mannaflapörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda fyrir árin 2003 – 2008, Hótel KEA, Akureyri, 16. apríl 2003. Sótt 9. desember 2007 frá: <http://www.vidskiptaraduneyti.is/radherra/raedurVS/nr/384>.

Landsnet (2007a, 10. desember). *Framkvæmdum Landsnets á Austurlandi miðar vel*. Sótt 10. desember 2007 frá www.landsnet.is

Landsnet (2007b, 10. desember). *Útbodð AYP-02*. Sótt 10. desember 2007 frá www.landsnet.is

Landsnet (2007c, 10. desember). *Fljótsdalslína 4 spennusett*. Sótt 10. desember 2007 frá www.landsnet.is

- Landsnet (2007d, 10. desember). *Stærstur hluti Fljótsdalslína 3 og 4 risinn*. Sótt 10. desember 2007 frá www.landsnet.is
- Morgunblaðið (2003, 4. janúar). *Á fjórða þúsund nýrra einkablutafélaga*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2005, 4. febrúar). *Víða veikt atvinnuástand þrátt fyrir uppsveiflu*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2005, 6. júní). *Samberji leggur 20 milljónir króna í uppbyggingu smærri fyrirtækja á Stöðvarfirði*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2006, 11. janúar). *Lýstar kröfur í þrotabú Slíppstöðvarinnar nema um 1,4 milljörðum*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2006, 8. október). *Konur fjölmenntu á kvennadegi Alcoa Fjarðaáls*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2007, 5. september). *Impregilo á sumarhúsamarkaðinn*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2007, 6. júlí). *Dorskekvótinn verður 130 þúsund tonn*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2008, 24. janúar). *Landsvirkjun yfirtekur samninga Arnarfells*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2008, 29. janúar). *Uppsagnir í bolfiskvinnslu ná til 300 starfsmanna*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Morgunblaðið (2008, 9. apríl). *Síðasta kerid gangsett í álveri Alcoa*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Steinunn Ásmundsdóttir (2007, 15. september). *Eskja dregur saman vinnslu í frystihúsi*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Steinunn Ásmundsdóttir (2007, 18. október). *Endalok laxeldis á Djúpavogi vonbrigði*. Morgunblaðið, gagnasafn.
- Steinunn Ásmundsdóttir (2007, 21. september). *Auka spennu milli fjórðunga á Kröflulínu 2*. Morgunblaðið, gagnasafn.

Munnlegar heimildir

Ársæll Þorsteinsson, umdæmisstjóri Austurlands fyrir Flugstoðir.

Ásgrímur Ásgrímsson, rekstrarstjóri Samskipa, Egilsstöðum.

Eigindleg viðtöl við 13 ónefnda viðmælendur á miðsvæði Austurlands.

Eiríkur Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs, 25. apríl 2007.

Erna Indriðadóttir, almannatengslafulltrúi Alcoa Fjarðaáls.

Guðmundur Bjarnason, Alcoa Fjarðaáli, Reyðarfirði.

Guðmundur H. Sigfússon, forstöðumaður umhverfissviðs, Fjarðabyggð, 26. apríl 2007.

Guðrún Schmidt, Búnaðarsambandinu, Egilsstöðum, 25. apríl 2007.

Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri, Fjarðabyggð, 26. apríl 2007.

Hörður Þórhallsson, Fjarðabyggð.

Karl Gunnarsson, svæðisstjóri Eimskips, Austurlandi.

Kristinn Ívarsson, byggingaefirlitsmaður, Fjarðabyggð, 26. apríl 2007.

Lulu Andersen, byggingafræðingur, Fjarðabyggð, 26. apríl 2007 .

Ómar Björgólfsson, skipulagsfulltrúi, Fljótshéraðs, 25. apríl 2007.

Rúnar Ingi Hjartarson, Búnaðarsambandinu, Egilsstöðum, 25. apríl 2007.

Rúnar Sigurjónsson, hafnarstjóri, Fjarðabyggð.

Sigurður Ingi Hauksson, deildarstjóri radió og þráðlauss aðgangs hjá Vodafone.

Sigurður Ingi Hauksson, deildarstjóri, radió og þráðlaus aðgangur, Vodafone, 11. desember 2007.

Sigurður Unnar Einvarðsson, deildarsérfræðingur, samgönguráðuneyti.


Sveinn Sveinsson, deildarstjóri, Vegagerðinni Reyðarfirði.

Þorsteinn Hlífarsson, Austfjarðaleið, Fjarðabyggð.


Þórarinn Lárusson, Búnaðarsambandinu, Egilsstöðum, 25. apríl 2007.

VIÐAUKI 1 Fjöldi starfsmanna við Kárahnjúka


Impregiilo, KAR 11 og 14




Arnarfeili, KAR 21, 22 og 23




Fosskraft, KAR 15 - 17




Suðurverk, KAR 12 og 13




Watec, KAR 30




DSD, KAR 36



Keflavíkurverktakar, tengivirki



Keflavíkurvertakar, tengivirki



Silec cable, KAR, 32

